

Bliki

TÍMARIT UM FUGLA

31

DESEMBER 2011





Bliki er gefinn út af Náttúrufræðistofnun Íslands í samvinnu við Flækingsfuglanefnd, Fuglavernd, Líffræðistofnun háskólans og áhugamenn um fugla. Birtar eru greinar og skýrslur um íslenska fugla ásamt smærri pistlum um ýmislegt sem að fuglum lýtur.

Ritnefnd: Guðmundur A. Guðmundsson (ritstjóri), Arnþór Garðarsson, Daníel Bergmann, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Práinsson og Kristinn H. Skarphéðinsson.

Afgreiðsla: Náttúrufræðistofnun Íslands, Urriðaholtsstræti 6-8, 212 Garðabær. – Sími: 590 0500. – Bréfasími: 590 0595. – Netfang: bliki@ni.is.

Áskrift: Ritið kemur út a.m.k. einu sinni á ári. Þeir sem þess óska geta látið skrá sig á útsendingarlista og fá þá ritið við útgáfu. Hvert hefti er verðlagt sérstaklega og innheimt með beiðni um millifærslu (reikningur í Íslandsbanka nr. 0513-14-500367, kt. 480269-5869). Hægt er að leggja greiðslu beint inn á ofangreindan reikning, en gæta verður þess að nafn áskrifanda, kennitala og númer heftis komi fram.

Greinar, sem óskast birtar, skulu sendar ritstjóra *Bliki* á Náttúrufræðistofnun. Höfundar geta fengið 25 sérprent af grein sinni endurgjaldslaust, óski þeir þess. Rafrænt skjal af greininni (PDF) er einnig í boði.

Bliki is published by the Icelandic Institute of Natural History in cooperation with the Icelandic Rarities Committee, BirdLife-Iceland, the Institute of Biology (University of Iceland), and birdwatchers. The primary aim is to act as a forum for previously unpublished material on Icelandic birds, in the form of longer or shorter papers and reports. The main text is in Icelandic, but summaries and figure- and table texts in English are provided, except for some shorter notes.

Editorial board: Guðmundur A. Guðmundsson (editor), Arnþór Garðarsson, Daníel Bergmann, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Práinsson and Kristinn H. Skarphéðinsson.

Circulation: Icelandic Institute of Natural History, Urriðaholtsstræti 6-8, IS-212 Garðabær, Iceland. – Phone: +354-590 0500. – Fax: +354-590 0595. – E-mail: bliki@ni.is.

Subscription: *Bliki* appears at least once each year. Each issue is priced and charged for separately, hence there is no annual subscription. Those wishing to receive future issues of the magazine, will be put on the mailing list. Payment is by an invoice for each issue, payable by international money transfer to account: IBAN IS25 0513 1450 0367 4802 6958 69, SWIFT (BIC): GLITISRE. Please state your name and the issue number, as well as our address: *Bliki*, Urriðaholtsstræti 6-8, IS-212 Garðabær, Iceland. Offers of exchange of bird journals, will be considered.

Articles and contributions should be sent to the editor. Authors of major articles can get 25 reprints, free of charge, if they wish. A digital version of the papers (PDF) is also available to the authors.

© 2011 Bliki – ISSN 0256-4181

Ábyrgðarmaður: Guðmundur A. Guðmundsson.
Umbrot: Gunnlaugur Pétursson / *Bliki*
Myndvinnsla: Daníel Bergmann / *Bliki*
Prentun og bókband: Prentsmiðjan Oddi ehf.

Forsíðumynd – Front cover:
Fýll *Fulmarus glacialis*.
Látrabjarg, V-Barð., 5. júní 2010.
Ljós. Daníel Bergmann.

Note to foreign readers: The Icelandic letters Ðð, Þþ, Ææ, Öö and vowels with an acute accent (Áá, Éé, Íí, Óó, Úú, Ýý) are used in all Icelandic and foreign texts. In the reference lists “HEIMILDIR” Icelandic authors are listed by their first name, as is customary in Iceland.

Fýlabbyggðir fyrr og nú

Frá því á 19. öld og allt fram undir aldamótin 2000 fjölgaði fýl um allt land og nam lönd víða. Á síðasta áratug hefur orðið breyting á og fýlnum er nú að fækka. Hér greinir frá framvindu nokkurra fýlabbyggða á tímabilinu 1983-86 til 2005-09. Á þessu tímabili fækkaði fýl um nær 40% á sunnan- og vestanverðu landinu (frá Ingólfshöfða vestur um í Húnaflóa), en norðan- og austanlands (frá Drangey austur um í Papey) stóð fjöldinn nokkurn veginn í stað.

Inngangur

Fýllinn *Fulmarus glacialis* (1. mynd) er næst algengasti sjófuglinn hér við land á eftir lunda *Fratercula arctica*. Hann verpur í svo til öllum þverhníptum sjávarbjörgum en einnig í lágum eyjum og hvers kyns þverhníptum sjávarbökkum, svo og hamrabeltum í fjöllum, einkum ef þau vita að opnu hafi. Stærstu fýlabbyggðirnar eru í Mýrdal og undir Eyjafjöllum, í Vestmannaeyjum, á utanverðum Vestfjörðum, Miðnorðurlandi og Austfjörðum. Þessar byggðir eru mjög óaðgengilegar og erfitt að telja í þeim. Þótt fýl hafi eflaust fjölgað hér á 19. og 20. öld (Fisher 1952) er lítið um tölur sem sýna hversu ör sú fjölgun var eða hvernig hún gekk fyrir sig. Dreifing fýlsins er einnig slík að erfitt er að fá tölur sem nýtast til samanburðar, nema í vel afmörkuðum björgum.

Stærð íslenska fýlastofnsins hefur ekki verið metin með beinni mælingu, en til þess að fá einhverja hugmynd má til viðmiðunar styðjast við hlutfallslegan þéttleika fýls og ritu *Rissa tridactyla* á sjó. Fýll og rita eru langalgengustu tegundir hvítfugls¹ hér við land. Þessar tegundir ættu að vera álíka sýnilegar í flugtalningum á sjó, en á árunum 1993-1995 var þéttleiki fýls við vestanvert Ísland (vestan 19°V) að meðaltali 6,98 móti 3,37 ritum á ferkílómetra á landgrunninu innan við 400m dýpi, en 1,81 móti 0,83 utan við 400 m dýpi (eða 2,07 og 2,18 fýlar fyrir hverja ritu; Arnbór Garðarsson 1999). Hlutfall geldfugla í stofnunum hefur verið áætlað hjá ritu um 8% og um 31% hjá fýl (Furness 1978). Þegar leiðrétt hefur verið fyrir geldfuglum benda hlutföllin til þess að fýllinn hafi verið 1,6 sinnum algengari en rita, sem var áætluð um 630.000 pör kringum 1985 (Arnbór Garðarsson 1996), og væru fýlspörin þá um 1 milljón alls. Samkvæmt því gæti íslenski fýlastofninn verið um fjórðungur af öllum fýl í N-Atlantshafi (sbr. Tasker 2004).

¹ Sjófuglar greinast í tvo hópa. Í öðrum eru þeir sem kafa til að afla sér ætis og eru yfirleitt dökkir tilsýndar (svartfuglar og skarfar). Í hinum hópnum eru ljósleitir fuglar sem nærast mest úr yfirborðinu og kallast oft hvítfugl í daglegu tali (fýll, máfar, þernur og súla). Þessi skipting kemur við sögu við athuganir og talningar, einkum úr lofti, vegna þess að hvítfugl sést yfirleitt mjög vel á færi og miklu betur en svartfugl og aðrir dökkir fuglar.

Til þess að fá betri heildartölu er nauðsynlegt að telja úrtak úr öllum fýlabbyggðum landsins en það hefur ekki verið gert. Talningar á bjargfugli á undanförunum þremur áratugum náðu til allra svartfugla- og ritubbyggða. Þetta eru svokölluð fuglabjörg, en þau eru há og þverhnípt, frá 20 m í rúmlega 500 m há, en einnig margar úteyjar, klettar og drangar. Í fuglabjörgunum voru einnig taldir fýlar, en þær talningar má nýta til þess að meta breytingar á fjölda fýla á þessu tímabili, þótt heildartöluna vanti. Hér er fjallað um fýlatalningar í björgunum en einnig liggja fyrir gögn um fjölda fýls í ýmsum eyjum í Faxaflóa og Breiðafirði sem verða að bíða birtingar.

Fjölgun fýls og útbreiðsluaukning

Á nítjándu og tuttugustu öld fjölgaði fýl hér á landi. Hann nam land í Færeyjum kringum 1820 og á Bretlandseyjum 1878 en þar hafði hann að vísu orpið áður um langt skeið á eyjaklasanum St. Kilda, sem er djúpt vestur af Suðureyjum. Á 20. öld hóf fýllinn landnám á meginlandi Evrópu (Noregi og Frakklandi) og síðar á Nýfundnalandi (Bjarni Sæmundsson 1936, Fisher 1952, Finnur Guðmundsson 1952, Burg o.fl. 2003).

Elstu ummerki um líklegt fýlsvarp á Íslandi eru eggbrót frá 10. og 12. öld, ákvörðuð til ættarinnar Procellariidae (skrofuætt en af þeirri ætt er fýllinn), sem fundust í fornleifauppgreftri í Selhaga við upptök Laxár úr Mývatni (McGovern o.fl. 2006). Þessar leifar þurfa ekki að þýða að fýll hafi orpið í næsta nágrenni við Selhaga, því að sömu rannsóknir sýndu að Selhagamenn á þessum tíma notuðu margvíslega sjávarfæðu, þar á meðal sjófisk (McGovern o.fl. 2006).

Fyrsta ritaða heimildin um að fýll verpi hér á landi er frá fyrri hluta 17. aldar (Jón Guðmundsson lærði, útg. Halldór Hermannsson 1924). Frásögn Jóns er stutt en gagnröð og bendir ekki til þess að fýll í bjargi teldist til stórtíðinda: „Biargfugla kyn eru hier vj. Ritur. Fijlingur. Og svartfugla kyn 4.“ Jón lærði getur ekki nákvæmlega um varpstaði, en hann þekkti vel til víða um land (Einar G. Pétursson 1998).

Fýls er reyndar getið í eldri heimildum, en þá án skírskotunar til varps, m.a. í Hallfreðar sögu vand-ræðaskálds, þar sem skáldið hallmæli Grísi Sæmingsyni



1. mynd. Fýlar *Fulmarus glacialis*. Þessir eru á brún Stefnis í Látrabjargi í júní-byrjun. Trúlega ungir fullorðnir fuglar að kanna varpstaði. – Arnþór Garðarsson.

í kvæði og segir hann þramma til hvílu svo sem „sílafullur ... fúlmár“, en líkingin gæti bent til þess að skáldið hefði haft spurnir eða náin kynni af fæðuháttum fýls. Fýlingur er nefndur í Íslandslýsingu (*Qualiscunque descriptio Islandiae*), sem eignuð hefur verið Oddi Einarssyni og talin frá um 1590 (Oddur Einarsson 1971, en sjá Lýður Björnsson 1975, Jakob Benediktsson 1977) og Gísli Oddssyni (1917). Í báðum lýsingunum er fýlingur sagður líkjast hvítmáf en sé þakinn dílum.

Fýll er sagður hafa orpið í Kolbeinsey árið 1616 er þeir Hvanndalabræður, Bjarni, Jón og Einar Tómassynir fóru þangað fyrstir manna svo vitað sé (Árni Hjartarson 2005). Eina bitastæða heimildin um þann leiðangur er kvæði séra Jóns Einarssonar (um 1600–1674) sem ort var hálfri öld eftir þessa fræððarför (Jón Þorkelsson útg. 1920). Í Kolbeinseyjarvísu er getið um fýl og fleiri sjófugla á fjórum stöðum: Á rúmsjó (17. vísu) „... að flokkum saman flaug í austur fýlungar og bjargfuglenn, ...“ Að mjög mikið hafi verið af „bjargfýling“ á Kolbeinsey (28. vísu) „... eylands var það efstur balinn alhvítur af bjargfýling, augun feingu hann ekki talinn, eins að sjá og fífubing.“ Um fýl og tvær aðrar tegundir sem þeir bræður veiddu segir (53. vísu) „... langvíurnar veiða og vinna, vænan geirfugl höndla greitt, eggjamagran fýlung finna, fást því ekki við hann neitt.“ Loks segir (55. vísu) um magn veiðinnar „... fermdu skipið, feingu og töldu fugla hundrað eitt og sjö [þ.e. 8 stór hundruð = 960], þorsk og egg þeir þar til völdu.“ Erfitt er að túlka líflega frásögn séra Jóns Einarssonar þannig að ótvírætt sé. Til dæmis er ekki ljóst hvenær ljóðræn nauðsyn ræður orðalagi og hvenær staðreyndir. Orðalagið í 17. vísu „fýlungar og bjargfuglenn“ gæti bent til þess að fýlungar séu ekki taldir vera bjargfugl. Í 28. er svo talað sérstaklega um bjargfýling, eins og sérstök ástæða hafi þótt til að taka fram að þar væri fýll í bjargi, en lýsingin að balinn hafi verið „alhvítur“ minnir meir á setstað ritu *Rissa tridactyla*, sem hvergi getur í vísunum en ætti engu að síður að hafa verið áberandi á Kolbeinsey. Í 53. vísu virðist skýrt að langvíur

Uria aalge voru uppistaðan í fuglveiði þeirra bræðra, kannski veiddu þeir aðeins einn vænan geirfugl *Pinguinus impennis*, og þeir fengust ekkert við fýlinn af því að hann var „eggjamagur“ (=ekki var talið borga sig að drepa fýl á álegutíma? – eða = lítið var um fýlsegg þrátt fyrir að mikið sæist af fullorðnum fugli). Að öllu samanlögðu virðist mega taka Kolbeinseyjarvísu Jóns Einarssonar gildar sem heimild um líklegt fýlsvarp í Kolbeinsey 1616.

Getið er um varp fýls í Grímsey í Jarðabókinni árið 1713 (Árni Magnússon & Páll Vídalín 1943). Þar segir (bls. 317): „Fuglveiðum er so varið, að þeir á áliðnu sumri síga aftur í bjargið eftir fýlingsúnganum, þegar hann er kominn undir flug, hverjum feng þeir eins skifta og eggveiðinni.“ Nicolai Mohr (1786) ferðaðist víða með norðurströnd landsins 1780–81 og tekur fram að fýllinn verpi eingöngu í Grímsey. Jarðabókin geymir hugsanlega aðra tilvísun til fýlsvarps árið 1703, en það er bjargið norðan á Blakknesi (Blakknum) vestan við Patreksfjörð og tilheyrir Hænuvík í Rauðasandshreppi (Árni Magnússon & Páll Vídalín 1938). Þar segir (bls. 318): „Lítilfjörllig eggjatekja, ef sigið er eftir, og hefur leiguliði.“ Í Blakknum er nú mikið fýlsvarp (en ekki annar bjargfugl að hvítmáfi *Larus hyperboreus* undanskildum) og var fýlsvarpið talið mjög stórt, þegar það komst fyrst á skrá, árið 1933 (Bjarni Sæmundsson 1934).

Nokkrar fýlabyggðir, sem nefndar eru fyrst í heimildum frá síðari hluta 18. aldar og snemma á 19. öld hafa verið taldar merki um nýtt landnám (Fisher 1952). Þær gætu þó vel verið miklu eldri, enda engar fyrri heimildir þekktar. Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson (1772, gr. 896 D) geta um fýlsvarp í Reykjaneseyjum (þ.e. Fuglaskerjum eða Eldey og nágrenni) en þeir könnuðu það svæði árið 1755. Árið 1821 varð Frederik Faber (1822) fyrstur fuglafræðinga til að kanna Látrabjarg og telur það í *Prodromus* sínum til athyglisverðustu varpstaða fýlsins ásamt Grímsey, Hafnabergi og Krýsuvíkurbergi. Varla er hægt að skilja þetta öðru vísi en að Faber hafi vitað af eða gert ráð fyrir fleiri varpstöðvum. Faber leggur áherslu á að

2. mynd. Fýlsvarp í Háadrangi við Dyrhólaey í Mýrdal, 26. júní 2007, loftmynd. – *A Fulmar colony on the stack Háadrangur, Dyrhólaey.*
– Arnþór Garðarsson.



fýllinn vilji helst vera á úthafinu og verpi ekki innfjarða, heldur í björgum móti opnu hafi og úteyjum.


Í *Litilli tilvísan um Vestmannaeyja háttalag og bygging* frá því um 1700, sem eignuð er séra Gizuri Péturssyni (1651-1713, en hann var fæddur að Ofanleiti og prestur þar 1687-1713), er ekki minnst á fýl, þótt öðrum bjargfuglum og veiðum á þeim sé ítarlega lýst (Þorkell Jóhannesson 1938, bls. 93-108). Í sama riti (bls. 109-162) er birt enn ítarlegri lýsing, *Útskýringartilraun yfir Vestmannaeyjar* eftir séra Jón Jónsson Austmann (1782-1858, prestur að Ofanleiti 1827-1858) frá árinu 1843 og þar er víða rætt um fýl ásamt öðrum sjófuglum. Þessar tvær lýsingar mætti e.t.v. túlka sem svo að fýllinn hafi raunverulega numið land í Vestmannaeyjum einhvern tíma á því 140 ára tímabili sem skilur að þá Gizur og Jón Austmann. Þess ber þó að gæta að seinni lýsingin er bæði ítarlegri og fjórum sinnum lengri en sú fyrri. Þeir Eggert og Bjarni (1772, gr. 896) telja fýllinn til bjargfugla í Vestmannaeyjum um 1756, án frekari útlistana, sem dregur úr líkum á að hann hafi numið þar land skömmu áður. Faber (1822) reyndi að meta fjölda fýls í Vestmannaeyjum og segir íbúana veiða minnst 20.000 fýlsunga á hverju ári, varpfuglar séu því að lágmarki 40.000 en þeim fjölgi frá ári til árs, enda komist íbúarnir ekki um öll björgin.

Landnám og fjölgun fýls á Suðurlandi, einkum í Mýrdal og undir Eyjafjöllum, er sæmilega vel þekkt (sbr. Fisher 1952 bls. 94-99). Upphafið er skráð af þýska læknum og náttúrufræðingnum Thienemann (1824, bls. 327) sem kom ásamt föruneysi sínu að Höfðabrekku í Mýrdal


24. ágúst 1821 og lýsir atvikum allnákvæmlega (íslensk þýðing höf.): „Við komum því næst að Höfðabrekku, allháum hraunhömrum með bröttum veggjum í átt að sjónum, en aðskildum frá sjónum af aðeins einum áttunda hluta úr mílu breiðum sandi. Á klettunum hafði mjög nýlega sest að stór byggð fýla, sem annars hafa aðeins fundist verpandi í Grímsey, Vestmannaeyjum og fáeinum öðrum sjávardröngum. Ungar þessara fugla, sem verpa egg þegar í byrjun maí, voru enn ekki fleygir; við náðum nokkrum í dúnþúningi með því að hrekja þá af mjóum syllunum með grjótkasti.“ Þessi lýsing Thienemanns er fyrsta heimildin um að fýll hafi numið nýjan varpstað hér á landi. Fyrri heimildir um aðra varpstaði eru einungis fyrstu skráningar.

Varpútbreiðsla og fjölgun fýls á Vestur-, Norður- og Austurströnd landsins er rakin í mjög stuttu máli af Fisher (1952, bls. 99-107) og styðst hann einkum við rit Bjarna Sæmundssonar og heimildarmenn sína, Pálma Hannesson, Þorstein Einarsson og Finn Guðmundsson. Samkvæmt yfirliti Fishers virðist fýllinn yfirleitt hafa byrjað að verpa innfjarða í Faxaflóa og Breiðafirði snemma á 20. öld. Erfiðara er að túlka útbreiðsluna á lítt könnuðum og afskekktum stöðum, svo sem á ystu núpum Vestfjarða, þar sem fýlsins er yfirleitt fyrst getið um leið og fyrsti fræðingurinn skoðar staðinn.

Í okkar heimshluta verpur fýllinn aðallega í Færeyjum og á Bretlandseyjum utan Íslands. Fýllinn nam land í Færeyjum snemma á 19. öld og fjölgaði hratt (Fisher 1952). Á Bretlandseyjum var fýlabyggð mikil á eyjaklasanum St.



3. mynd. Staðir þar sem fýlar voru taldir í bjargfuglatalningum 1983-1986 (Arnbór Garðarsson 1986) og 2005-2009 (Arnbór Garðarsson o.fl. í undirbúningi) og getið er í 1. töflu. – *Cliffs where Fulmars were counted in the birdcliff surveys of 1983-1986 and 2005-2009, see also Table 1.*



4. mynd. Varpútbreiðsla fýls á Íslandi skv. 10x10 km reitakerfi. Rauðir punktar = varp í reit (Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). – *Breeding distribution of Fulmars in Iceland on a 10x10 km grid (IINH, unpubl.).*

Kilda vestur af Skotlandi um 1600, er þar dvaldist kennari að nafni Martin Martin og ritaði bók um dvöl sína. Að öðru leyti varp fýll ekki á Bretlandseyjum fyrr en seint á 19. öld. Hann nam land á Hjaltlandseyjum 1878 og breiddist út um Bretlandseyjar og fjölgaði ört fram undir lok 20. aldar en á síðustu árum hefur orðið vart við stöðnun eða fækkun (sbr. Tasker 2004).

James Fisher (1952) taldi að fýllinn hafi í raun og veru breiðst út frá Íslandi, en nýlegar rannsóknir á erfðaefni benda til þess að ekki sé hægt að útiloka St. Kilda (Burg o.fl. 2003). Hér ber þó að hafa í huga að íslenskar heimildir frá 18. öld eru brotakenndar, en þar eru skráðir varpstaðir eftir því sem náttúrufræðingar finna þá. Mjög mikið af fýl verpur nú á tímum í stórum og afskekktum björgum, þar sem heimildir eru svo til engar, hvorki frá fyrri tímum eða frá seinni árum. Innfjarða og á Suðurlandi er fjölgun fýls og aukin útbreiðsla á 19. og 20. öld eftir sem áður allvel skráð.

Aðferðir

Þessi athugun er byggð á tveimur könnunum sem gerðar voru með um tuttugu ára millibili. Sú fyrri fór fram að mestu á árunum 1983-1986 og sú seinni 2005-2009. Öll helstu fuglabjörg landsins voru könnuð og langflest ljósmynduð, alls 113 km, en þar að auki fjölmargir hólmar og klettur. Markmiðið var að kanna öll fuglabjörg, þar sem svartfugl (langvía, stuttnefja *U. lomvia* og álka *Alca torda*) og rita verpa, og telja í þeim. Fýllinn verpur miklu víðar en þessar tegundir, en hann hefur aðeins verið talinn í stærstu björgunum þar sem rita og fýll verpa hvort innan um annað auk svartfugla. Fýllinn hefur hins vegar yfirleitt ekki verið talinn þar sem svo háttar til að hann er eini sýnilegi bjargfuglinn fremur en á eyjum, svo sem í Faxaflóa og Breiðafirði þar sem hann verpur yfirleitt strjált.

Hér er með örfáum undantekningum byggt á talningum af myndum teknum úr lofti (2. mynd). Hin minni

björg voru ljósmynduð í heild en þau stærstu á völdum sniðum. Aðferðum er lýst af Arnþóri Garðarssyni (1995, 1996, 2006). Í fyrri umferð (1983-1986) voru myndir teknar á miðlungsbreiða litfilmu, 6x6 cm eða 70 mm sem gefur 55 mm breiðan myndflöt, en eftir 2005 hefur verið notuð stafræn tækni. Myndað er úr flugvél, á um 180 km hraða á klst og er flogið nokkru ofar og utan við bjargið þannig að það blasir við. Í fyrri talningunni var talið á gegnumlýstri filmunni undir víðsjá og talin setur auðkennd með nálarstungu á glæra plastfilmu. Nú orðið eru stafrænar myndirnar skoðaðar á tölvuskjá og merkt við talin setur með músinni. Notað er mæliforritið SigmaScan og tölurnar eru teknar sjálfvirk inn í töflureikni.

Fjöldi fýls í varpi er metinn sem fjöldi setra. Hvert setur er þá setstaður eða líklegur varpstaður þar sem 1 eða 2 fýlar sitja. Fýlar sem liggja á hreiðri kúra sig venjulega niður, en makar í heimsókn og geldfuglar sitja fremur reigðir og hreykja sér þar sem hátt ber. Hreiðurstæði eru oft undir misfelli eða í grunnnum holum og geta verið hulin að mestu utan og ofan frá, einkum þegar líða tekur á sumar og gróðurhula eykst.

Fýlssetur í öllum helstu fuglabjörgunum (3. mynd) voru talin um leið og annar bjargfugl. Talningar miðuðust við að svartfugl væri með egg eða unga í bjargi og fóru fram á tímabilinu 1. júní til 15. júlí, þó var talið fyrr á Snæfellsnesi 1983, eða dagana 25.-26. maí. Meðaltal og dreif talningardaga fyrra tímabilið var 2 júní $\pm$ 15 dagar (bil 25. maí - 13. júlí) og seinna tímabilið 1 júní $\pm$ 19 dagar (bil 13. júní - 5. júlí). Fýlssetrum fer fækkandi eftir því sem líður á vorið (Borgþór Magnússon 2008). Sé tekið tillit til árstíma í samanburði milli þessara tveggja árabila koma í ljós nokkur áhrif, en þau eru ekki tölfæðilega marktæk.

Víða hagar þannig til að fýlabbyggðir eru útbreiddar langt út fyrir „eiginleg“ fuglabjörg (sem voru talin í heild) og slíkar byggðir voru yfirleitt ekki taldar. Í flestum þeim fuglabjörgum, sem hér eru til umræðu, er

1. tafla. Fjöldi fýlssetra í nokkrum helstu fuglabjörgum kringum landið á árunum 1983-1986 (Reykjanes 1977) borinn saman við sömu staði 2005-08. – *The number of Fulmar Fulmarus glacialis AOS on some major seacliff sites on the coasts of Iceland.*

Staður <i>Locality</i>	A) 1983-1986				B) 2005-08				B/A	Aðferð* <i>Method</i>
	Alls <i>Total</i>	St.s. <i>SE</i>	n	Ár <i>Year</i>	Alls <i>Total</i>	St.s. <i>SE</i>	n	Ár <i>Year</i>		
1 Ingólfshöfði	3944	--	--	1984	2652	--	--	2007	0,672	1
2 Mýrdalur *	3957	--	--	1984	2441	--	--	2007	0,617	1
3 Vestmannaeyjar alls *	65325	--	--	1983-4	38377	--	--	2006-8	0,587	1
4 Krýsuvíkurbjarg	2860	339	38	1985	1632	281	19	2007	0,571	4
5 Reykjanes *	300	--	--	1977	256	--	--	2006	0,853	1
6 Snæfellsnes	2631	--	--	1983	1936	--	--	2005	0,736	3
7 Látrabjarg	118439	25879	23	1985	77565	16418	25	2006	0,655	2
8 Riturinn	18250	3277	4	1985	12278	1727	9	2007	0,673	2
9 Hælavíkur-Hornbjarg	69306	7818	29	1985	39515	5435	19	2007	0,570	2
10 Bjargabjarg N Fossár	1037	--	--	1983	791	--	--	2007	0,763	1
11 Drangey	3483	--	--	1984	3059	--	--	2007	0,878	1
12 Grímsey	9218	--	--	1983	9984	2016	15	2007	1,083	4,2
13 Mánáreyjar *	359	--	--	1984	452	--	--	2008	1,259	1
14 Rauðinúpur *	1345	--	--	1984	2450	--	--	2008	1,822	1
15 Skoruvíkurbjarg	3288	491	15	1986	2223	350	15	2008	0,676	4
16 Langanes N	3546	--	--	1984	3505	--	--	2006-8	0,988	1
17 Langanes Fontur	2391	--	--	1984	1748	--	--	2006	0,731	1
18 Skrúður	2100	--	--	1984	1599	--	--	2008	0,761	1
19 Papey *	1148	--	--	1984	960	--	--	2008	0,836	1
Samtals	306927				199521				0,650	
1-5 S-strönd – S-coast	76386				45358				0,594	
6-10 V- og NV-strönd – W-, NW-coasts	203663				128183				0,629	
11-14 N-strönd – N-coast	14405				15945				1,107	
15-19 A-strönd – E-coast	12473				10035				0,805	

Aðferðir – Methods. 1) Heildartalning af flugmyndum – *Total counts from aerial photos*. 2) Sniðtalningar af flugmyndum – *Transect counts from aerial photos*. 3) Heildartalning af landi – *Total count on ground*. 4) Sniðtalningar af landi – *Transect counts on ground*.

* Einstakar byggðir á þessum stöðum eru sýndar sér. – *Single breeding colonies in these localities are shown separately.*

fýllinn minnihlutategund sem verpur dreift innan um annan bjargfugl, en myndar sérstakar byggðir þar sem jarðvegur og halli leyfa og er þá gjarnan nágranni lunda. Varpútbreiðsla fýls nær langt út fyrir fuglabjörgin sem hér eru sýnd en verður ekki að öðru leyti til umræðu (4. mynd).

Niðurstöður

Heild

Á árunum 1983-86 töldust alls um 307 þúsund fýlssetur í björgum þar sem talningar voru sambærilegar milli tímabila (3. mynd). Á þessum stöðum voru 199 þúsund setur 2005-08, aðeins 65% af fyrri tölunni (1. tafla). Fækkunin í heild er tölfræðilega marktæk (Wilcoxon parapróf, $n=19$, $P=0,003$). Á sunnan- og vestanverðu landinu, frá Ingólfshöfða vestur og norður um á Skaga, varð marktæk fækkun, og var fjöldinn seinna tímabilið 62% af fyrri tölu (Wilcoxon, $n=10$, $P=0,002$). Norðanlands og austan, frá Drangey austur og suður um í Papey) var breytingin, í 97%, ekki marktæk (Wilcoxon, $n=9$, $P=0,652$).

Einstakir staðir (sbr. 1. tafla)

Í Ingólfshöfða er samfelld fýlabyggð. Þar voru talin um 3900 setur í júní 1984 en tæplega 2700 árið 2007, eða 67% af fyrri tölunni. Fýll var einnig talinn í Ingólfshöfða um miðjan áttunda áratuginn og töldust setrin þá 1834 árið 1974, 2600 árið 1975 og 2304 árið 1977 (Collier 1979).

Í Mýrdal var talið í Reynisdröngum og Dyrhólaey ásamt tilheyrandi dröngum (2. mynd). Alls töldust um 4000 setur í júní 1984 en 2400 (62%) árið 2007. Fækkunin var langmest í Dyrhólaey, en breyting á fjölda var misjöfn milli staða (2. tafla) og því ekki marktæk í pörðu Wilcoxon prófi.

Í Vestmannaeyjum var áætluð heildartala um 65.000 setur 1983-84 og um 38.000 (59%) árin 2006-08. Víðátta byggða, gróðurfar og misjöfn myndgæði valda því að erfitt var að gera fullnægjandi samanburð á þessum tímabilum. Áætluð heildartala frá 2006-08 var fengin með því að sleppa flestum tölum frá Heimaey þar sem gæði talninga voru slök og taka þar einungis með Stóra Örn og Stórhöfða. Auk þess var sleppt nokkrum stöðum þar sem talningu vantaði fyrir annað hvort tímabilið (3.

2. tafla. Fjöldi fýlssetra í einstökum sjávardröngum og Dyrhólaey í Mýrdal. Talið af flugmyndum frá 7. júní 1984 og 24. júní 2007. – *Number of Fulmars in Mýrdalur, coastal stacks and Dyrhólaey: AOS (apparently occupied sites) from low level aerial photographs on 7 June 1984 and 24 June 2007.*

Nr. No.	Staður Site	1984	2007	Breyting Change
2.103	Reynisdrangar	520	232	0,446
2.104	Skessudrangur	0	3	--
2.205	Dyrhólaey	2013	867	0,431
2.206	Háidrangur	710	489	0,689
2.207	Lundadrangur	340	448	1,318
2.208	Máfadrangur	299	322	1,077
2.209	Kambur	65	68	1,046
2.209,1	Skar	10	12	1,200
	Samtals – Total	3957	2441	0,617

3. tafla. Fjöldi fýlssetra í björgum Vestmannaeyja. Fyrri dálkur af flugmyndum frá 7. og 14. júní 1984 (Ellidaey-Hellisey) og 7. júlí 1983 (sker og drangar). Síðari dálkur að mestu eftir myndum frá 21. júní 2006; Stórhöfði, Dalfjall-Klif, Heimaklettur-Ystiklettur, Smáeyjar og Álsey frá 14. júní 2008, Surtsey 24. júní 2007. – *Fulmar AOS in the Vestmannaeyjar in 1983-84 vs. 2005-08, AOS counted from low level aerial photographs in June.*

Nr.-No.	Staður – Site	1983-84	2006-08
3.010	Ellidaey	4226	2544
3.011	Bjarnarey	7118	4270
3.012	Sæfjall-Litlihöfði	968	--
3.013	Stórhöfði	2757	1203
3.014	Ofanleitishamar	626	--
3.015	Dalfjall-Klif	7811	1115
3.016	Stóri Örn	445	498
3.016,1	Latur	--	30
3.017	Heimaklettur-Ystiklettur	15212	6036
3.018	Grasleysa	106	111
3.019	Hrauney	1010	795
3.020	Hani	537	295
3.021	Hæna	707	424
3.022	Jötunn	18	10
3.023	Suðurey	6372	3732
3.024	Álsey	11442	5781
3.025	Brandur	563	353
3.026	Hafnadrangur	60	43
3.026,1	Gyrðisdrangur	1	0
3.027	Máfadrangur	360	132
3.028	Hellisey	3200	2044
3.029	Stóri Geldungur	368	630
3.030	Litli Geldungur	198	30
3.031	Súlnasker	800	760
3.032	Geirfuglasker	350	180
3.033	Surtsey	--	600
3.034	Þrídrangar: Stóridrangur	70	80
3.034,1	Þrídrangar: Klöfadrangur	--	10
3.034,2	Einidrangur	0	1
	Vestmannaeyjar (alls – Total)	65325	38377*

* Útreiknuð tala byggð á töldum svæðum. – *Calculated number based on counted sites.*

4. tafla. Fjöldi fýlssetra í þremur stöðum við Reykjanes. Talið af flugmyndum frá 18. júní 1977 og 21. júní 2006. – *Number of Fulmar AOS on three cliffs at Reykjanes, from low level aerial photographs on 18 June 1977 and 21 June 2006.*

Nr. No.	Staður Site	1977	2006	Breyting Change
4.038	Valahnúkur	66	117	1,773
4.040	Karlinn	74	35	0,473
4.041	Eldey	160	104	0,650
	Samtals – Total	300	256	0,853

tafla). Þess skal getið að fýlatalningar úr lofti eru tæplega samanburðarhæfar við talningar af jörðu eða sjó, en Þorsteinn Einarsson og James Fisher mátu fjölda fýls í Eyjum með könnun á sjó og landi dagana 16. til 19. júní 1949 og fengu út alls 20.788 setur (Fisher 1952, viðauki IV).



Í Krýsuvíkurbergi voru stöðugt um 2700-3000 setur árin 1977, 1985, 1994 og 1999, en hafði fækkað í 2000 (71% af 1985) árið 2005 (Arnpór Garðarsson 2006) og 1600 árið 2007 (57%). Talningar voru strjálar í nokkrum litlum byggðum við Reykjanes. Þar fækkaði fýl milli áruna 1977 og 2006 í Eldey og Karlinum en veruleg fjölgun varð í Valahnúki (4. tafla).

Á utanverðu Snæfellsnesi varð nokkur fækkun (um 26%) frá 1983 til 2005 en breytileiki var mikill milli staða og Wilcoxon próf var ekki marktækt (sbr. Bornaechea & Arnpór Garðarsson 2006).

Margar og mjög stórar fýlabyggðir eru á Vestfjarðakjálkanum og víðast hvar enginn annar bjargfugl. Látrabjarg er trúlega stærsta fýlabyggð landsins. Þar voru um 118.000 setur samkvæmt sniðum mynduðum úr lofti 20. júní 1985 og 78.000 setur 22. júní 2006 (sbr. 1. tafla). Nálægt miðju bjargsins, austan við Geitaskor, hafa myndir verið teknar á jörðu niðri alloft á árunum 1980 til 2009 og fýlssetur talin á 30 m breiðu sniði í ofanverðu bjarginu (5. mynd). Talningar af þessum myndum benda til þess að fjöldi fýls í Látrabjargi hafi verið mikill og nokkuð stöðugur frá 1980 til 1998, fækkun varð svo milli 1998 og 2006. Árið 2009 var fjöldinn enn mjög lítill á sniðinu við Geitaskor. Talning á 25 sniðum í öllu Látrabjargi 19. júní 2009, alls 99.894 setur með staðalskekkju ± 22.171 , bendir til þess að þetta eina snið í Geitaskor hafi ekki nægt til að meta breytingar á varpstofninum í bjarginu. Ástæðan gæti verið að þéttleiki hreiðra sé háður yfirborðsgerð bjargsins sem gæti breyst hratt vegna hruns.

Norðan Ísafjarðardjúps, í Ritnum, voru um 18.000 fýlssetur 3. júlí 1985 en hafði fækkað 19.-20. júní 2007 í um 12.000 (67%). Í Hælavíkurbjargi varð mikil fækkun á þessu tímabili, eða úr 26.106 ± 4218 ($n=15$ snið) í 11.443 ± 1325 ($n=7$), sem er 44% af fyrri tölu. Einnig fækkaði í Hornbjargi, þar voru 37.200 ± 5989 ($n=14$) setur árið 1985 en 24.170 ± 4048 ($n=12$) árið 2007, sem er 65% af tölunni 1985.

Austan við Húnaflóa hefur verið talið á 2 km löngum kafla í Bjargabjargi norðan Fossár á Skaga og 13. júní



5. mynd. Myndasýrpa af fýlatalningarsniði í Geitaskor í Látrabjargi. (a) Yfirlitsmynd úr lofti sem sýnir Geitaskor og háborg fýlsins úr SA, 18. júní 2009. Nokkur kennileiti: Barðið lengst til vinstri, Stóruð hægra megin við miðju, Geitaskor í brúninni lengra til hægri. Örin bendir á talningarsniðið. (b) Séð frá vesturbrún Geitaskorar í Látrabjargi yfir á efsta hluta 30 m breiðs sniðs austan skorarinnar, júní 1991. (c) Fjöldi fýlssetra á 30 m sniði austan í Geitaskor í Látrabjargi 1980-2009. – A series to show census transect Geitaskor in Látrabjarg: (a) general oblique aerial view looking NW along Látrabjarg, Geitaskor transect indicated by arrow; (b) ground view across Geitaskor gully showing top of 30 m wide transect; (c) number of Fulmar sites (AOS) counted on the transect in June 1980-2009. – Arnþór Garðarsson.

5. tafla. Fjöldi fýlssetra í Mánáreyjum og Rauðanúpi 2. júlí 1984 og 13. júní 2008. – Number of Fulmar AOS at Mánáreyjar and Rauðinúpur 2 July 1984 and 13 June 2008.

Nr. No.	Staður Site	1984	2008	Breyting Change
15.132	Lágey	46	127	2,761
15.133	Háey	313	325	1,038
15.136	Rauðinúpur	1118	2020	1,807
--	Sölvanöf	110	200	1,818
--	Karl	117	230	1,966
	Samtals – Total	1704	2902	1,703

6. tafla. Fjöldi fýlssetra í helstu byggðum við Papey 7. júní 1984 og 14. júní 2008. – Number of Fulmar AOS in 3 main colonies at Papey on 7 June 1984 and 14 June 2008.

Nr. No.	Staður Site	1984	2008	Breyting Change
17.184	Árhöfn	158	178	1,127
17.187	Arnarey	199	235	1,181
17.189	Höfði	392	416	1,061
	Samtals – Total	749	829	1,107

1983 fundust þar 1037 fýlssetur, en 20. júní 2007 fundust 791 setur eða 76% af fyrri fjölda.

Pegar austar dregur með Norðurlandi virðist lítil breyting hafa orðið á fjölda fýlssetra. Í Drangey töldust um 3500 setur 2. júlí 1984 og rúmlega 3000 (88%) 20. júní 2007. Í Grímsey virtist hafa fjölgað úr 9200 setrum 9.-10. júlí 1983 í tæplega 10.000 (108%) 20. júní 2007, en tekið skal fram að talningaraðferðin var mjög ólík milli tímabila, árið 1983 var talið á sniðum af bjargbrúnum en árið 2007 af 50 m breiðum sniðmyndum teknum úr lofti. Frá árinu 1984 til 2007 varð fjölgun í Mánáreyjum úr 360 í 450 setur (126%) og mikil fjölgun (182%) í Rauðanúpi á Melrakkaslétu, eða úr 1300 setrum í 2400 (5. tafla). Talningar í Jökulsárgljúfrum sýna landnám 1966 og fjölgun fýls til aldamóta en síðan hefur fækkað aftur (Aðalsteinn Örn Snæþórsson 2011).


Í Skoruvíkurbjargi á Langanesi fækkaði fýlssetrum í aldarbyrjun. Þau voru um 3000 á árunum 1986 til 1999, en voru aðeins 1300 árið 2006. Frá árinu 2005 hefur verið talið árlega á 15 sniðum í Skoruvíkurbjargi og eftir þetta hefur fýlssetrum þar fjölgað og voru að nálgast fyrri tölu árið 2009 (6. mynd). Utar á Langanesi að norðan voru um 3500 setur og engin sjáanleg breyting frá 19. júní 1984 til júní 2006 og 2008. Í Langanesbjörgum við Font fækkaði

úr 2400 setrum 1984 í 1750 árið 2006 sem er 73% af fyrri tölu (sbr. 1. tafla). Í Skrudnum fór talan úr 2100 árið 1984 í 1600 (76%) árið 2008. Í Papey og úteyjum voru talin alls 1150 setur 1984 og 960 setur 2008 en seinni talningin náði ekki til allra varpstaða og séu aðeins borin saman þrjú helstu björgin, Árhöfn, Arnarey og Höfði, fundust 750 setur 1984 og 830 setur árið 2008, eða 11% aukning (6. tafla).

Umræða

Fyllinn er mjög áhugaverður, ekki síst hér á landi, vegna þess að fremur mikið hefur verið skráð um útbreiðslu hans og fjölda allt frá því um 1600. Jafnframt ætti hann að vera góður áviti á langtímabreytingar í sjónum.

Þessi grein er birt í trausti þess að betra sé að veifa röngu tré en öngu. Tölur um fjölda fýls hér á landi hafa fáar verið birtar (sjá þó Borgþór Magnússon 2008). Landnám fýlsins á Suðurlandi, Austurlandi og víðs vegar með vesturströndinni á 19. og 20. öld var augljós atburður sem var vandlega skráður og almennt talinn merki um fjölgun. Fornar fýlabyggðir og heimildir voru til, en þær upplýsingar voru túlkaðar sem dæmi um landnám eða fjölgun fýlsins, í takt við það sem menn höfðu fyrir augunum í samtímanum. Náttúrufræðingar héldu sig



6. mynd. Fjöldi fýlssetra á 10 m breiðum sniðum (n=15) í Skoruvíkurbjargi á Langanesi 1986-2009. Fyrir hverja athugun er sýnt meðaltal og staðalskekkja. The number of apparently occupied Fulmar sites on Skoruvík cliff, Langanes, in 1985-2009. Means ± standard error, transect width 10 m, n = 15.

löngum við einfaldar lýsingar, hvenær fyllinn fór að verpa á hinum og þessum stöðum, og einfalda tilgátu að fylnum fjölgi stöðugt (sbr. Bjarni Sæmundsson 1934, Fisher 1952, Finnur Guðmundsson 1952, Hálfðán Björnsson 1976). Kannski drógu fræðimenn upp ofureinfalda mynd af fjölgun fýlsins og lögðu óþarflega mikla áherslu á uppruna hans úr Grímsey. Í raun og veru var næstum ekkert vitað um fylabyggðir í þeim rígabjörgum á Vestfjörðum og víðar þar sem stærstu byggðirnar virðast vera nú á tímum. Landnám og síðan fjölgun fýls á Suðurlandi og víðar hérlandis, í Færeyjum og á Bretlandseyjum á 19. öld er hins vegar vel skráð.

Fækkun sú sem hér hefur orðið frá því á níunda áratugnum virðist hafa byrjað kringum aldamótin 2000, samkvæmt talningum úr Látrabjargi og Skoruvíkurbjargi. Á báðum stöðunum virðist stofninn vera að ná sér aftur, en meiri gagna er þörf. Mikil aukning í Skoruvíkurbjargi á síðustu árum getur bent til þess að fýlar hafi sleppt því að verpa í nokkur ár en séu nú snúnir aftur og fækkunin hafi því verið tímabundin. Þær fáu talningar sem liggja fyrir frá Norður- og Austurströndinni benda varla til fækkunar. Sunnan- og vestanlands fækkaði fýl víðast hvar á þessu 20 ára tímabili. Á Bretlandseyjum varð vart við stöðnun í varpstofninum um síðustu aldamót (Tasker 2004).

Fyllinn er langlíf tegund, árleg líftala er mjög há og árleg viðkoma skiptir því litlu máli í viðhaldi stofnsins. Ítarlegar rannsóknir, þar sem fylgst var með merktum einstaklingum frá ári til árs hafa sýnt að fýlar sleppa því að verpa ef skilyrði eru slæm (Ollason & Dunnet 1983). Stakar athuganir með löngu millibili, eins og hér er lýst, gera því ekki meira en að nema mjög miklar tölulegar breytingar en duga ekki til að sýna hvort þær stafa af breyttum fjölda í stofninum eða breyttu hlutfalli þeirra sem reyna varp. Árlegar talningar setra á allmörgum stöðum allt í kringum land verða að teljast lágmarksvöktun til að fylgjast með fýlsstofninum. Við þær þyrfti að bæta árlegum talningum á fullgerðum ungum, helst á svipuðum stöðum og notaðir væru til þess að telja setur. Loks væri æskilegt að merkja fýla að staðaldri á nokkrum völdum stöðum þannig að aflað yrði árlegra gagna um afkomu fullvaxinna fugla.

ÞAKKIR

Rannsókn þessi er unnin sem hluti af könnunum á sjófuglastofnum sem styrktar hafa verið af Vísindasjóði Rannsóknaráðs, nú Rannsóknasjóði Rannsóknamiðstöðvar Íslands, Veidikortasjóði umhverfisráðuneytisins og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Úlfar Henningsson stýrði ljósmyndaflugi að mestu leyti. Fyrir aðstoð við talningar viljum við þakka sérstaklega þeim Aðalsteini Erni Snæþórssyni, Arnóri Þóri Sigfússyni, Gísla Má Gíslasyni, Jóni S. Ólafssyni, Júlíu Hoffmann, Pablo Giménez Bornaechaea, Freydísi Vigfúsdóttur, Yann Kolbeinssyni og Þorkeli Lindberg Þórarinssyni. Arnór Þ. Sigfússon og Kristinn Haukur Skarphéðinsson lásu yfir lokahandrit og færðu margt til betri vegar.

HEIMILDIR

- Aðalsteinn Örn Snæþórsson 2011. Saga og útbreiðsla fýls í Jökulsár-gljúfrum. – Bliki 31: 11-14.
 Arnþór Garðarsson 1995. Svartfugl í íslenskum fuglabjörgum. – Bliki 16: 47-65.
 Arnþór Garðarsson 1996. Ritubyggðir. – Bliki 17: 1-16.

- Arnþór Garðarsson 1999. The density of seabirds west of Iceland. – Rit Fiskideildar 16: 155-169.
 Arnþór Garðarsson 2006. Nýlegar breytingar á fjölda íslenskra bjargfugla. – Bliki 27: 13-22.
 Árni Hjartarson 2005. Ferð Hvanndalabraðra til Kolbeinseyjar. – Náttúrufr. 73: 31-37.
 Árni Magnússon & Páll Vídalín 1938 Jarðabók. 6. bindi. – Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn. 424 bls.
 Árni Magnússon & Páll Vídalín 1943. Jarðabók. 10. bindi. – Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn. 343 bls.
 Bjarni Sæmundsson 1934. Zoologiske Meddelelser fra Island XVI. – Vidensk. Medd. Fra Dansk Naturh. Foren. 97: 25-86.
 Bjarni Sæmundsson 1936. Fuglarnir. Íslensk dýr III. – Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, Reykjavík. 699 bls.
 Borgþór Magnússon 2008. Fyllinn í Rangárvallasýslu. – Heima er best 58: 303-311.
 Bornaechaea, P.G. & Arnþór Garðarsson 2006. Fuglabjörg á Snæfellsnesi árið 2005. – Bliki 27: 51-54.
 Burg, T.M., J. Lomax, R. Almond, M. de Brooke, & W. Amos 2003. Unravelling dispersal patterns in an expanding population of a highly mobile seabird, the northern fulmar (*Fulmarus glacialis*). – Proc. R. Soc. Lond. B 270: 979-984.
 Collier, R.V. 1979. Ingólfsfödi South-east Iceland. – Brathay Field Studies Report 33 (Ambleside, Cumbria), 57 bls.
 Eggert Olafsen & Bjarne Povelsen 1772. Reise igiennem Island. Anden Deel. – Videnskabernes Selskab i Kiøbenhavn, Sorø.
 Einar G. Pétursson 1998. Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða. I Inngangur. – Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík. 512 bls.
 Faber, F. 1822. Prodrum der isländischen Ornithologie. – Kopenhagen. 110 bls.
 Finnur Guðmundsson 1952. Íslenskir fuglar IV. Fýll (*Fulmarus glacialis* (L.)). – Náttúrufr. 22: 177-180.
 Fisher, J. 1952. The Fulmar. – Collins, London. 496 bls.
 Furness, R.W. 1978. Energy requirements of seabird communities: A bioenergetics model. – J. Anim. Ecol. 47: 39-53.
 Gizur Pétursson [um 1700]. Lítil tilvísan um Vestmanneyja háttalag og bygging. – Bls. 93-108 í: Þorkell Jóhannesson 1938. Örnefni í Vestmannaeyjum. Hið íslenska þjóðvinafélag, Reykjavík.
 Gísli Oddsson 1917. Annalium in Islandia farrago [skrifað 1637], and De mirabilibus Islandiae [skrifað 1638], útg. Halldór Hermannsson. – Islandica 10. Cornell University Library, Ithaca, NY. [Íslensk þýðing: Jónas Rafnar 1942. Íslensk annálabrot og undur Íslands, Þorsteinn M. Jónsson, Akureyri.]
 Hálfðán Björnsson 1976. Fuglalíf í Örafum, A.-Skaft. – Náttúrufr. 46: 56-104.
 Halldór Hermannsson (útg.) 1924. Jón Guðmundsson and his Natural History of Iceland. [Ein stutt undirritting um Íslands adskiljanlegar náttúru]. – Islandica 15. Cornell University Library, Ithaca, NY.
 Hallfreðar saga. Íslensk fornrit VIII. bindi. Einar Ólafur Sveinsson gaf út. – Reykjavík 1939.
 Jakob Benediktsson 1977. Stutt athugasemd. – Saga 15: 226-228.
 Jón Austmann [1843]. Útskýringartilraun yfir Vestmannaeyjar. – Bls. 109-162 í: Þorkell Jóhannesson 1938. Örnefni í Vestmannaeyjum. Hið íslenska þjóðvinafélag, Reykjavík.
 Jón Þorkelsson (útg.) 1920. Kolbeinseyjarvísir síra Jóns Einarssonar, ortar 1665. – Blanda 1: 149-162.
 Lýður Björnsson 1975. Höfundur Qualiscunque. – Saga 13: 240-250.
 McGovern, T.H., S. Perdikaris, Árni Einarsson & J. Sidell 2006. Coastal connections, local fishing, and sustainable egg harvesting: patterns of Viking Age inland wild resource use in Mývatn district, Northern Iceland. – Environmental Archaeology 11: 187-205.
 Mohr, N. 1786. Forsøg til en Íslandsk Naturhistorie. – Kiøbenhavn. 413 bls.
 Oddur Einarsson 1971. Íslandslýsing [Qualiscunque descriptio Islandiae]. Sveinn Pálsson sneri á íslensku. Með formála eftir Jakob Benediktsson og inngang eftir Sigurð Þórarinsson. – Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
 Ollason, J.C. & G.M. Dunnet 1983. Modelling annual changes in numbers of breeding fulmars, *Fulmarus glacialis*, at a colony in Orkney. – J. Anim. Ecol. 52: 185-198.
 Tasker, M.L. 2004. Northern Fulmar *Fulmarus glacialis*. – Bls. 49-62 í

P.I. Mitchell, S.E. Newton, N. Ratcliffe & T.E. Dunn (ritstj.) Seabird populations of Britain and Ireland. T & AD Poyser, London.
Thienemann, F.A.L. 1824. Reise im Norden Europa's vorzüglich in Island in den Jahren 1820 bis 1821. – Carl Heinrich Reklam, Leipzig.

SUMMARY

Numbers of Northern Fulmar *Fulmarus glacialis* in Iceland: notes on early records, and changes between 1983-86 and 2005-09

In Iceland, the Northern Fulmar *Fulmarus glacialis* is one of the most abundant seabird species, nesting on all seacliffs as well as many inland cliffs and on low islands. The total length of cliffs occupied by breeding Fulmars is about 1900 km. Surveys of all seacliffs supporting breeding auks (*Uria aalge*, *U. lomvia* and *Alca torda*) and Kittiwake *Rissa tridactyla* were carried out in the mid 1980's and again in 2005-2009. On most of these cliffs, totalling about 113 km, Fulmar sites (AOS, apparently occupied sites) were counted as well. The results are presented here.

The population history of the Fulmar in Iceland is briefly summarized. Not all old Icelandic writings mentioning the Fulmar are listed here. Most do not mention breeding, though one (a poem in the Saga of Hallfreður) uses the name Fulmar as a derogatory description of a husband cuckolded by the poet Hallfreður, possibly indicating the poet's intimate knowledge of the Fulmar's food habits.

The oldest signs of probable Fulmar breeding in Iceland are egg fragments, identified as belonging to the Procellariidae, found in archaeological excavations, dating from the 10th and 12th centuries, in Selhagi at Mývatn, N-Iceland, about 60 km from the ocean (McGovern et al. 2006). This does suggest Fulmar breeding in Iceland, but does not indicate that they were breeding inland at Lake Mývatn, since the same research project turned up a variety of marine food remains (McGovern et al. 2006). The earliest breeding record (Jón Guðmundsson, ms. about 1640, in Halldór Hermannsson 1924) simply lists the Fulmar as one of six cliff breeding bird species of the country. In 1616, the Fulmar was most likely breeding on the remote rock Kolbeinsey (67°08,9'N, 18°40,8'W); the record is preserved in a poem, Kolbeinseyjarvísur, written in 1665 (Jón Þorkelsson 1920, Árni Hjartarson 2005). The island of Grímsey off the North coast is the first Icelandic breeding locality to be recorded with certainty, Fulmars were common breeders there in 1713 (Árni Magnússon & Páll Vídalín 1943). Grímsey is stated to be the only breeding locality by Mohr (1786) who travelled widely along the north coast in 1780-81. Other early breeding localities on record are the islands of Vestmannaeyjar and islands off Reykjanes, SW-Iceland (Egert Olafsen & Bjarne Povelsen 1772); Krýsuvíkurborg and Hafnaberg, SW-Iceland, and Látrabjarg, NW-Iceland (Faber 1822). These records all describe the current situation but make no statement about change. However, a detailed description from the Vestmannaeyjar in about 1700 does not mention the Fulmar and has been interpreted as evidence of

its absence at the time. Apart from the reference to Látrabjarg (Faber 1822) and a less direct mention of the nearby Blakknes in 1703 (Árni Magnússon & Páll Vídalín 1938) the early records remain silent about the large but inaccessible cliffs of the NW-peninsula.

These early records do not indicate recent colonization or increase of the Fulmar population prior to about 1820. The first record of breeding range extension is that of Thienemann (1824) who describes a recently founded colony at Höfðabrekka in Mýrdalur on the S-coast. In S-Iceland the spread and increase of Fulmars after this is well documented, as is its colonization and range extension in the Faroes and Britain East of St. Kilda (e.g. Bjarni Sæmundsson 1934, Fisher 1952, Borgþór Magnússon 2008).

The main results of the recent surveys are summarized in Table 1 and details for selected clusters of localities in other tables. A total of 307,000 AOS were recorded in the 1980s versus 200,000 (65% of the former figure) in the same localities in 2005-2009.

Nearly all localities on the S- and W-coasts, including some of the largest breeding concentrations, showed decrease to around 60% of their former number. At Látrabjarg, the largest colony, numbers in 1985 were high, about 118,000 AOS, but had declined to 78,000 in 2006. In 2009 numbers had again increased to about 100,000 AOS. A single transect near the centre of Látrabjarg counted several times during 1980 to 2009 (Fig. 5) apparently did not reflect changes in Fulmar numbers shown by estimates based on transects sampling the whole cliff.

On the N-coast, numbers remained approximately constant, with sharp increases in some small colonies at Mánáreyjar and Rauðinúpur in 2008. At Skoruvík, Langanes, annual counts showed a dip in numbers in 2006 and a return to nearly former levels by 2008 (Fig. 6). Two E-coast colonies came out with about 80% of mid-eighties levels.

Arnþór Garðarsson, Lífræðistofnun háskólans / Institute of Biology, University of Iceland, Askja, Sturlugata 7, IS-101 Reykjavík (arnthor@hi.is).

Guðmundur A. Guðmundsson, Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History, Urriðaholtstræti 6-8, Pósthólf / P.O.Box 125, IS-212 Garðabær (mummi@ni.is).

Kristján Lillindahl, Hafrannsóknastofnunin / Marine Research Institute, Skúlagata 4, IS-101 Reykjavík (klill@hafro.is).

Tilvitnun:

Arnþór Garðarsson, Guðmundur A. Guðmundsson & Kristján Lillindahl 2011. Fýlabyggðir fyrr og nú. – Bliki 31: 1-10.

Saga og útbreiðsla fýls í Jökulsárgljúfrum

Náttúrustofa Norðausturlands hóf vöktun á fýl í Ásbyrgi árið 2007. Í henni felst árleg talning á setrum í Ásbyrgi. Jafnframt verður reynt að fylgjast með breytingum í fýlavörpum víðar um gljúfrin. Hér er gerð grein fyrir landnámi og framvindu fýlsvarps í Ásbyrgi og Jökulsárgljúfrum og þróun varpanna eins og hún er þekkt til ársins 2010.

Inngangur

Fýll (*Fulmarus glacialis*) er sjófugl af ætt fýlinga sem útbreiddur er um norðurhluta Atlantshafsins og Kyrrahafsins (del Hoyo o.fl. 1992). Heimsstofninn er gríðarstór, talinn vera milli 15 og 30 milljónir einstaklinga (BirdLife International 2009). Mestum tíma sínum ver fýllinn í fæðuleit langt á hafi úti, oft mörg hundruð kílómetra frá varpstað (Falk & Møller 1995) sem er fyrst og fremst björg og klettur við sjó þar sem spendýr eins og refir eiga ekki greiðan aðgang að honum (Mallory 2006).

Í N-Atlantshafi eru varpheimkynni fýlsins á eyjum og strandsvæðum frá nyrstu heimskautasvæðum og suður til Nýfundnaland og Bretlandseyja (Warham 1990). Útbreiðslan hefur ekki alltaf verið svo mikil því fýllinn var fyrst og fremst heimskaufugl á öldum áður. Um miðja 17. öld voru Grímsey og eyjan St. Kilda við Skotland syðstu varpstaðir í N-Atlantshafi (Fisher 1952, Finnur Guðmundsson 1952). Á 18. öld fer fýl að fjölga á þessum slóðum og útbreiðsla að aukast. Sýnt hefur verið fram á að fuglar á suðurhluta útbreiðslusvæðisins í Atlantshafi eru ættaðir frá þessum tveimur varpstöðum, þó fyrst og fremst Grímsey (Burg o.fl. 2003).

Í dag er fýllinn algengur varpfugl á Íslandi sem verpur í sjávarbjörgum við ströndina. Einnig verpur hann í einhverjum mæli í klettum inn til landsins, allt að 50 km frá sjó. Honum hefur fjölgað mikið á landinu síðustu tvær

aldir en talið er að varpstofninn hérlandis sé á bilinu 1 til 2 milljónir para (Ævar Petersen 1998).

Jökulsárgljúfur og Ásbyrgi eru svæði þar sem fýllinn verpur fjarri sjó en varp hófst 1966 í Ásbyrgi og svo víðar um gljúfrin í kjölfarið. Ekki var fylgst skipulega með þessu landnámi eða fjölgun sem átti sér stað í kjölfarið. Hins vegar brá svo við árið 2006 að fýl virtist fækka mjög mikið um sumarið og um haustið sáust engir ungar á jörðinni í Ásbyrgi, þar sem þeir eru alla jafnan í tugavís í lok ágúst og byrjun september. Það var greinilegt að varp fýls hafði misfarist af einhverjum ástæðum þetta ár. Vegna þessara atburða var ákveðið að Náttúrustofa Norðausturlands mundi kanna fjölda fýla í Ásbyrgi og Jökulsárgljúfrum og í kjölfarið telja fýl árlega í Ásbyrgi til að fylgjast með breytingum. Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðum fýlatalninga og athugana á svæðinu til að varpa ljósi á sögu fýlsins þar.

Athugunarsvæði

Athugunarsvæðið er tvískipt, annars vegar gljúfur Jökulsár á Fjöllum frá Dettifossi í suðri að brú á Þjóðvegi 85 í norðri. Hins vegar er það Ásbyrgi sem er mikil hamrakví skammt vestan Jökulsár við norðurenda gljúfranna. Ásbyrgi ásamt vestari hluta gljúfranna er friðlýst sem hluti af Vatnajökulspjóðgarði. Austanmegin



1. mynd. Fýll *Fulmarus glacialis*. – Daníel Bergmann.



2. mynd. Staðir þar sem fýlar hafa setið uppi í Jökulsárgljúfrum. Talið frá norðri; Ásbyrgi, Kúahvammur, Brautarklif og Dettifoss. – Fulmar colonies in Jökulsárgljúfur.

er náttúruvætti sem nær yfir syðsta hluta gljúfranna. Á 2. mynd má sjá þá fjóra staði þar sem fýlar hafa sest upp á svæðinu.

Ásbyrgi er gríðarstór hamrakví sem Jökulsá hefur myndað í hamfarahlaupi fyrir árpúsundum. Ásbyrgi er skeifulaga og eru björgin hæst innst (syðst) um 100 metra há en fara svo minnkandi til norðurs uns þau hverfa. Í miðju Ásbyrgi er klettur sem skiptir því í tvennt

og nefnist Eyjan. Hún er hæst syðst, um 50 metrar, en eins og byrgisveggirnir fara veggir Eyjunnar minnkandi til norðurs. Frá Ásbyrgisbotni eru um 20 km til sjávar.

Dettifoss. Þetta svæði nær yfir gljúfrin frá Dettifossi að Syðra Þórunnarfjalli. Gljúfrin eru þröng næst Dettifossi en breikka norður frá Sanddal.

Brautarklif er vestan megin í gljúfrunum milli Ásbyrgis og Vesturdals. Byggðin er í Brautarklifinu og nær svo áfram vestan megin allt suður að Dagmálahlíð. Að austan er hún á mótí Brautarklifinu.

Kúahvammur er sveigur vestan megin í gljúfrunum á móts við suðurenda Ásbyrgis.

Aðferðir

Upplýsingar um upphaf fýlsvarps í Ásbyrgi fengust frá Sigurgeiri Ísakssyni sem var skógarvörður í Ásbyrgi. Ævar Petersen fór um svæðið árin 1980 og 2007 og taldi þá fýla í Ásbyrgi. Þá hefur Ólafur Karl Nielsen komið að gljúfrunum á hverju ári frá 1981 að einu ári undanskyldu (1993) og hefur hann oft skráð hjá sér fjölda fýla í þeim. Sjálfur hefur höfundur svo talið fýla í Ásbyrgi þrisvar áður eða árin 1993, 1997 og 2003 og einu sinni talið fýla um mest öll Jökulsárgljúfur, árið 1999. Reglubundnar talningar á vegum Náttúrustofu Norðausturlands hófust árið 2007.

Hér er rétt að geta þeirrar aðferðar sem notuð er við talningar á fýl á varpstað. Á varpstöðvum fýla eru bæði varpfuglar og geldfuglar sem koma til að skoða sig um og velta fyrir sér framtíðar varpsvæði. Rannsóknir í Kanada hafa sýnt að um 10-15% af fuglum í fýlabýggðum eru geldfuglar (Hatch & Nettleship 1998 í Gaston o.fl. 2006) en ómögulegt er að sjá á sitjandi fýl hvort hann er varpfugl eða ekki. Við athugun á fjölda fýla er því notuð sú aðferð að telja fjölda hreiðurstæða sem í notkun eru, svokölluð setur og var það gert hér. Þetta er framkvæmt þannig að fýll sem situr á syllu sem er nógu stór og slétt til að geta haldið eggi er talinn sem eitt setur. Tveir fýlar saman á slíkri syllu er líka talið sem eitt setur enda gengið út frá því að um par sé að ræða. Ekki eru taldir fljúgandi fýlar eða þeir sem sitja á stöðum sem ekki gætu verið hreiðurstæðir (sjá t.d. Bibby o.fl. 2000).

Niðurstöður

Fyrir utan Ásbyrgi er vitað um tvo varpstaði í Jökulsárgljúfrum, norðan Dettifoss og við Brautarklif. Þá hefur fýll ítrekað setið uppi í Kúahvammi síðustu ár þó ekki sé talið að varp sé hafið þar.

Ásbyrgi. Samkvæmt Sigurgeiri Ísakssyni, hóf fýll að verpa í Ásbyrgi árið 1966 en þá voru þar tvö pör. Þeim fjölgaði þó hægt til að byrja með en eftir 1970 varð mikil og hröð fjölgun (Sigurgeir Ísaksson, munnl. uppl.). Ævar Petersen (tölvupóstur 28.2.2008) taldi fýlssetur í Ásbyrgi árið 1980 og var fjöldi setra þá 164. Árið 1993 var fjöldi setra orðinn 981 og árið 1997 var fjöldinn 1306 sem er mesti fjöldi sem talinn hefur verið í Ásbyrgi. Svipaður fjöldi fýlssetra taldist vera í Ásbyrgi sex árum seinna árið 2003, eða 1242. Talningar síðustu fjögur ár benda til fækkunar en á þeim tíma hafa verið talin á bilinu 504 til 908 fýlssetur (1. tafla og 3. mynd).

1. tafla. Talningar fýlasetra í Ásbyrgi og Jökulsárgljúfrum. – Number of AOS in Fulmar colonies in Jökulsárgljúfur.

Ár – Year	Dagsetning – Date	Ásbyrgi	Dettifoss	Brautarklif	Skrásetjari – Observer
1966		2			Ísak Sigurgeirsson
1980	18. júní	164			Ævar Petersen
1984	16. júní		4		Ólafur Karl Nielsen
1985	16. júní		17		Ólafur Karl Nielsen
1990	12. maí			3	Ólafur Karl Nielsen
1991	26. júní			60	Ólafur Karl Nielsen
1993	12. júlí	981			Aðalsteinn Örn Snæþórsson
1997	30. maí	1306			Aðalsteinn Örn Snæþórsson
1999	14. júní		116	171	Aðalsteinn Örn Snæþórsson
2003	18. júní	1242			Aðalsteinn Örn Snæþórsson
2007	4. júní	662		98	Aðalsteinn Örn Snæþórsson
2007	1. júlí	552			Ævar Petersen
2008	4. júní	908			Aðalsteinn Örn Snæþórsson
2009	25. júní	504			Aðalsteinn Örn Snæþórsson
2010	18. júní	528			Aðalsteinn Örn Snæþórsson

Péttasta varp fýlsins er innst í Ásbyrgi í svokölluðum Botni en þar eru björgin hæst. Þar hófst líka varpið á sínum tíma (Sigurgeir Ísaksson, munnl. uppl.). Árið 1993 var 57% setra í Botni en í seinni talningum þá hefur hlutfallið verið frá 39% til 46% enda átti fjölgun eftir 1993 sér stað fyrst og fremst í björgum Ásbyrgis utan Botns. Árið 2003 verður fyrst vart við fýla sitjandi uppi í Eyjunni og hafa alltaf verið setur þar síðan. Þau hafa einungis verið vestan megin og ávallt fá.

Dettifoss. Þetta er eini staðurinn þar sem fýlar urpu í gljúfrum Jökulsár á Fjöllum þegar Ólafur K. Nielsen kom þangað fyrst árið 1981. Þá var varpið bundið við eina syllu vestan megin í gljúfrunum, beint undir Rauðhól. Árið 1985 voru þeir komnir í sveiginn við Syðra Þórunnarfjall og 1988 í gljúfrið neðan Dettifoss (1. tafla).

Árið 1999 eru setrin á svæðinu 116 en það er sennilega vantalið þar sem aðeins var talið vestanmegin frá. Þetta er eina heildartalningin sem til er á þessu svæði. Árið 2007 var aðeins talið á suðurhluta svæðisins en þá voru 34 setur í notkun á svæði þar sem voru 58 setur árið 1999.

Brautarklif. Ólafur K. Nielsen verður fyrst var við fýla árið 1984 við Brautarklif en þá einungis á flugi. Fyrstu merki um fýla á hreiðrum eru frá 1990, þá 3 setur. Árið eftir


eru komin 60 setur, 30 hvorum megin. Greinarhöfundur telur svæðið árið 1999 en þá er heildarfjöldinn 171 hreiðurstæði. Árið 2007 eru þau komin niður í 98 sem er um 43% fækkun frá 1999 (1. tafla).

Kúahvammur. Ólafur K. Nielsen hefur ítrekað orðið var við fýla sitja uppi í Kúahvammí síðustu ár en ekki talið þá í varpi. Hvorki varð vart við fýla þar 1999 né 2007.

Umræða

Saga fýls í Ásbyrgi og Jökulsárgljúfrum er nokkuð vel þekkt þó ekki séu til árlegar talningar. Varpið hefst í Ásbyrgi árið 1966 með tveimur pörum og hefur Ásbyrgi frá þeim tíma verið aðal varpstaðurinn á svæðinu. Fýlnum fjölga svo hratt í Ásbyrgi eftir 1970 og nær hámarki um aldamótin síðustu. Ljóst er að fýlnum fækka mikið milli árána 2003 og 2007 eða um nálægt helming. Hvort þessi fækkun gerðist jafnt og þétt eða hvort þetta eru afleiðingar þeirra atburða sem urðu valdandi að viðkomubresti fýlsins í Ásbyrgi árið 2006 er ekki vitað. Síðustu tvö ár hefur fjöldi setra verið innan við helmingur þess sem var fyrir í kring um aldamótin.

Landnám í Jökulsárgljúfrum hefst seinna en ekki er vitað með vissu hvenær. Varp er hafið við Rauðhól árið



3. mynd. Fjöldi fýlasetra í Ásbyrgi. – Number of AOS in the Fulmar colony in Ásbyrgi.

1981 sem síðan dreifist suður að Dettifossi og norður að Syðra Þórunnarfjalli. Við Brautarklif hefst varp árið 1990 og er það nú orðið stærra varp en á Dettifossvæðinu. Þá hafa fýlar sést sitja uppi við Kúahvamm þó ekki sé talið að varp sé hafið þar. Fjölgunin og útbreiðsluaukningin í Jökulsárgljúfrum fylgir þróuninni í Ásbyrgi þ.e. fýlnum fjölgar fram undir aldamót en hefur fækkað síðustu ár.

Talningarnar hafa yfirleitt farið fram í júní en öruggast er að telja fýla meðan á álegu stendur því þá er minnstur breytileiki í niðurstöðum (Gaston o.fl. 2006). Borgþór Magnússon kannaði fýla í Rangárvallasýslu og komst að því að setrum fækkaði þar að meðaltali um 1% á dag frá 20. maí (Borgþór Magnússon 2008). Þetta hefur ekki verið skoðað á Norðausturlandi. Tvær talningar voru þó gerðar í Ásbyrgi árið 2007 og þá kemur í ljós að frá 4. júní til 1. júlí fækkar setrum um tæp 17%. Þetta sýnir mikilvægi þess að talningar á fýl séu framkvæmdar á sama tíma ársins. Það hefur ekki verið gert hér en flestar talningar eru þó í júní. Þrátt fyrir að talningar hafi ekki verið framkvæmdar á sama tíma þá hefur það ekki áhrif á heildarmyndina þar sem um miklar breytingar er að ræða.

Miklar breytingar hafa átt sér stað hjá sjófuglum hér við land undanfarin ár sem líklega tengjast ástandi hafsins á einhvern hátt (sjá til dæmis Arnþór Garðarsson 2006, Gunnar Þór Hallgrímsson o.fl. 2006, Bornaechea & Arnþór Garðarsson 2006). Líklegt má telja að hrun fýlsins í Jökulsárgljúfrum síðustu ár sé tengt fæðuskilyrðunum í sjónum sem sennilega hafa breyst mikið. Sumrin 1994 og 1995 var fæða fýls könnuð og reyndist vera við norðausturhluta landsins að langmestu leyti útkast frá fiskiskipum, þar af voru rækja 31% og karfi 26%. Einnig tók fyllinn mikið af loðnu, 15% og ljósátu, 11% (Philips o.fl. 1999). Á þessum árum var mikið um rækjuveiði við Norðausturland. Verulega hefur dregið úr þessum veiðum og var hætt að veiða innfjarðarækju í Öxarfirði og Skjálfanda í kring um aldamótin. Úthafsækjuveiðar hafa minnkað stórlega, fóru til dæmis við Grímsey og Sléttugrunn úr 6.427 tonnum árið 2003 niður í 492 tonn árið 2007 (Hafrannsóknastofnunin 2009). Á þessu tímabili fækkaði fýl í Ásbyrgi um nálægt helming. Þá má einnig benda á að viðkoma og nýliðun loðnu hefur verið mjög slök undanfarin ár og útbreiðslan vestlæg sem er mikil breyting frá því á 10. áratugnum (Ólafur K. Pálsson o.fl. 2009). Það er því líklegast að ástæða fækkunar fýls í Ásbyrgi og Jökulsárgljúfrum sé vegna skorts á fæðu.

ÞAKKIR

Björgvin Friðbjarnarson aðstoðaði við talningar 2007. Ólafur Karl Nielsen, Sigurgeir Ísaksson og Ævar Petersen veittu höfundu gagnlegar upplýsingar um fjölda og útbreiðslu fýls á svæðinu. Yann Kolbeinsson og Þorkell Lindberg Þórarinnsson lásu yfir handrit. Allir þessir aðilar fá bestu þakkir fyrir.

HEIMILDIR

Arnþór Garðarsson 2006. Viðkoma ritu sumarið 2005. – Bliki 27: 23-26. Bornaechea, P.G. & Arnþór Garðarsson 2006. Fuglabjörg á Snæfellsnesi árið 2005. – Bliki 27: 51-54. Bibby, C.J., N.D. Burgess, D.A. Hill & S. Mustoe 2000. Bird Census Techniques. – Academic Press. London.

BirdLife International 2009. Species factsheet: *Fulmarus glacialis*. – Sótt á <http://www.birdlife.org> þann 19.11.2009.

Borgþór Magnússon 2008. Fýllinn í Rangárvallasýslu. – Heima er bezt 58: 303-311.

Burg, T.M., J. Lomax, R. Almond, M.D. Brooke & W. Amos 2003. Unravelling dispersal patterns in an expanding population of a highly mobile seabird, the northern fulmar (*Fulmarus glacialis*). – Proceedings of the Royal Society of London Series B-Biological Sciences 270: 979-984.

del Hoyo, J., A. Elliot & J. Sargatal 1992. Handbook of the Birds of the World. Vol. 1. – Lynx Edicions. Barcelona.

Falk, K. & S. Möller 1995. Satellite tracking of high arctic northern fulmars. – Polar Biology 15: 492-502.

Finnur Guðmundsson 1952. Íslenzkir fuglar IV. Fýll (*Fulmarus glacialis* (L.)). – Náttúrufr. 22: 177-180.

Fisher, J. 1952. The Fulmar. – Collins, London.

Gaston, A.J., M.L. Mallory, H.G. Gilchrist & K. O'Donovan 2006. Status, trends and attendance patterns of the northern fulmar *Fulmarus glacialis* in Nunavut, Canada. – Arctic 59: 165-178.

Gunnar Þór Hallgrímsson, Hallgrímur Gunnarsson & Páll Hersteinsson 2006. Stærð sílamáfsvarfs á Álfanesi á Mýrum. – Bliki 27: 55-57.

Hafrannsóknastofnunin 2009. Ástand nytjastofna á Íslandsmiðum 2008/2009. Aflahorfur fiskveiðiárið 2009/2010. – Fjölrit nr. 146, Hafrannsóknastofnunin.

Kristján Lilliendahl & Jón Sólmundsson 1997. Sumarfæða sex sjófuglategunda við Ísland. – Hafrannsóknastofnunin Fjölrit 57: 249-259.

Mallory, M.L. 2006. The Northern Fulmar (*Fulmarus glacialis*) in Arctic Canada: ecology, threats, and what it tells us about marine environmental conditions. – Environmental Reviews 14: 187-216.

Ólafur K. Pálsson, Héðinn Valdimarsson, Sólveig R. Ólafsdóttir, Hafsteinn G. Guðfinnsson, Ástþór Gíslason, Hildur Pétursdóttir & Sveinn Sveinbjörnsson 2009. Rannsóknir á vistkerfi Íslandshafs og vistræði loðnu að sumarlagi. – Hafrannsóknir 145: 54-59.

Phillips, R.A., M.K. Petersen, K. Lilliendahl, J. Solmundsson, K.C. Hamer, C.J. Camphuysen & B. Zonfrillo 1999. Diet of the northern fulmar *Fulmarus glacialis*: reliance on commercial fisheries? – Marine Biology 135: 159-170.

Warham, J. 1990. The petrels: Their ecology and breeding systems. – Academic Press, London.

Ævar Petersen 1998. Íslenskir fuglar. – Vaka-Helgafell. Reykjavík.

SUMMARY

Population trends of Fulmars in Jökulsárgljúfur

Fulmar has colonized several places inland in Iceland. One of them is the canyon of the river Jökulsá á Fjöllum, NE-Iceland. Colonization started in 1966 when two pairs nested in Ásbyrgi which is a horseshoe-shaped dry canyon about 2 km away from the main canyon of the river. The colony in Ásbyrgi grew rapidly and by the end of the century it consisted of 1300 AOS. As the colony in Ásbyrgi grew Fulmars started to colonize the canyon of river Jökulsá. From 1981 to 1990 two colonies were established in the canyon, all much smaller than the colony in Ásbyrgi. In 2006 the Fulmars in Ásbyrgi decreased during midsummer and no fledglings were found in the autumn. A monitoring programme was set up and annual counts have been carried out in Ásbyrgi since. Fulmars in Ásbyrgi decreased dramatically between 2003 and 2007 and the count in 2010 suggests that the decrease is still going on though the count in 2008 yielded more AOS than 2007. The reason for the decrease is not known but is most likely due to loss of food.

Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Náttúrustofu Norðausturlands / North East Iceland Nature Center, Hafnarstétt 3, 640 Húsavík (alli@nna.is).

Tilvitnun:

Aðalsteinn Örn Snæþórsson 2011. Saga og útbreiðsla fýls í Jökulsárgljúfrum. – Bliki 31: 11-14.

Lundatal Vestmannaeyja

Varpstofn lunda í Vestmannaeyjum var metinn með myndatöku úr lofti og með því að telja varpholur á vettvangi á árunum 1988-1993 og 2007-2009. Flatarmál lundabyggða var mælt af loftmyndum og leiðrétt fyrir landslagi (halla). Fjöldi varphola er metinn 1.120.500. Árið 2010 voru 74,4% varphola í ábúð. Stærð varpstofnsins, reiknuð sem margfeldi holufjölda og ábúðarhlutfalls, er 830.100 pör. Þessi tala svarar til um fimmtungs lundastofnsins í heiminum og staðfestir að Vestmannaeyjar eru stærsta lundabyggð heims.

Inngangur

Lundinn *Fratercula arctica* (1. mynd) er útbreiddur í norðanverðu Atlantshafi. Samkvæmt nýlegu yfirliti, sem byggt er á skástu fyrirbyggjandi upplýsingum, er mest af honum á Íslandi (2-3 milljónir para), í Noregi (1,5-2 milljónir para), á Bretlandseyjum (600.000 pör), í Færeyjum (550.000 pör), og á Nýfundnalandi og austurströnd Kanada (350-400.000 pör), en annars staðar eru varpstofnar hlutfallslega smáir (Harris & Wanless 2004). Gískað hefur verið á að lundinn sé stærsti fuglastofninn á Íslandi (Finnur Guðmundsson 1953). Lengi hefur þótt ljóst að lundabyggðir Vestmannaeyja væru mjög stórar og þar væri stóran hluta íslenska stofnsins að finna (Nettleship & Evans 1985).

Torvelt er að meta fjölda varpfugla með vissu vegna þess að lundi verpur í holum sem hann grefur eða í grjóturðum. Leiðir til að nálgast sannleikann um stofnstærð lunda byggjast á nokkrum skrefum: (1) að kanna útbreiðslu byggða, (2) mæla flatarmál þeirra, (3) meta þéttleika hola og (4) að meta samræmi milli holufjölda og fjölda hreiðra neðanjarðar (Erpur S. Hansen & Arnpór Garðarsson 2009a,b).

Í þessari grein er skýrt frá niðurstöðum mælinga á lundastofni Vestmannaeyja. Rannsóknir þessar hafa staðið árum saman og skiptast þær í nokkra ólíka þætti. Lokið var við loftmyndatöku og mælingu flatarmáls allra þekktra lundabyggða af loftmyndum 1993. Þéttleikamælingar hófust 1988 en verður seint endanlega lokið þar sem þær eru fremur tafsöm iðja og lundabyggðir Vestmannaeyja margar. Flestar stærstu og aðgengilegustu byggðirnar hafa nú verið þéttleikamældar, en fáeinar litlar og óaðgengilegar byggðir voru áætlaðar. Frá og með 2007 hefur ábúðarhlutfall verið mælt með sérstökum „holumyndavélum“.

Aðferðir

Rannsóknarsvæði

Til Vestmannaeyja (2. mynd) teljast Heimaey sem er þeirra stærst að flatarmáli (13,6 km²) og 15 óbyggðar en grasivaxnar úteyjar sem allar eru minni en 0,5 km² og svo Surtsey (1,9 km²) sem enn er lítt gróin. eru þá undanskildir drangar og sker þar sem lundi verpur ekki. Varðandi



1. mynd. Lundi *Fratercula arctica*. – Atlantic Puffin. – Yann Kolbeinnsson.




2. mynd. Loftmynd af Vestmannaeyjum, horft í norður frá Súlnaskeri (neðst) 27. maí 2007. – *An oblique aerial view of the Vestmannaeyjar archipelago, looking north over Súlnasker (at bottom) on 27 May 2007.* – Arnþór Garðarsson.

almenna lýsingu á staðháttum og fuglalífi Vestmannaeyja er vísað til Árbókar Ferðafélags Íslands (Guðjón Ármann Eyjólfsson 2009).

Í útreikningum og umfjöllun er eyjunum skipt í tvo klasa, norðureyjar og suðureyjar, um línu sem liggur NV-SA um Suðureyjarsund milli Stórhöfða og Suðureyjar (3. mynd). Til norðurklasans teljast Elliðaey, Bjarnarey og Smáeyjar (Hæna, Hani, Hrauney og Grasleysa) auk Heimaeyjar, en til suðurklasans eru taldar allar eyjar suðvestur af Heimaey. Svæðaskiptingin fer saman við

mismun á þéttleika varphola milli þessara svæða og kemur að notum við að minnka spönn öryggismarka stofnmats fyrir hvort svæði.

Hér eru lundabyggðir flokkaðar í 19 byggðir sem í flestum tilfellum eru vel skilgreindar landfræðilega. Frekari umfjöllun um eftirtaldir 11 smábyggðir er sleppt. Í suðaustanverðu Stórklifi varp lundi á fyrri hluta 20. aldar, en nú er einungis örfáar holur að finna undir suðurhömrnum (Viktor Sigurjónsson munnl. uppl.). Líklega hefur uppbygging atvinnustarfsemi á Þrælaeiðinu



3. mynd. Lundabyggðir í Vestmannaeyjum. Brotalínan sýnir skiptingu í norður- og suðureyjar (sjá texta). Númer byggða eru þau sömu og í 1.-3. töflu. – *Atlantic Puffin breeding colonies in Vestmannaeyjar. The broken line separates the southern and northern islands. The colonies are numbered as in Tables 1-3.*

ekki verið varpinu til framdráttar. Eitthvert varp er í ókleifum norðurhömrum Stóráklífs (78.400 m²) á NV-Heimaey, enginn lundi er hins vegar í kolli Stóráklífs. Fáir eða engir lundar eru í Litla Klifi. Lundi varp fram undir 1970 í Hásteinsbrekku sem er austast á Hánni en líklega hefur nálægð byggðar hrakið lundann þaðan (Bjarni Jónasson munnl. uppl.). Örmsmátt lundavarp er eftir í vesturbrekkum Herjólfssdals en meira var þar af lunda á fyrrihluta tuttugustu aldar (Viktor Sigurjónsson munnl. upplýs.). Þá verpa sennilega fáeinir lundar í Stóra Erni við Heimaey að norðan og í 650 m² grasbletti í Grasleysu (5.900 m²) í Smáeyjum, í Máfadrangi (8.600 m²) og Hafnadrangi (6.100 m²) við Brand og í 600 m² grasbletti í Geirfuglaskeri (15.200 m²). Tvö lundapör hófu varp í Surtsey 2005 og hefur lundi orpið þar síðan (Ævar Petersen 2009).

Lundabyggðum Vestmannaeyja hefur verið lýst sem sérstöku gróðurlendi, graslendi þar sem mest er af túnvingli *Festuca rubra* L., en einnig er mikið af vallarsveifgrasi *Poa pratensis* L., svo og hásveifgrasi *Poa trivialis* L. og ýmsum tvíkímblaða urtum, einkum baldursbrá *Matricaria maritima* L. og haugarfa *Stellaria media* L. (Baldur Johnsen 1934, Sturla Friðriksson & Björn Johnsen 1967, Sturla Friðriksson o.fl. 1972).

Lundinn verpur aðallega í holum sem hann grefur í jarðveg, en einnig verpur hann í urðum, klettaglufum og grasi grónum bjargbrúnum (Finnur Guðmundsson 1953, Erpur S. Hansen 1995, Tómas G. Gunnarsson o.fl. 2007).

Lundabyggðir í Vestmannaeyjum eru fremur auðgreinanlegar á loftmyndum þar sem þær eru dekkri (grænni) en lundalaust graslendi. Þetta er sérstaklega áberandi á vorin, af því að grasið grænkar fyrir í lundabyggðunum. Mismunurinn á gróðurfari stafar mest af efnaflutningi lundans, sem ber áburðarefni úr sjónum upp á land, umturnar jarðvegi og flytur sinu niður í holurnar. Í Vestmannaeyjum er auk þess mikil sauðfjárbætur og skerpur hún trúlega á áhrif lundans á lit svarðarins.

Loftmyndir voru teknar af öllum Vestmannaeyjum á árunum 1988 til 1993 oftast úr 1220 m (4000 fetum) eða 1830 m (6000 fetum) hæð (1. tafla). Myndirnar voru teknar lóðrétt með 80 mm linsu á 6x6 cm eða 70 mm litfilmu sem gefa um 55x55 mm myndflöt. Stækkanir á pappír voru notaðar til mælinga á flatarmáli byggða.

Flatarmál lundabyggða

Útlínur lundabyggða á loftmyndum voru dregnar á stafrænu teikniborði (digitizer) inn í forritið *Microstation* og skilgreindar eftir aðstæðum sem óreglulegur flötur eða fletir. Einnig var þekkt línuleg vegalengd milli kennileita sem eru auðkennanleg á loftmyndum mæld með málbandi á vettvangi, og notuð sem mælikvarði á flatarmyndirnar þegar flatarmál byggðanna var reiknað í forritinu.

Grunnflatarmál mælt af lóðréttum loftmyndum vanmetur raunverulegt mishæðótt (þrívítt) yfirborðsflatarmál og því reiknuðum við leiðréttingarstuðul K sem er fall af halla: $K(h)$. Grunnflatarmál (tvívítt flatarmál) byggða

1. tafla. Lundabyggðir Vestmannaeyja: upplýsingar um loftmyndatöku og lóðrétt flatarmál (óleiðrétt fyrir halla). *Atlantic Puffin colonies in Vestmannaeyjar: date of aerial photographs and vertical surface area (uncorrected for slope).*

Byggð nr. Site No.	Staður Location	Dags. Date	Flatarmál (m ²) Surface area (m ²)
Norðureyjar:			331.490
1	Ellidaey	16.05.1989	149.004
2 ^a	Bjarnarey, Bunki	16.05.1989	102.357
2 ^b	Bjarnarey, brúnir		46.792
3	Hani	29.07.1989	13.712
4	Hæna	29.07.1989	8.037
5	Hrauney	29.07.1989	11.588
Heimaey:			469.101
6	Ystiklettur	21.09.1993	156.693
7	Miðklettur	21.09.1993	28.718
8	Heimaklettur	21.09.1993	77.684
9	Dalfjall-Há	21.09.1993	73.365
10	Sæfjall-Kervíkurfjall	21.09.1993	71.212
11	Litlihöfði	21.09.1993	31.542
12	Stórhöfði	16.05.1989	29.887
Suðureyjar:			322.482
13	Álsey	16.05.1989	160.764
14	Brandur	16.05.1989	32.005
15	Suðurey	16.05.1989	71.520
16	Hellisey	16.05.1989	17.859
17	Litli Geldungur	16.05.1989	7.323
18	Stóri Geldungur	15.06.1992	9.140
19	Súlnasker	25.08.1988	23.871
Samtals			1.123.073

^a Central cone.

^b Edges.

er margfaldað með leiðréttingarstuðlinum til að fá raunverulegan yfirborðsflöt.

Aðferðum við mælingu halla hefur verið lýst (Erpur S. Hansen 1995). Halli var ekki mældur í öllum byggðum (2. tafla). Leiðréttingarstuðull fyrir halla í þessum byggðum var áætlaður og var útreikningunum skipt í tvennt norður- og suðureyjar (3. mynd). Notað var meðaltal leiðréttinguðuls (normaldreift) fyrir hvort svæði fyrir sig. Fyrir norðureyjar var notað $K=1,152\pm0,080$ (staðalfrávik), $n=6$, nema fyrir brúnir Bjarnareyjar voru notaðar hallamælingar úr Bjarnareyjarbunka ($K=1,081$). Fyrir suðureyjar var notað $K=1,076\pm0,016$, $n=3$. Í skópvensgútreikningunum var notast við tilviljanakennt valin gildi úr normaldreifingum hvors svæðis.

K var reiknað í töflureikni fyrir hverja hallagráðu (h) á bilinu 0° - 50° og síðan voru þessi hnit notuð til að reikna þriðja stigs fjölliðu með aðhverfsreikningi: $K(h) = 0,994 + 0,0017h + 0,000002h^2 + 0,000003h^3$ ($R^2=99,98$). Halli (h°) 255 reita var mældur á vettvangi og var reiknað út hver styttingin vegna halla (skekkan) væri mikil í hverjum reit fyrir sig (2. tafla). Til að reikna meðaltal og 95% öryggismörk (ö.m.) var notast við „skópvensgáðferð“ eða „bootstrap“ (Efron & Tibshirani

Byggð nr. Site No.	Staður Location	Meðalhalli (°) Mean slope (°)	s.f. S.D.	Fjöldi n	K
Norðureyjar^a					
1	Ellidaey	30,4	6,69	6	1,152 ±0,080 (8)
2	Bjarnarey, Bunki ^b	25,1	6,6	88	1,104
2	Bjarnarey, brúnir ^c	23,2	4,8	6	1,081
3	Hani	-	-	-	(1,081)
4	Hæna	-	-	-	(1,152)
5	Hrauney	-	-	-	(1,152)
Heimaey					
6	Ystiklettur	27,8	8,1	119	1,136
7	Miðklettur	-	-	-	(1,152)
8	Heimaklettur	37,0	1,7	3	1,237
9	Dalfjall-Há	40,0	0,0	3	1,288
10	Sæfjall, Kervíkurfjall	-	-	-	(1,152)
11	Litlihöfði	-	-	-	(1,152)
12	Stórhöfði	29,2	5,4	10	1,140
Suðureyjar^a					
13	Álsey	22,4	2,6	3	1,076 ±0,016 (3)
14	Brandur	25,0	2,9	5	1,094
15	Suðurey	22,5	5,8	6	1,079
16	Hellisey	19,8	6,2	15	1,063
17	Hellisey	-	-	-	(1,076)
18	Litli Geldungur	-	-	-	(1,076)
19	Stóri Geldungur	-	-	-	(1,076)
19	Súlnasker	-	-	-	(1,076)
Heildarmeðaltal		26,4	7,64	254	1,129 ±0,0755 (11)

^a Sjá skilgreiningu í 1. töflu – See definition in Table 1.

^b Central cone.

^c Edges.

2. tafla. Meðalhalli (°), staðalfrávik (s.f.), fjöldi hallamælinga (n) og leiðréttingarstuðlar *K* til að leiðrétta flatarmál lundabyggða fyrir halla. Tölur í svigum eru áætlaðar. Útreikningar eru skýrðir í texta. – Mean slope (°), standard deviation of the mean (S.D.), sample size (n) and mean correction factor *K* to correct the vertical surface area for slope. Calculations are explained in the text.

1993, Chernick 1999) með forritinu *PopTools* 3.1 útgáfu (Hood 2009) í *Excel*. Grunnflatarmál hverrar byggðar var margfaldað með hverri tiltækri hallamælingu sem gaf mat á heildarflatarmáli leiðrétta fyrir halla miðað við hverja hallamælingu. Þetta var endurtekið fyrir hverja byggð og fékkst þannig dreifing á leiðrétta flatarmáli sem samsvaraði fjölda hallamælinga í hverri byggð. Úr þessari dreifingu voru tekin 10.000 sýni með endurtekningu. Þeim sýnum var síðan raðað eftir stærð og gildi dreifingarinnar nr. 250 og 9750 gáfu 95% ö.m. meðaltalsins.

Holupéttleiki

Mat á þéttleika krefst mælinga á staðnum en slíkt er seinlegt og verður því að styðjast við einhvers konar úrtak ef markmiðið er að meta stofnstærð lunda á stórum svæðum. Lundaholur voru talda á árunum 1988-1992 (258 reitir) og 2007-2009 (69 reitir). Talningaradferðum hefur áður verið ítarlega lýst (Erpur S. Hansen 1995). Notaðir voru 25 fermetra (5x5 m) réttthyrndir reitir (4. mynd). Öll holuop voru talin, óháð því hvort þær væru í notkun eða ekki. Þéttleiki varphola var mældur á samtals á 8175 m² (2. tafla). Staðsetning talningarreita var valin á tvo vegu: (1) 64 slembidreifðir reitir þar sem staðsetning innan lundabyggða var valin með slembidreifðum hnitum samtals 1600 m². (2) Ellefu reitasnið með alls 263 reitum,

samtals 6575 m². Reitasnið er samliggjandi röð 5x5 m talningarreita sem látnir eru liggja eftir brekkum, að undanskildu reitasniði í Bjarnareyjarbunka sem liggur samhliða brún þvert á halla. Þegar reitasnið lágu að hluta til um lundalaus svæði var þeim hlutum sniðanna sleppt (þ.e. utan byggða). Sniðin voru lögð út þannig að þau endurspegluðu sem best breytileika í landslagi á hverjum stað. Þéttleiki í slembivöldum talningarreitum (n=12) og reitasniðum (n=76) mældum í Elliðaey 1988-1992 var borinn saman með *F*-prófi, $F_{11,75}=1,7982$, $P>0,05$, og tvíhliða *t*-prófi, $t_{86}=1,7172$, $P>0,05$. Samkvæmt þessum niðurstöðum er ekki marktækur munur á breytileika (*F*-próf) eða meðalþéttleika (*t*-próf) milli slembivaldra reita og reita í reitasniðum, og voru þessi þéttleikagögn því sameinuð.

Athugað var hvort þéttleiki varphola hefði breyst á athuganatímabilinu með samanburði (*t*-próf) á mælingum á holupéttleika í neðanverðu Hábarði í Elliðaey 1991 og 2008.

Fjöldi lundahola

Fyrir hverja byggð var leiðrétt flatarmál margfaldað með tiltækum holupéttleikamælingum. Skópvengs-adferðin var notuð við þessa margföldun og leiðrétt flatarmál margfaldað 10.000 sinnum með tiltækum þéttleikamælingum hverrar byggðar sem gaf mat á

4. mynd. Þéttleiki og ábúðarhlutfall lundahola mæld á 25 m² talningareit. – *Atlantic Puffin burrow density measured in a 25 m² plot.* – Bérengère Bougué.



holufjölda miðað við hverja þéttleikamælingu (25 m²). Heildarfjöldi lundahola er summa meðalholufjölda allra byggða og 95% ö.m. er summa öryggismarka allra byggða. Í átta tilvikum þar sem þéttleikatölur vantar var þéttleiki varphola áætlaður og var þeim skipt í tvo flokka eftir svæðum, norðureyjar ásamt Heimaey (Hani, Hæna, Hrauney, Miðklettur, Litlihöfði) og suðureyjar (Litli- og Stóri Geldungar, Súlnasker). Notað var meðalþéttleiki á fermetra $\pm$ staðalfrávik fyrir hvort svæði: fyrir norðureyjar $0,70 \pm 0,207$ ($n=8$), en fyrir suðureyjar $1,41 \pm 0,263$ ($n=4$).

Ábúðarhlutfall

Ábúðarhlutfall er það hlutfall varphola af heildarfjölda (að frádregnum „stubbholum“) þar sem metið er að gerð hafi verið tilraun til varps. Ekki er orpið í allar holur árlega, sumar eru afræktar annað hvort tímabundið eða endanlega, meðan aðrar eru í smíðum eða hætt hefur verið við gröft þeirra ófullbúinna. Þessar nýbyggingar eru stuttar (<50 cm) og því nefndar „stubbar“ á íslensku (Tómas G. Gunnarsson o.fl. 2007). Stærð varpstofns er margfeldi ábúðarhlutfalls og heildarfjölda hola. Ábúðarhlutfall er því lykilstærð við mat á stofnstærð og þar af leiðandi ungaframleiðslu varpstofnsins.

Frá og með 2007 hefur ábúðarhlutfall í Vestmannaeyjum verið mælt beint með holumyndavélum (Peep-a-Roo, Sandpiper Technologies Inc., www.sandpipertech.com). Videomyndavélar eru festar eru framan á hálfstífan kapal sem hægt er að þræða inn eftir holugöngum, en horft er á myndina í skjáglæraugum eða á skjá (5. mynd). Lundinn sér ekki innrauðar ljósdíóður sem eru sambyggðar linsu vélarinnar og lýsa holuna upp. Myndavélin virðist ekki trufla lundann sem er annars viðkvæmur í holunni, sérstaklega þegar hann liggur á (Harris & Wanless 2011). Athuganareitir voru að uppistöðu þeir sömu og hafa verið notaðar til að mæla

varpárangur (Erpur Snær Hansen o.fl. 2009) og eru staðsettir í löngum brekkum eða á brúnum í Álsey (Vatnsgil – brekka, $N=32$) sem er fulltrúi suðureyja, fulltrúar norðureyja eru Elliðaey (Hábarð – brekka, $N=60$) og fimm byggðir í Stórhöfða á Heimaey ($N=166$): Höfðavík – brún ($N=28$), Stóra Rauf – brekka ($N=55$), Malarkórar – brún ($N=29$), Lambhilla – brún ($N=24$) og Stórató – brún ($N=30$). Einnig hafa tiltækar mælingar úr könnunarreitum verið notaðar. Allar varpholur á 25 m² reitum eru kannaðar. Ábúðarhlutfall er reiknað með því að deila í fjölda hola, sem orpið hefur verið í, með heildarholufjölda að frádregnum stubbholum. Til þess að reikna stærð varpstofns Vestmannaeyja var notað ábúðarhlutfall í samtals 258 holum árið 2010 en það ár var ábúðarhlutfallið jafnt og landsmeðaltal í þeim vörpum þar sem varpárangur var í meðallagi. Ekki var tölfraðilega marktækur munur á ábúðarhlutfalli milli norðureyja (74,3%, Elliðaey og Stórhöfði) og suðureyja



5. mynd. Holumyndavél. – *Videoprobe and goggles.* – Jules Looman.

3. tafla. Stofnreikningur lundabyggða Vestmannaeyja. Flatarmál byggða leiðrétt fyrir halla, meðalholubéttleiki, $\pm$ staðalfrávik (s.f.), og fjöldi 25 m² mælireita (n). Fjöldi hola er margfeldi leiðréttis flatarmáls og meðalþéttleika. Tölur að undanskildum þéttleika námundaðar að næsta hundrði – *Calculation of the Atlantic Puffin breeding population of Vestmannaeyjar. Colony area corrected for slope, mean burrow density, standard deviation of the mean (S.D.) and the number of 25 m² sampling plots (n). Number of burrows are the product of corrected area and density. All figures beside density are rounded to the nearest hundred.*

Nr. Svæðis Site No.	Staður Location	Leiðrétt flatarmál (m ²) Corrected area (m ²)	Holubéttleiki (n/m ²) $\pm$ s.f. Burrow density (n/m ²) $\pm$ S.D.	Mælingarár (n) Year of measurement (n)	Fjöldi hola Number of burrows	Pör Pairs	95% ö.m. 95% C.L.
Norðureyjar:^a		363.900	0,70 $\pm$ 0,207 (8)		240.100	177.400	139.300-216.600
1	Ellidæy	164.600	0,75 $\pm$ 0,05	1988 (6), 1989 (6), 1991 (76)	124.800	92.400	77.200-108.600
2	Bjarnarey, Bunki ^b	110.400	0,69 $\pm$ 0,30	1989 (5), 2009 (10)	75.800	56.100	46.900-64.000
2	Bjarnarey, brúnir ^c	50.400	0,25 $\pm$ 0,11	2009 (10)	12.700	9.400	6.900-11.800
3	Hani	15.800	(0,70)	-	11.000	8.200	3.400-13.200
4	Hæna	9.300	(0,70)	-	6.500	4.400	2.000-7.800
5	Hrauney	13.400	(0,70)	-	9.300	6.900	2.900-11.200
Heimaey:		554.100	-		400.900	297.100	229.200-376.100
6	Ystiklettur	178.300	0,46 $\pm$ 0,33	1991 (119)	82.000	60.700	53.000-68.700
7	Miðklettur	33.100	(0,70)	-	23.000	17.000	7.000-27.700
8	Heimaklettur	96.100	0,75 $\pm$ 0,27	1992 (3)	71.900	53.200	46.400-60.600
9	Dalfall-Há	94.500	1,07 $\pm$ 0,27	1992 (3)	100.800	74.700	62.100-89.000
10	Sæ- & Kervikurfjöll	81.600	0,85 $\pm$ 0,36	1992 (4), 2007 (2)	69.000	51.200	36.100-68.700
11	Litlihöfði	36.400	(0,70)	-	25.300	18.900	7.600-30.700
12	Stórhöfði	34.100	0,85 $\pm$ 0,48	1989 (10), 2008 (18)	28.900	21.400	17.000-26.100
Suðureyjar:^a		342.100	1,41 $\pm$ 0,263 (4)		479.500	355.100	280.800-428.200
13	Alsey	175.600	1,22 $\pm$ 0,12	1989 (5), 2008 (9)	210.200	155.700	124.300-185.600
14	Brandur	34.400	1,39 $\pm$ 0,73	1989 (6), 2007 (11)	47.800	35.400	27.200-44.700
15	Suðurey	76.000	1,64 $\pm$ 0,12	1989 (15)	125.600	93.000	76.000-108.900
16	Hellisey	19.100	2,28 $\pm$ 0,36	2007 (9)	43.600	32.300	28.900-35.500
17	Litli Geldungur	1.500	(1,41)	-	2.100	1.600	1.000-2.200
18	Stóri Geldungur	9.800	(1,41)	-	13.900	10.300	6.400-14.200
19	Súlnsker	25.700	(1,41)	-	36.300	26.800	17.000-37.100
Samtals		1.260.100			1.120.500^d	830.100	649.300-1.020.900

^a Sjá skilgreiningu í 1. töflu – See definition in Table 1.

^b Central cone.

^c Edges.

^d 95% ö.m. 879.100 -1.369.300.

(Álsey 75.0%) árið 2010 (G-próf: $G_{adj}=0.0063$, frítala=1) og ekki heldur árin 2008 (G-próf: $G_{adj}=0.4107$, frítala=1) og 2009 (G-próf: $G_{adj}=0.2050$, frítala=1) þegar mælingar eru til frá báðum svæðum. Gögn um ábúð voru því sameinuð fyrir allar Vestmannaeyjar. Frekari greining á ábúðarhlutföllum lunda hérlandis er fyrirhuguð í handriti um viðkomu lunda við Ísland (Erpur S. Hansen, Marinó Sigursteinsson & Arnþór Garðarsson óbirt). Þess skal getið að áður útgefið ábúðarhlutfall fyrir árið 2007 (40,2 % Erpur Snær Hansen o.fl. 2009) er hér endurskoðað með því að leggja meiri gögn til grundvallar til samræmis við reynslu og aðferð seinni ára.

Stærð varpstofns


Öryggismörk á stærð varpstofnsins voru reiknuð með skópvengsaðferð þannig að margfölduð voru saman tilviljanakennt valin gildi úr dreifingum, flatarmáls, leiðréttistuðla flatarmáls, holupéttleika og ábúðarhlutfalls, alls 10.000 sinnum fyrir hverja byggð (3. tafla). Summa meðaltala allra byggða ásamt 95% öryggismörkum gefur varpstofnstærð með öryggismörkum.

Niðurstöður

Útbreiðsla lundabyggða í Vestmannaeyjum má heita vel þekkt og er flatarmál nítján helstu lundabyggðanna með leiðréttingu fyrir halla 1.260.100 m² (3. tafla). Víðáttumestu byggðirnar eru í Ystakletti á Heimaey (178.300 m²), Álsey (175.600 m²), Elliðaey (164.600 m²) og Bjarnarey (160.800 m²). Þá koma þrjár byggðir á Heimaey: Heimaklettur (96.100 m²), Dalfjall-Há (94.500 m²), og Sæ- og Kervíkurfjöll (81.600 m²) auk Suðureyjar (76.000 m²). Aðrar byggðir eru talsvert smærri (<36.400 m², 3. tafla).

Holupéttleiki var breytilegur eftir vörpum, en eins og áður segir var Eyjum skipt eftir meðalpéttleika (holur/m²) vegnum með flatarmáli byggða í norðureyjar - (0,70 holur/m²) og suðureyjar (1,41 holur/m², 3. tafla). Minnsti péttleikinn mældist í brúnum Bjarnareyjar 0,25 holur/m², en mesti péttleikinn mældist 2,28 holur/m² í Hellisey.

Í Vestmannaeyjum var beitt mælingum og athugunum sem náðu yfir langt tímabil. Eflaust hefði verið æskilegt að athuganirnar tækju sem skemmstan tíma, en því varð ekki við komið. Hins vegar eru vísbendingar um að holufjöldi hafi lítið eða ekki breyst síðustu tvo áratugi. Sjónrænn samanburður á útbreiðslu varpa í Elliðaey á loftmyndum teknum 1989 og 2006 bendir ekki til breytinga að best verður séð. Meðalholupéttleiki í Hábarði í Elliðaey var borinn saman með reitasniðum (25 m² reitum) sem mæld voru 1991 ($1,066 \pm 0,5739$ s.f., $n=23$) og aftur 2008 ($1,016 \pm 0,1887$ s.f., $n=10$). Mismunur á staðsetningu þessara tveggja sniða eru örfáir metrar. 1991 sniðið nær 135 m frá hæsta punkti Hábarðs og niður að neðri mörkum lundavarps ofan við vatnsöfnunartank, en 2008 sniðið byrjar við þessi neðri mörk og nær 50 m upp eftir brekkunni. F-próf sýnir að dreifni er marktækt hærri 1991 ($F_{9,22}=0,1083$, $P<0,0008$). Ekki reyndist marktækur munur á meðalpéttleika samkvæmt tvíhliða t-prófi með ójafni dreifni: $t_9=-0,3748$, $P>0,05$.



6. mynd. Ábúðarhlutfall lundahola í Vestmannaeyjum 2007-2011. Lóðrétt „T“ sýna 95% öryggismörk og tölur hversu margar holur voru skoðaðar ár hvert. Neðri brotalínan sýnir meðalábúðarhlutfall í Eyjum þessi ár (62,8%), efri brotalínan sýnir landsmeðaltalið 2010 án Eyja (75,3%). – *Burrow occupancy ratio (BOR) of Atlantic Puffin burrows in Vestmannaeyjar 2007-2011. The vertical bars show 95% C.I. of individual BOR's and the numbers are sampled burrows each year. The lower horizontal broken line shows the average BOR in Vestmannaeyjar for these years (62.8%), the higher broken line shows the national mean BOR in 2010 excluding Vestmannaeyjar (75.3%).*

Fjöldi varphola í einstökum byggðum ræðst af margfeldi flatarmáls og péttleika þeirra. Heildarfjöldi varphola er 1.120.500 (95% ö.m.: 879.100-1.369.300). Í norðureyjum utan Heimaeyjar eru 240.100 holur og í suðureyjum 479.500 holur. Í Heimaey eru 400.900 holur sem bætast við fjöldann í norðureyjum sem eru þá samtals 641.000 holur. Stærsta einstaka lundabyggðin er í Álsey með 210.200 holur en næstar í röðinni eru Suðurey og Elliðaey með um 125.000 holur hvor.

Ábúðarhlutfall í 258 holum í Eyjum árið 2010 var 74,4% (95% ö.m.: 68,6-79,6) en það er hæsta ábúðarhlutfall sem hefur verið mælt í Eyjum (6. mynd). Ábúðarhlutfall hefur verið vakt að árlega í Vestmannaeyjum síðan 2007 og var meðalábúðarhlutfall til og með 2011 62,8% (6. mynd). Vakið hefur athygli bæði hve lágt og breytilegt meðalábúðarhlutfallið hefur verið þessi ár (G-próf fyrir misleitni: $G_H=58,462$, frítala=4, $P<0,000001$). Ábúð 2010 var tölfræðilega marktækt hærri (G-próf: $G_{2010}=20,682$, frítala=1, $P<0,0001$) og marktækt lægri bæði 2009 (52,3%) og 2011 (38,8%) en meðalábúð (G-próf: $G_{2009}=7,9935$, frítala=1, $P<0,01$; $G_{2011}=25,952$, f.t.=1, $P<0,000001$). Ábúðarhlutfallið í Eyjum 2010 var

tölfræðilega ekki frábrugðið landsmeðaltali (án Eyja) 2010 (75,3%, G-próf: 0,10535, frítala=1, $P>0,05$, Erpur S. Hansen, Marinó Sigursteinsson & Arnþór Garðarsson óbirt).

Varpstofn er margfeldi ábúðarhlutfalls og holufjölda og samantekið var heildarvarpstofn Vestmannaeyja 2010: 830.100 pör (95% ö.m.: 649.300-1.020.900).

Umræða

Sjófuglar verpa flestallir í þéttum byggðum og auðveldar það mat á fjölda fullorðinna varpfugla. Einfaldast er að telja hreiður (t.d. skarfa, súlu eða ritu) og umreikna fjölda þeirra yfir í pör (sjá t.d. Arnþór Garðarsson 2008). Matið er strax orðið flóknara hjá svartfuglum þegar engin hreiðurgerð er sýnileg. Það gefur auga leið að holufuglar eins og lundi eru erfiðastir viðfangs að þessu leyti. Enn flóknara er svo að meta heildarfjölda fullvaxinna fugla, því erfitt er að mæla hversu mikill hluti af viðkomandi stofni tekur þátt í varpi hverju sinni. Slíkt er þó hugsanlega mögulegt með því að fylgjast árlega með föstum hreiðurstæðum.

Aðferðin við að meta fjölda lunda í hverri byggð felst í því að vinna á nokkrum þrepum. Fyrst þarf að kanna útbreiðslu byggða, síðan að mæla flatarmál þeirra, meta þéttleika holunnar og tilsvandi fjölda hreiðra neðanjarðar. Útbreiðsla lundabyggða er nokkuð vel þekkt, heimildir eru að vísu mismunandi og auk þess hafa orðið nokkrar breytingar á síðustu 50 árum á fastalandinu sem aðallega stöfuðu af innrás minksins *Mustela vison* (Karl Skírnisson & Ævar Petersen 1980). Flatarmál byggðanna er hægt að mæla og það er auðveldast með því að beita fjarkönnun eins og hér hefur verið gert. Halli lundabyggða er yfirleitt nokkur eða $26,4^{\circ} \pm 7,64$ staðalfrávik að meðaltali í Vestmannaeyjum sem hefur þau áhrif að hækka mat miðað við lárétta mælingu um nálægt 13%. Þéttleiki holunnar er almennt séð líklegur til að svara til fjölda hreiðra (= para) að teknu tilliti til ábúðarhlutfalls.

Ábúðarhlutfall

Holur metnar í ábúð með huglægu mati er það sem kallað hefur verið „holur sem virðast vera setnar“, á ensku „Apparently Occupied Burrow“ eða AOB (Walsh o.fl. 1995). Þetta er hin hefðbundna talningareining og eru þá ósetnar holur ekki taldar. Í Bretlandi hafa menn notast við prik til að fálma eftir varpfuglum og afkvæmum þeirra (Harris & Wanless 2011), og eru holur þar milli 70-110 cm langar. Meðallengd frá opi í hreiðurkima 238 varphola í sjö byggðum í Vestmannaeyjum er 102 cm $\pm 31,9$ cm (staðalfrávik) og virðast þær því aðeins lengri hérlandis og því erfiðara að kanna innihald þeirra á sama hátt. Þess í stað hefur verið notast við ýmis ummerki í eða við holunnar, eins og nýlegan skít, bældan gróður og fótspor við mat á ábúð. Smárætur í holulofti hafa reynst okkur öðru fremur áreiðanlegar við þetta mat, en þær eru öruggt einkenni yfirgefina hola. Hinsvegar krefjast þær þess að kíkt sé vandlega inn í hverja holu sem er tímafrekt. Þegar unginn hefur klakist hefur verið notast við skítalykt

úr holu en fjaðurstafahjastur á holugólfi er mjög gott til greiningar á ábúð og var fyrrum notað við greflaveiði á pysju (Harris & Wanless 2011, Lúðvík Kristjánsson 1986). Ábúðarmat er eðlilega að nokkru einstaklingsbundið túlkunaratriði, háð veðri (ummerki um umferð eru oft skýrari eftir rigningu) og staðháttum en holunnar geta verið talsvert mismunandi í útliti eftir staðháttum og jarðvegsgerð. Bein mæling á ábúðarhlutfalli með holumyndavél er að okkar mati besta aðferðin þar sem hún byggir á beinni athugun. Skekkja sem fæst með holumyndavél getur verið umtalsverð (Hamilton 2000) en samkvæmt okkar reynslu er hún fyrst og fremst háð byggingu hola, þ.e. hvort þær veiti lunda, eggj eða unga skjól fyrir linsunni með lögun sinni, en slíkar holur er skynsamlegast að forðast.

Hlutfall stubba hefur verið notað til að meta nýliðun í vörpum (Harris & Wanless 2011). Fjöldi stubba er háður staðháttum í Vestmannaeyjum og eru þeir algengari þar sem grjót er í jarðvegi (t.d. í Stóru Rauf í Stórhöfða). Hætt hefur verið við gröft margra þessara hola. Af þessum sökum liggur ekki beint við að nota stubbahlutfall sem vísbendingu um nýliðun í Vestmannaeyjum.

Á meðal sjófugla er vel þekkt að taka sér frí frá varpi (t.d. Hudson o.fl. 2000, Grosbois & Thompson 2005, Jénouvrier o.fl. 2005). Harris & Wanless (2011) nefna að 5% af kynþroska lundapörum sleppi varpi hverju sinni í eðlilegu árferði en Ashcroft (1976) 10-30%. Þetta atferli er almennt ekki vel þekkt hjá lunda. Komið hefur í ljós í Vestmannaeyjum að í fæðuskortsárum eins og undanfarin ár (2007-2011) hefur aðeins verið orpið í hluta þeirra hola þar sem ummerki um umferð eru sýnileg og getur þannig heðbundu ábúðarmati skeikað um allt að 50%. Einnig hefur komið í ljós mikill breytileiki milli ára í ábúðarhlutfalli, mældu beint með holumyndavélum, eða á bilinu 38,8 til 74,4% árin 2007-2011 (6. mynd). Þetta samsvarar mismun á stærð varpstofns Vestmannaeyja sem nemur 435.000 pörum. Að þessu sögðu liggur fyrir að notkun AOB sem talningareiningar er háð árferði en beinar mælingar á ábúð með holumyndavélum eru lausar við slíka skekkju.

Varp var ekki með hefðbundnu sniði í lundavörpum Vestmannaeyja sumarið 2010 (Erpur S. Hansen o.fl. 2010, Erpur S. Hansen, Marinó Sigursteinsson & Arnþór Garðarsson óbirt). Um fjórðungur para varp mjög seint eða eftir 15. júní. Þessi varppör ásamt flestum öðrum (82% af heild) afræktu svo eggji aðeins nokkrum dögum eftir varp eða innan viku samkvæmt fösturþroska í öllum eggjum ($n=17$) sem skoðuð voru. Klakarángur 192 eggja í Eyjum sumarið 2010 var einungis 17,7% og hefur ekki mælst svo lágur fyrr (en varð enginn sumarið 2011). Að auki drápuð allir ungar í rannsóknaholunum og hafði það heldur ekki gerst frá því að athuganir hófust 2007. Sumarið 2010 sátu lundar sjaldan í byggðunum en ef slíkt kom fyrir voru fuglarnir að jafnaði mjög margir. Það vekur athygli að þessi algeri viðkomubrestur er samhliða hæsta ábúðarhlutfalli sem hefur mælst í Eyjum en áþekkt landsmeðaltali 2010. Kom á óvart að sjá svo hátt ábúðarhlutfall þar sem ætla mátti að nýliðun 2010

væri lítil. Nýliðun hefði átt að byggjast að mestu á fimm ára gömlum fuglum, þ.e. á 2005 árganginum en hann var smár í Eyjum samkvæmt greiningu aldurshlutfalla í háfaveiði (Erpur S. Hansen 2008, 2009, Erpur S. Hansen o.fl. 2009). Þetta háa ábúðarhlutfall í Eyjum 2010 má túlka sem vísbendingu um talsverðan innflutning varpfugla seint á varptíma 2010 eða allt að 146.000 pörum. Önnur hugsanleg skýring er að nær allur varpstofninn hafi orpið 2010. Slík viðbrögð varpstofns kunna að virðast óeðlileg í samhengi við algert gæftaleysi, enda hefði fremur mátt búast við fjölgun geldpara líkt og 2007-2009 (6. mynd). Tímasetning síðvarpsins 2010 er í fremur samræmi við að fuglar í varphug hafi yfirgefið varpheimkynni sín og látið slag standa í Eyjum. Þetta kann með öðrum orðum að hafa verið þrautalending fugla sem komust síðan að því að staðan í Eyjum var engu betri. En þá var eggþroskun of langt af stað kominn til að hætt yrði við varp. Hver svo sem uppruni þessarar síðbúnu varpfugla er, þá er ljóst að varptilrauninni var ekki fylgt eftir og flest eggin voru afrækt örfáum dögum eftir varp. Viðkomubrestur var hjá lunda víða um land sumarið 2010, m.a. í Breiðafirði, Faxaflóa og á Austurlandi (Erpur S. Hansen, Marinó Sigursteinsson o.fl. óbirt). Þessar vangaveltur velta upp þeirri spurningu hvaða ábúðarhlutfallsmæling gefi réttast mat á stofnstærð? Við ákváðum að nota landsmeðaltalið (75%) þar sem varp var eðlilegt. Óháð því hvernig þessir fuglar komu til í Eyjum 2010 þá er þetta einnig mat á stærð stofnsins áður en hann fór að réna vegna lítillar viðkomu. Lægsta ábúðarhlutfall sem mælt hefur verið hingað til var 38,8% sumarið 2011 og er það í samræmi við að nýliðun varpstofnsins sé mjög lág vegna lítillar viðkomu fyrri ára og innflutningur hafi verið fremur lítill. Án innflutnings er viðbúið er að ábúðarhlutfall verði lág og fremur lækkandi á næstu árum.

Stofnstærð og flokkun í einstakar byggðir

Almenn umfjöllun um stærð varpa er háð vegalengdum milli varpstaða og skilgreiningu á byggð eða varpi. Skilgreining á varpi sem hér er notuð byggir hvað hentugt er að telja og á augljósi landfræðilegri aðgreiningu þar sem sjór aðskilur einstakar byggðir. Einnig er notast við náttúrulega hnappdreifingu byggða sem felur í sér að einstök vörp mynda heildir, þau vörp eru nær hvert öðru en öðrum vörpum sem tilheyra þá öðrum heildum. Fjarlægðir milli varpheiða hafa lífræðilega þýðingu t.d. hvað varðar ferðalög fugla milli skilgreindra varpa en fjarlægð á fæðumið skiptir líklega mestu varðandi staðarval (t.d. Erpur S. Hansen 2003). Svo dæmi sé tekið þá skiptir litlu fyrir stuttnefju *Uria lomvia* hvort hún verpur í Hornbjargi eða Hælavíkurbjargi varðandi nálægð við fæðumið þar sem fjarlægðin milli þessara varpa (3 km) er hverfandi í samanburði við vegalengdina sem fuglarnir fara til fæðuöflunar í hafisjaðrinum (240 km, Benvenuti o.fl. 1998). Í þeim skilningi eru áður nefnd björg í raun sama varpið. Meðal- og „hámarks“ vegalengdir á fæðumið hjá lunda eru 30,4 og 60,2 km (<http://seabird.wikispaces.com/Atlantic+Puffin>), þótt undar geti farið töluvert lengra eins og í fæðuskortsárum (Anker-Nilsen & Lorentsen

1990, Kristján Lilliendahl o.fl. handrit). Um 10 km eru á milli Elliðaeyjar í norðri og Súlnaskers í suðri með miðpunkt í Stórhöfða og skarast því fæðuöflunarsvæði allra lundabyggða í Eyjum verulega og eru í raun sama varpið með hliðsjón af hlutdeild sameiginlegra fæðumiða. Í þessu ljósi er athyglisvert að meðalþéttleiki skuli vera um helmingi hærri í suðureyjum en norðureyjum. Um 7 km eru til lands frá Elliðaey og 16 km frá Stórhöfða og stendur því minna hafsvæði norðureyjum til boða nema að fljúga lengra á fæðumið. Hinsvegar eru aðeins 1,4 km milli Stórhöfða og Suðureyjar þar sem svæðamörkin liggja, því er líklegt að einhverjir aðrir en jafnframt óþekktir þættir eigi hér líka stórann hlut að máli.

ÞAKKIR

Árni Ásgeirsson, Ásgeir Árnason, Auðunn Herjólfsson, Bérengère Bougué, Bjarni Jónasson, Broddi Reyrr Hansen, Böðvar Þórisson, Cornelius Schlawe, Cristian Gallo, Einar Sigurðsson, Einar Ólafur Þorleifsson, Elínborg Sædís Pálsdóttir, Erna Svanhvít Sveinsdóttir, Georg Skæringsson, Gunnar Guðmundsson, Hafþór Hafsteinsson, Hálfán Helgi Helgason, Hermann Einarsson, Hédinn Jónasson, Ingvar Atli Sigurðsson, Jóhann Óli Hilmarsson, Jón Einar Jónsson, Jón Magnússon, Jón Marvin Pálsson, Jules Looman, Kristján Kristinnsson, Kristján Lilliendahl, Lovísa Arnbjörnsdóttir, Lucy R. Quinn, Magnús Þorsteinsson, Nick Richardson, Ólafur Einarsson, Ólafur Jónsson, Óskar Jakob Sigurðsson, Páll Marvin Jónsson, Páll Leifsson, Páll Stefánsson, Pétur Henry Petersen, Salvar Baldursson, Sigmundur Ásgeirsson, Sigurður E. Vilhelmsson, Valur Bogason, Viggó Jónsson, Viktor Sigurjónsson, Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Yann Kolbeinnsson og fjölmargt ónefnt og gott samferðafólk. Félagar í Bjargveiðifélögum Vestmannaeyja voru okkur innan handar í hvívetna. Guðmundur A. Guðmundsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Tómas Grétar Gunnarsson færðu handritið til betri vegar. Bæjarsjóður Vestmannaeyja, Nýsköpunarsjóður stúdenta, Rannsóknaráð Íslands, Veiðikortasjóður og Þjóðhátíðarsjóður styrktu rannsóknirnar.

HEIMILDIR

- Anker-Nilsen, T. & S. H. Lorentsen 1990. Distribution of Puffins *Fratercula arctica* feeding off Røst, northern Norway, during the breeding season, in relation to chick growth, prey and oceanographical parameters. – Polar Research 8: 67-76.
- Arnþór Garðarsson 2008. Súlutalning 2005-2008. – Bliki 29: 19-22.
- Ashcroft, R. E. 1976. Breeding biology and survival of Puffins. – D.Phil. thesis, Oxford.
- Baldur Johnsen 1934. Observations on the vegetation of the Westman Islands. – Societas Scientiarum Islandica, Rit 22. 39 bls.
- Benvenuti, S., F. Bonadonna, L. Dall'Antonia & G.A. Gudmundsson 1998. Foraging flights of breeding thick-billed murre (*Uria lomvia*) as revealed by bird-borne direction recorders. – Auk 115: 57-66.
- Chernick, M.R. 1999. Bootstrap methods: a practitioner's guide. – John Wiley & Sons. New York.
- Efron, R. & B. Tibshirani 1999. An introduction to the bootstrap. – Chapman & Hall, New York.
- Erpur Snær Hansen 1995. Habitat selection of the Atlantic puffin *Fratercula arctica*: in the perspective of a functional constraint by aerodynamical "take-off" capacity and the geometrical aspect of burrowing. – Fjórdi árs ritgerð við Háskóla Íslands. http://www.nattsud.is/skrar/file/Hansen_1995.pdf.
- Erpur Snær Hansen 2003. Ecophysiological constraints on energy provisioning rate by seabird parents. – Ph.D. ritgerð við Missouri háskóla, St. Louis. http://www.nattsud.is/skrar/file/Hansen_2003.pdf.
- Erpur Snær Hansen 2008. Staða lundastofns Vestmannaeyja 2008. Nýliðun lunda 2005-2007 og veiðiráðgjöf. – Náttúrustofa Suðurlands, Vestmannaeyjum. <http://www.nattsud.is>.
- Erpur Snær Hansen 2009. Staða veiðistofns lunda í Vestmannaeyjum. – Veiðidagbók Umhverfisstofnunar 14: 8-12.

- Erpur Snær Hansen & Arnþór Garðarsson 2009a. The Atlantic Puffin's population size of Vestmannaeyjar, Iceland. – Veggspjald á 10. alþjóðlegu ráðstefnu Seabird Group 27.-30. mars 2009, Provincial Court, Brugge, Belgíu. <http://www.nattsud.is/skrar/file/ES%20Hansen%20&%20A%20Garðarsson%202009%20Puffin%20Population%20of%20Vestmannaeyjar.pdf>.
- Erpur Snær Hansen & Arnþór Garðarsson 2009b. Lundatal Vestmannaeyja. – Veggspjald á Ráðstefnu Líffræðifélags Íslands 6.-7. nóvember 2009, Öskju, Háskóla Íslands. <http://www.nattsud.is/skrar/file/Erpur%20S%20Hansen%20&%20A%20C%3%BE%3%B3r%20Gar%20C%3B0arsson%202009%20Lundatal%20Vestmannaeyja.pdf>.
- Erpur Snær Hansen, Hálfán Helgi Helgason, Elínborg Sædis Pálsdóttir, Bérengère Bougué & Marinó Sigursteinsson 2009. Staða lundastofnsins í Vestmannaeyjum 2009. – Fuglar 6: 46-48.
- Erpur Snær Hansen, Marinó Sigursteinsson & Arnþór Garðarsson 2010. Vöktun á viðkomu lundastofns Vestmannaeyja 2007-2010. – Veggspjald á Norðurlóðadegi: Breytingar á norðurlóðum – Vöktun umhverfis og samfélags 10. nóvember, Norræna húsið. <http://www.nattsud.is/skrar/file/Erpur%20S%20Hansen%20ofl%202010%20V%20C%3B6ktun%20Lundastofns%20Vestmannaeyja.pdf>.
- Erpur Snær Hansen, Marinó Sigursteinsson & Arnþór Garðarsson. Viðkoma lunda við Ísland. – Handrit
- Finnur Guðmundsson 1953. Íslenskir fuglar V. Lundi *Fratercula arctica*. – Náttúrufr. 23: 43-46.
- Grosbois, V. & P.M. Thompson 2005. North Atlantic climate variation influences survival in adult fulmars. – Oikos 109: 273-290.
- Guðjón Ármann Eyjólfsson 2009. Vestmannaeyjar. – Árbók Ferðafélags Íslands.
- Hálfán Helgi Helgason, Elínborg Sædis Pálsdóttir, Óskar Jakob Sigurðsson, Ævar Petersen & Erpur Snær Hansen 2009. Lundamerkingar í Vestmannaeyjum 1953-2007. – Veggspjald á Ráðstefnu Líffræðifélags Íslands 6.-7. nóvember 2009, Öskju, Háskóla Íslands. <http://www.nattsud.is/skrar/file/H%20C%3%A1lf%20C%3%A1n%20H%20Helgason%20ofl%202009%20Lundamerkingar%20C%3AD%20Vestmannaeyjum%201953-2007.pdf>.
- Hamilton, S. 2000. How precise and accurate are data obtained using an infra-red scope on burrow-nesting Sooty Shearwaters *Puffinus griseus*? – Marine Ornithology 28: 1-6.
- Harris, M.P. & S. Wanless 2004. Atlantic Puffin *Fratercula arctica*. – Bls. 396-402 í: Mitchell, P.I., S.F. Newton, N. Ratcliffe & T. E. Dunn (ritstj.). Seabird populations of Britain and Ireland. Results of the Seabird 2000 census. – T. & A. D. Poyser, London.
- Harris, M.P. & S. Wanless 2011. The Puffin. – T. & A.D. Poyser. Calton, England.
- Hood, G.M. 2008. PopTools, 3. útgáfa. – <http://www.poptools.cse.csiro.au/poptools>.
- Hudson, C. M., H. Moller, D. Fletcher 2000. Parameter uncertainty and elasticity analyses of a population model: setting research priorities for shearwaters. – Ecological Modelling 134: 299-323.
- Jenouvrier, S., C. Barbraud, B. Cazelles & H. Wimerskirch 2005. Modeling population dynamics of seabirds: importance of the effects of climate fluctuations on breeding proportions. – Oikos 108: 511-522.
- Karl Skírnisson & Ævar Petersen 1980. Minkur. – Rit Landverndar 7: 80-94.
- Kristján Lillendahl, Erpur Snær Hansen, Valur Bogason, Páll Marvin Jónsson, Margrét Lilja Magnúsdóttir, Marinó Sigursteinsson, Hálfán Helgi Helgason, Gísli Jóhannes Óskarsson, Pálmi Freyr Óskarsson & Óskar Jakob Sigurðsson. Lundi og sandsíli við Vestmannaeyjar. – Handrit.
- Lúðvík Kristjánsson 1986. Íslenskir sjávarhættir V. – Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Nettleship, D.N. & P.G.H. Evans 1985. Distribution and status of the Atlantic alcidae. – Bls. 54-149 í: Nettleship, D.N. & T.R. Birkhead (ritstj.). The Atlantic Alcidae. Academic Press, London.
- Sturla Friðriksson & Björn Johnsen 1967. The vascular flora of the Vestmann Islands. – Societas Scientiarum Islandica, Greinar IV, 3: 37-67.
- Sturla Friðriksson, Bjartmar Sveinsbjörnsson & Skúli Magnússon 1972. On the vegetation of Heimaey, Iceland II. – Surtsey Research Progress Report 6: 36-53.
- Tómas Grétar Gunnarsson, Höskuldur Búi Jónsson, Böðvar Þórisson & Hersir Gíslason 2007. Lundavarp í Grímsey á Steingrímsfirði. – Bliki 28: 51-55.
- Valur Bogason & Kristján Lillendahl 2009. Rannsóknir á sandsíli. – Hafrannsóknir 145: 36-41.
- Walsh, P.M., D.J. Halley, M.P. Harris, A. del Nevo, I.M.W. Sim & M.L. Tasker 1995. Seabird monitoring handbook for Britain and Ireland. – JNCC / RSPB / ITE / Seabird Group, Peterborough.
- Ævar Petersen 2009. Formation of a bird community on a new island, Surtsey, Iceland. – Surtsey Research 12: 133-148.

SUMMARY

The breeding population size of Atlantic Puffin in Vestmannaeyjar, S-Iceland

The breeding population of Atlantic Puffins *Fratercula arctica* of the Vestmannaeyjar archipelago off the coast of S-Iceland was estimated using aerial photography and burrow density counts in 19 colonies. Surface area of the colonies, measured from vertical low-level aerial photographs and corrected for slope, was 112 hectares. The total estimated number of burrows was 1,120,500 with 95% confidence limits 879,100-1,369,300. In 2010 the burrow occupancy rate (BOR) estimated with burrow cameras was 74.4% (95% CL 68.6%-79.6%) and equal to the country's mean. The estimated breeding population size in 2010, calculated as the bootstrapped product of the BOR value and total number of burrows, was 830,100 pairs (95% CL 649,300-1,020,900). This corresponds to about 20% of the world population, and confirms that the Vestmannaeyjar are the largest Atlantic Puffin settlement on earth.

Erpur Snær Hansen, Náttúrustofa Suðurlands / South Iceland Nature Centre, Strandvegur 50, IS-900 Vestmannaeyjar (erpur@nattsud.is).

Marinó Sigursteinsson, Fjólugata 15, IS-900 Vestmannaeyjar (midstodin@midstodin.is)

Arnþór Garðarsson, Líffræðistofnun Háskóla Íslands / Institute of Biology, University of Iceland, Askja, Sturlugata 7, IS-101 Reykjavík (arnthor@hi.is).

Tilvitnun:

Erpur Snær Hansen, Marinó Sigursteinsson & Arnþór Garðarsson 2011. Lundatal Vestmannaeyja. – Bliki 31: 15-24.

Brandendur í Borgarfirði 2007 og 2008

Brandendur voru taldar sumurin 2007 og 2008 í Andakílsósi og nokkrum leirum í nágrenni hans í Borgarfirði. Brandendur sem notuðu athugunarsvæðið voru tæp fimm hundruð að hausti og var hlutfall unga í ágúst 45-47%. Á bilinu 60-80 fullorðnir fuglar notuðu svæðið að vori en síðan fjölgaði í júní og voru þá um 200 fullorðnar brandendur á svæðinu. Minni hluti þeirra sást fylgja ungum og virtust flestar vera geldfuglar. Með fyrirvara um eggjafjölda og meðalfjölda unga á par (3-5 ungar) má áætla að á bilinu 40-60 pör hafi orpið í Borgarfirði þessi ár og komið upp ungum.

Inngangur


Brandönd *Tadorna tadorna* (1. mynd) er tiltölulega stór fugl af andaætt (Anatidae), en er þó hvorki sömu undirættar og eiginlegar endur (Anatini) né gæsir eða svanir (Anserini) heldur af undirætt gæsanda (Tadornini). Brandönd er ekki jafn bundin við vatn og endur (*Anas* spp., *Aythya* spp., *Mergini*), á auðvelt um gang og hleypur jafnvel auðveldlega. Flug brandanda er líkara flugi gæsa fremur en anda því þær eru ekki sérlega hraðfleygar og fara áfram með hægum, öflugum vængjatökum. Við upphaf varps leita pör að hentugu hreiðurstæði en eyða þó miklum tíma í félagsskap annarra para á fæðusvæðum eða í grennd við þau, þá oft fjarri hreiðrinu og er það kallað þing (e: *parliament*) eða sambýli (e: *commune*) (Hori 1964a,b, Patterson 1982). Brandönd nýtir einkum leirur sem eru undir grunnu vatni og þurrar til skiptis, annaðhvort vegna sjávarfalla eða breytilegrar vatnsstöðu vegna uppgufunar. Brandönd heldur sig nálægt söltu eða ísöltu vatni, annaðhvort við grunnar strendur, voga og árósa, eða þá innhöf og stöðuvötn. Erlendis er varp háð framboði á hentugum hreiðurholum. Brandendur verpa oft í sandöldur eða í þéttan gróður, helst með einhvers konar þyrnum. Þá eru manngerðir staðir vinsæl hreiðurstæði, s.s. kornstaflar, veggir, jarðhýsi, yfirgefnar byggingar, hreiðurkassar, trjáholur eða sprungur og

svo holur gerðar af ýmsum spendýrum, oftast kanínum (Cramp & Simmons 1978, Patterson 1982).

Brandönd var lengi sjaldséð á Íslandi en árin 1979-1991 sáust mest fimm fuglar á ári á landinu öllu (Gunnlaugur Práinsson o.fl.1994). Brandönd varp í fyrsta sinn á Íslandi árið 1990, en þá sást par með sex unga við Gáseyri í Eyjafirði (Þórir Snorrason 1992). Árið 1992 sáust 10 fuglar á landinu öllu og varp þá tegundin í annað sinn á Íslandi, nú í Borgarfirði (Gunnlaugur Práinsson o.fl. 1994). Ári síðar sást þar par með 11 unga og næstu ár urpu nokkur pör (Gunnlaugur Práinsson o.fl. 1995, Gunnlaugur Práinsson & Gunnlaugur Pétursson 1998). Árið 1999 urpu þrjú pör í Borgarfirði, auk þess sem ný varppör fundust á Melrakkaslétu og í Eyjafirði og 2003 urpu a.m.k. átta pör sem sáust með 55 unga í Borgarfirði, auk stakra para í Eyjafirði, Melrakkaslétu, Djúpavogi og Hornafirði (Yann Kolbeinsson o.fl. 2003, 2006, Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2008, Yann Kolbeinsson & Guðmundur Örn Benediktsson 2012). Árið 2004 var varp brandandar á Íslandi talið stöðugt og fremur í vexti, en það ár komu 18 pör upp ungum, þar af 10 í Borgarfirði (Yann Kolbeinsson o.fl. 2007). Brandönd er farfugl á Íslandi en vetrarstöðvar hennar eru óþekktar (Yann Kolbeinsson o.fl. 2007). Á Íslandi verpa



1. mynd. Brandönd. Kvenfugl með unga við ósa Andakílsár, 24. júlí 2010.
– Jóhann Óli Hilmarsson.



2. mynd. Kort af athugunarsvæðinu í Borgarfirði 2007-2008. Rauðir hringir sýna helstu athugunarstaði.

brandendur undir rofabörðum, undir sumarhúsum, í gjótum og svo við útihús eða jafnvel tóftir (Ævar Petersen 1998, Nátturufræðistofnun Íslands 2000).

Stofnmat er grunnur ýmiss konar annarrar þekkingar á vistkerfum, en til þess þarf traustar tölur um stærð viðkomandi stofna, sem getur verið áhugavert að endurtaka í nokkurn tíma (Arnþór Garðarsson 2009). Sumurin 2007 og 2008 voru brandendur taldar í Andakílsós og nágrenni til að meta fjölda og samsetningu hópa sem

nota leirurnar í Borgarfirði frá vetrarlokum til sumarloka. Þetta svæði nær ekki utan um alla varpstaði brandandar á Vesturlandi en notast var við skilgreint landssvæði sem tegundin hefur notað reglulega í tæpa tvo áratugi frá landnámi sínu hérlandis. Metið var hversu margar brandendur nota þetta ákveðna svæði yfir vor- og sumartímann og þær flokkaðar eftir atferli. Fjöldi unga á hvert varppar var metinn með því að telja pör í júní og júlí, áður en fjölskyldur renna saman í stærri hópa í ágúst.

1. tafla. Atferlisskilgreiningar fyrir talningar á brandöndum, notaðar við talningar í Andakílsós sumurin 2007 og 2008. Byggt á Paulus (1983).

Í hóp á leiru

Ógreint – Pör og fjölskyldur ekki greinanleg innan hópsins, hópur þéttur og þá fjöldi einstaklinga talinn. Ungar greindir sé þess kostur.

Pör inni í hóp

Pör hluti af stærri fuglahóp, annaðhvort úti á leiru eða við strendur. Párið sést greinilega sem eining innan hópsins en er sátt við félagsskap annarra einstaklinga.

Pör dreifð á leiru

Pör með fæðusvæði, t.d. á leiru.

Pör verja blett úti á leiru og ekki nærri strönd eða neinu sem getur talist varpstaður, en eru ekki endilega mjög langt frá öðrum einstaklingum. Párið sést e.t.v. bæjja öðrum brandöndum frá þessum bletti.

Pör á óðali

Pör sjást ein sér og virðast verja óðal, meðfram strandlengju og kjósa að vera útaf fyrir sig. Hér getur verið um alvarlega varptilraun að ræða eða ungt par í fyrstu tilraun. Hreiður ekki staðfest. Stakir steggir á varðbergi eru taldir með.

Pör með unga eða staðfesta varptilraun


Pör með hreiður

Pör sjást ein sér og virðast verja óðal og kjósa að vera útaf fyrir sig. Hér getur verið um alvarlega varptilraun að ræða eða ungt par í fyrstu tilraun. Hreiður er hér staðfest með afgerandi hætti, s.s. kolla sést fljúga af og holan er þekkt.

Pör með unga

Pör með unga. Tiltekið er hvort þau væru ein sér eða hluti af hóp.

3. mynd. Fjöldi einstaklinga í Andakílsósi að vorlagi 2007 (efri) og 2008 (neðri). Dagsetningar eru sameinaðar milli ára.



Aðferðir

Athugunarsvæði

Brandendur voru talðar einu til fjórum sinnum í mánuði í Borgarfirði frá 15. mars til 1. september 2007 og 2008. Talningasvæðið náði yfir Hvanneyri, Andakílsós frá Andakílsá suður fyrir Grjóteyri og austan Kistuhöfða, auk austurbakka Hvítár sunnan Ferjubakka, Borgarvogs og Grímólfsvíkur (2. mynd). Langá bættist svo við talningasvæðið 2008. Kostirnir við þetta talningasvæði eru gott aðgengi af vegum og að ekki þarf að nálgast fuglana fótgangandi og hætta þar með á að styggja þá.

Talningar

Talið var með 20-60x fjar sjá. Yfirleitt var talið úr bíl frá vegum í Borgarnesi og frá Grjóteyri, Innri Skeljabrekku og á Hvanneyri, þ.e. meðfram Hvítá. Brandendur voru flokkaðar í pör, staka fugla og unga eftir því sem færi gafst (1. tafla) fram í ágúst, en þá voru hópar orðnir of þéttir til annars en að aldursgreina fuglana. Höfundur taldi sjálfur, að 13. ágúst 2007 frátöldum (Kristinn Haukur Skarphéðinsson, í tölvupósti). Flokkun höfundar í pör og staka fugla eða hópa úti á leirum byggir sem fyrr (sjá Jón Einar Jónsson & Arnþór Garðarsson 2001, Jón Einar Jónsson & Alan D. Afton 2009) á aðferðafræði Paulus

(1983): 1) pör forðast aðra fugla eða bægja þeim frá í sameiningu; 2) Pör sýna stöðuga samhæfingu í virkni, einkum hreyfingum (sund eða gangur); paraðir fuglar halda sig gjarnan innan 2 m fjarlægðar við hvorn annan mestallan athugunartímann. Pör sem sáust á óðali eða með unga snemma sumars voru talin. Hlutfall unga af heildarfjölda í ágúst, ásamt fjölda para með unga var notaður til að áætla ungaframleiðslu.


Niðurstöður

Komutími að vori

Fyrstu brandendur sáust á athugunarsvæði í síðustu viku mars bæði árin. Þann 28. mars 2007 sáust þrír fullorðnir fuglar á flugi yfir Grjóteyri. Þann 23. mars 2008 sáust sex pör á leirunni við Grjóteyri. Í byrjun apríl, bæði árin, voru nokkrir tugir fugla komnir á leiruna (3. mynd).

Pör á leirum í apríl

Þann 6. apríl 2007 voru fuglarnir dreifðir á þann hátt að hægt var að greina pör og einstaklinga á atferli. Þá sáust 66 paraðir fuglar á svæðinu, en mest sást 71 fugl þann 10. apríl (3. mynd). Dagana 26. og 30. apríl sáust 16-18 paraðir fuglar á svæðinu. Þrír óparaðir steggir sáust í öll þessi skipti.



4. mynd. Fjöldi fullorðinna brandanda og unga í Andakílsós sumurin 2007 og 2008. Ekki var talið seinni part júlí árið 2007 og því er eyða í 2007 til að samræma tímaásana.

Ekki var unnt að greina pör í hópum framan af apríl 2008 en þá voru 40-50 fuglar á svæðinu (3. mynd). Mest sást 81 fugl þann 16. apríl. Þann 23. apríl var unnt að greina til para og sáust þá 30 pör og fjórir steggir.

Pör á leirum og óðali í maí-júní

Bæði árin fækkaði á leirunni í lok apríl (3. mynd), þegar paraðar brandendur dreifðu sér en þann dag sást líka til þeirra á Hvanneyri og nærliggjandi jörðum, ásamt Langá og Skorradalavatni. Þann 22. maí 2007 fundust 23 pör á athugasvæðinu, sem voru annaðhvort útaf fyrir sig eða sýndu óðalsatferli. Alls sáust 78 fullorðnar brandendur í þeirri talningu.

Þann 7. maí 2008 sáust 43 pör og 14 steggir á athugasvæðinu. Af þeim voru 25 pör og sjö steggir úti á leirum undan Grjótreyri og Kistuhöfða, en 18 pör og sjö steggir voru flokkuð sem pör með óðalsatferli.

Ungar

Fyrstu ungar sáust í byrjun júní bæði árin (4. mynd), en síðan fjölgaði ungum ekki fyrr en eftir mánaðarmótin júní-júlí. Bæði árin sáust 200-220 ungar á svæðinu í ágúst. Í júlí fjölgaði ungum hægt en fjöldi þeirra tvöfaldaðist um miðjan ágúst (4. mynd). Ungar voru 45% af öllum brandöndum ($n=457$) 13. ágúst 2007 og 47%

($n=477$) þann 26. ágúst 2008. Eftir ágústbyrjun voru nær allir ungar vaxnir sem samsvaraði þremur fjórðu hlutum af stærð fullorðinna fugla.


Fjöldi unga og foreldra var svipaður bæði árin. Í júlí 2007 sáust þrennir foreldrar með einn unga, og svo sáust pör með fjóra, fimm, sjö, átta, níu og ellefu unga. Meðalfjöldi unga á foreldri var því 3,5 árið 2007 en miðgildið 4,0 ungar á foreldri.

Þann 29. júlí 2008 voru ungar enn með foreldrum. Þá sáust annaðhvort stakir steggir eða pör með einn, fjóra, fimm, sjö, níu og tíu unga, auk þess sem þrjú pör sáust með sex unga ($n=9$ pör/steggir og 49 ungar). Í fjórum fjölskyldum voru ungar aðeins í fylgd steggjara. Auk þess sáust þrír ungar er ekki höfðu fylgd fullorðinna fugla. Þann 7. ágúst var svipaður ungafjöldi (42) kominn í einn hóp ásamt 17 fullorðnum brandöndum. Meðalfjöldi unga á foreldri var 5,4 árið 2008 en miðgildið var 4,5 ungar á foreldri.

Fullorðnir án unga í júní-júlí

Flestar brandendur í fullorðinsbúningi (eins árs og eldri) héldu sig í stórum hópi á leirunni í Andakílsós (5. mynd) í júní og júlí. Í ágúst voru næstum allar brandendur á athugasvæðinu saman í þessum hópi. Hlutfall fullorðinna fugla sem annaðhvort vörðu óðal eða sáust

5. mynd. Flokkun á fullorðnum brandöndum í Andakílsós eftir félagshegðan (sjá 1. töflu) sumurinn 2007 (efri mynd) og 2008 (neðri mynd). Ekki var talið í lok júlí 2007 og því er eyða í 2007 til að samræma tímaásana.



með unga var yfirleitt á bilinu 10-20% í júní og júlí. Mesti fjöldi fullorðinna brandanda sem sáust voru 206 árið 2007 og 224 árið 2008.

Umræður

Nú er fylgst með brandönd í Borgarfirði (Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi og samstarfsstofnanir, á Melrakkaslétu (Nátturustofa Norðausturlands, Yann Kolbeinsson & Guðmundur Örn Benediktsson 2012) og í Skaftafellssýslu (Fuglaathugunarstöð Suðausturlands, Höfn í Hornafirði). Áhugasamir fylgjast með víðar um land þar sem brandendur hafa birst undanfarin ár. Sem stendur eru brandendur annars staðar á landinu færri og tiltölulega auðtaldari en hópurinn sem notaði leirurnar í Borgarfirði 2007-2008. Ekki þarf að deila um að frekari útbreiðsla tegundarinnar er líkleg (sjá einnig Yann Kolbeinsson o.fl. 2008), þ.e. ef geldfuglarnir sem sáust 2007-2008 skila sér í verpandi pörum næstu árin.

Greiðlega gekk að greina pör vorið 2007 en aðeins var unnt að greina pör í einni talningu 2008. Notagildi paratalninga að vori hangir á þeirri forsendu að það séu varpfuglarnir sem mæta fyrstir en líka á því að pörin helgi sér tímabundið fæðuóðal á leirum, líkt og tjaldar *Haematopus ostralegus* gera gjarnan (Patterson 1982, Ens o.fl. 1992).

Bæði árin fækkaði brandandarpörum á athugunarsvæði í lok apríl, sem bendir til þess að brandendur sem verpa annars staðar noti svæðið að vori. Brandendur á Vesturlandi verpa víðar en svo að athugunarsvæðið nái utan um þau í kringum varp og meðan ungar eru nýskriðnir t.d. upp með Grímsá og Hvíta (Jón Einar Jónsson óbirt gögn) eða við Akraós þar sem hópar hafa sést um mánaðarmótin apríl-maí (Tómas G. Gunnarsson óbirt gögn). Ekki bætir félagshegðan brandanda úr skák þar sem fjölskyldur splundrast og renna saman á víxl (Hori 1964a,b, Williams 1974, Patterson 1982). Arnþór Garðarsson hefur lagt til að menn noti heildarfjöldi unga á ákveðnu svæði sem vísitölu á varpárangur anda (í bréfi).

Fjöldi unga varð áberandi mestur í ágúst, þegar flestir þeirra voru orðnir all stálpaðir. Um er að ræða stóra hópa sem samanstanda af ungum og fullorðnum fuglum. Á þessum tíma voru fjölskyldutengsl orðin losaraleg eða lítil sem engin. Í ágúst var unnt að meta hlutfall unga (ungar/heildarfjöldi) líkt og gert er með gæsir (sjá t.d. Alisauskas 2002). Það gefur vísitölu á heildarframleiðslu svæðisins en ómögulegt var að meta ungafjölda á hvert par við þessar aðstæður. Þá er ekki hægt að útiloka með algerri vissu að ungar og fullorðnir finnist ekki á öðrum stöðum í nágrenninu. Litmerkingar á brandöndum væru ákjósanlegar til að fylgjast með ferðalögum þeirra á Vesturlandi.

Fáir ungar sáust fram í júlí en síðan birtust margir í ágúst. Það getur átt sér ýmsar skýringar. Byrjun varps er breytileg og er mögulegt að flest pör verpi ekki fyrr en í júní eða jafnvel júlí. Þörin gætu orpið aftur hafi fyrsta tilraun misfarist í maí. Ljóst er að sum pör með unga halda sig fjarri leirunum þar til í ágúst.

Í Andakílsós sást stór hópur fugla í fullorðinsbúningi í júní-júlí, sem samanstóð sennilega af fullorðnum fuglum í felli eða ungum undanfarinna 2-3 ára sem helguðu sér ekki óðal. Þessi hópur var um 100 einstaklingum stærri 2008 en 2007. Meðal stærri andfugla er ekki óalengt að 30-40% stofnsins séu varpfuglar en hitt ókynproska (1-2 ára) geldfuglar, s.s. hjá álfm *Cygnus cygnus* (Arnbór Garðarsson & Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1984, Tómas Grétar Gunnarsson 2003). Gíska má á að sum paranna sem verpa seint hópi sig með þessum geldfuglum úti á leiru, en önnur séu í grennd við óðal sitt fjarri leirunum. Í skoskri rannsókn á brandöndum, merktum sem ungar eða eins árs, voru 20% fugla sem aldrei helguðu sér óðal eftir að þeir urðu fjörurra ára og eldri. Af þeim sem einhvern tíma helguðu sér óðul (en þeir gerðu það allir fyrir fjögurra ára aldur), gerði enginn það eins árs, helmingurinn þegar þeir voru tveggja ára og þrír-fjórðu þegar þeir voru þriggja ára (Patterson 1982).

Æskilegt væri að kanna breytileika í fjölda unga sem hvert par leiðir út en það kostar yfirgripsmeiri rannsóknir og yrði sennilega tímafrekt verk. Nokkrar vísbendingar liggja fyrir um fúlegg í hreiðrum brandandar (JE) óbirt gögn) og því gæti fjöldi eggja í hreiðrum, án athugunar á klaki, ofmetið ungafjölda brandandarpa.

Miðað við það átak sem beitt var 2007-2008 eru talningar í ágúst (fjöldi unga eða fjöldi einstaklinga að hausti) skásta stofnvísitalan sem stendur. Að hausti taldi stofninn 457 fugla 2007 og 477 fugla 2008. Miðað við ungafjöldann í ágúst eru varppörin líklega ekki færri en 20-30 (miðað við 7-8 unga á par sem meðaltalsgildi; Patterson 1982), en sennilega eru þau um 40-60 talsins (miðað við meðalfjölda unga sem sást með hverju pari 2007-2008).

ÞAKKIR

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi, Náttúrustofa Vesturlands, Landbúnaðarháskóli (LBHÍ) Íslands á Hvanneyri og Nátturufræðistofnun Íslands studdu við bakið á þessu verkefni. Nemendum JE í Dýrafræði hryggdýra við LBHI vorin 2007 og 2008 er sérstaklega þökkud ástundun þeirra við brandendurnar. Höfundur þakkar Tómasi G. Gunnarssyni, Róbert A. Stefánssyni, Menju Von Schmalensee, Ævari Petersen, Kristni Hauki Skarphéðinssyni, Yann Kolbeinssyni, Höllu Kjartansdóttur, Sigurjóni Einarssyni, Sigmundi Helga Brink og Sigurbjörgu A. Henrysdóttur fyrir margvíslega aðstoð.

HEIMILDIR

- Alisauskas, R.T. 2002. Arctic climate, spring nutrition, and recruitment in midcontinent lesser snow geese. – *Journal of Wildlife Management* 66: 181-193.
- Arnbór Garðarsson 2009. Fjöldi æðarfugls, hávellu, toppandar og stokkandar á grunnsævi að vetri. – *Bliki* 30: 49-54.
- Arnbór Garðarsson & Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1984. A census of the Icelandic Whooper Swan population. – *Wildfowl* 35: 37-47.

- Cramp, S. & K.E.L. Simmons 1977. The birds of the Western Palearctic. Vol. 1: ostrich to ducks. – Oxford Univ. Press, Oxford, U.K.
- Ens, B.J., M. Kersten, A. Brenninkmeijer, & B. Hulscher 1992. Territory Quality, Parental Effort and Reproductive Success of Oystercatchers (*Haematopus ostralegus*). – *Journal of Animal Ecology* 61: 703-715.
- Gunnlaugur Práinsson, Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1994. Sjalldgæfir fuglar á Íslandi 1992. – *Bliki* 14: 17-48.
- Gunnlaugur Práinsson, Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1995. Sjalldgæfir fuglar á Íslandi 1993. – *Bliki* 15: 21-51.
- Gunnlaugur Práinsson & Gunnlaugur Pétursson 1998. Sjalldgæfir fuglar á Íslandi 1996. – *Bliki* 19: 13-42.
- Hori, J. 1964a. The breeding biology of the shelduck *Tadorna tadorna*. – *Ibis* 106: 333-360.
- Hori, J. 1964b. Parental care in the shelduck. – *Wildfowl* 15: 100-103.
- Jón Einar Jónsson & Arnbór Garðarsson. 2001. The pair formation in relation to climate: Mallard, Eurasian Wigeon and Eurasian Teal wintering in Iceland. – *Wildfowl* 52: 55-68.
- Jón Einar Jónsson & A.D. Afton 2009. Time Budgets of Snow Geese and Ross's Geese in Mixed Flocks: implications of body size, ambient temperature and family associations. – *Ibis* 151: 134-144.
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2008. Fuglalíf í Djúpvogshreppi. – *Bliki* 28: 1-18.
- Nátturufræðistofnun Íslands 2000. Válisti 2. Fuglar. – Nátturufræðistofnun Íslands, Reykjavík.
- Patterson, I.J. 1982. The Shelduck. A study in behavioural ecology. – Cambridge University Press, Cambridge.
- Paulus, S.L. 1983. Dominance relations, resource use, and pairing chronology of gadwalls in winter. – *Auk* 100: 947-952.
- Tómas Grétar Gunnarsson 2003. Af varpvistfræði álfm í uppsveitum Árnessýslu 1996. – *Bliki* 24: 13-24.
- Yann Kolbeinsson & Guðmundur Örn Benediktsson 2012. Landnám brandandar á Melrakkaslétu. – *Bliki* 32, í prentun.
- Yann Kolbeinsson, Gunnlaugur Práinsson & Gunnlaugur Pétursson 2003. Sjalldgæfir fuglar á Íslandi 1999. – *Bliki* 23: 21-49.
- Yann Kolbeinsson, Gunnlaugur Práinsson & Gunnlaugur Pétursson 2006. Sjalldgæfir fuglar á Íslandi 2003. – *Bliki* 27: 27-50.
- Yann Kolbeinsson, Gunnlaugur Práinsson & Gunnlaugur Pétursson 2007. Sjalldgæfir fuglar á Íslandi 2004. – *Bliki* 28: 25-50.
- Yann Kolbeinsson, Gunnlaugur Práinsson & Gunnlaugur Pétursson 2008. Sjalldgæfir fuglar á Íslandi 2005. – *Bliki* 29: 23-44.
- Williams, M.J. 1974. Creching behaviour of the shelduck *Tadorna tadorna* L. – *Ornis Scandinavica* 5: 131-143.
- Ævar Petersen 1998. Íslenskir fuglar. – Vaka-Helgafell, Reykjavík.
- Þórir Snorrason 1992. Brandendur í Eyjafirði 1990. – *Bliki* 12: 9-10.

SUMMARY

Common Shelduck in Andakílsárós, W-Iceland, 2007-2008.

Common Shelduck *Tadorna tadorna* were surveyed at the mudflat of Andakílsós, W-Iceland, in summers 2007 and 2008. The autumn population consists of nearly five hundred birds, where approximately 45% of which are young from the summer. It is estimated that 30-60 pairs were responsible for the breeding output in this area. In addition to breeding adults, 100-200 immature adults used the mudflats during the summer. Further studies are needed to estimate the number of breeding pairs more accurately. Non-breeders seem common among adult birds. Future surveyors need to pay attention to behavior of pairs if pair counts are to be a part of a population monitoring program. At present, total counts of ratios of young to adults are the best index for population monitoring.

Jón Einar Jónsson, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi (joneinar@hi.is).

Tilvitnun:

Jón Einar Jónsson 2011. Brandendur í Borgarfirði 2007 og 2008. – *Bliki* 31: 25-30.

Dreifing og fjöldi flórgoða á Íslandi 2004-2005

Dreifing og fjöldi flórgoða á Íslandi var könnuð árin 2004-2005. Unnið var eftir sömu aðferðum og þegar stærð flórgoðastofnsins var metin árin 1990 og 1992. Heimsóttir voru þekktir varpstaðir flórgoða um allt land og fjöldi flórgoða áætlaður. Stærð stofnsins var talin vera um 700 pör og hafði rúmlega tvöfaldast frá því um 1990. Þá hafði stofninn dregist mikið saman frá því á fyrri hluta 20. aldar. Sterkasta vígi flórgoðans hér á landi er sem áður í Þingeyjarsýslum þar sem Mývatn, Sandvatn í Mývatnssveit og Víkingavatn eru helstu flórgoðavötnin. Utan Þingeyjarsýslna eru Skagafjörður og Hérað mikilvæg flórgoðasvæði. Annars staðar eru flórgoðar strjálir varpfuglar. Eftir að flórgoðum tók að fjölga á ný hafa þeir numið mörg fyrri varplönd vítt og breitt um landið.

Inngangur

Flórgoði *Podiceps auritus* (1. mynd) er vatnafugl af goðaætt (Podicipedidae) og eini fulltrúi þeirrar ættar sem verpur hér á landi, en alls eru 20 tegundir goða í heiminum (Fjeldsá 2004). Flórgoða er að finna í N-Evrópu auk A-Síberíu í Asíu og N-Ameríku, aðallega á breiddargráðum 50 til 65° N. Hér á landi er flórgoði algengastur á þingeyskum vötnum, einkum Mývatni, Sandvatni í Mývatnssveit og Víkingavatni í Kelduhverfi

en fremur strjáll varpfugl í öðrum landshlutum (Fjeldsá 1973, Arnþór Garðarsson 1979, 1991, Ólafur K. Nielsen 1998, Ævar Petersen 1998).

Flórgoðar koma á varpstöðvar í apríl en um leið og ísa leysir af vötnum dreifast þörin á varpstaði og helga sér óðul sem þau verja yfir varptímann (Porkell Lindberg Þórarinnsson 2001). Flórgoðar yfirgefa varpstöðvarnar aftur á tímabilinu september til október. Í okkar heimshluta



1. mynd. Flórgoði *Podiceps auritus*. – Sindri Skúlason.

hafa flórgoðar vetursetu á grunnsævi (Evans 2000, Fjeldsá 2004). Takmarkaðar upplýsingar eru til um hvar íslenskir flórgoðar hafa vetursetu en þekkt er að nokkrir fuglar halda sig við suðvesturströndina yfir vetrarmánuðina. Meginhluti stofnsins dvelur utanlands og er talið að íslenskir flórgoðar haldi sig við Bretlandseyjar, Færeyjar og SV-Grænland (Fjeldsá 1973, Ævar Petersen 1998). Flórgoði er á valista flokkaður sem tegund í yfirvofandi hættu (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000).

Síðustu áratugi hefur íslenski flórgoðastofninn gengið í gegnum miklar breytingar. Í ritgerð Ólafs K. Nielsen (1998) um hrun íslenska flórgoðastofnsins er saga fækkunar rakin frá því um 1950 og fram til um 1990. Ritgerðin byggir m.a. á úttekt sem gerð var á íslenska flórgoðastofninum í Mývatnssveit árið 1990 og utan hennar árið 1992. Sýndi rannsóknin mikla fækkun í stofninum og talið var að stærð hans næmi aðeins um 300 pörum. Fljótlega upp úr þessu gáfu vatnafuglatalningar í Mývatnssveit vísbendingu um að stofninn væri að rétta úr kútnum. Árið 1998 var svo flórgoðavarp kannað í Mývatnssveit og kom í ljós að stofninn þar virtist hafa náð fyrri stærð (Árni Einarsson 2000).

Hér verður gerð grein fyrir landskönnun á stöðu flórgoðastofnsins árin 2004-2005. Hún var unnin í samstarfi nokkurra náttúrustofa, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn. Einnig fengust upplýsingar um flórgoðavarp frá ýmsum einstaklingum.

Aðferðir

Á tímabilinu maí-júlí 2004 og 2005 var flórgoðavarp kannað á 232 stöðum á landinu. Flórgoðar voru taldir með því að skima yfir tjarnir og vötn með kík og fjarsjá frá stöðum þar sem sást vel yfir. Byggt var á gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands um varpstaði flórgoða á Íslandi en sá háttur var einnig hafður á við fyrri rannsókn 1990 og 1992. Flestir staðir í gagnagrunninum voru skoðaðir en einnig voru heimsóttir nokkrir nýir er þóttu líklegir varpstaðir. Þeir skráðu varpstaðir sem ekki voru kannaðir höfðu margir verið kannaðir önnur ár, án þess að sjá flórgoða. Voru litlar líkur taldar á flórgoðavarp á þessum stöðum, a.m.k. ekki í umtalsverðum mæli.

Í Mývatnssveit voru flórgoðar taldir í árlegri vatna-fuglatalningu Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn. Talningin er stöðluð milli ára og beinist að fjölda fugla að vori, hvort sem þeir eru verandi eða ekki og gefur vísitölu um breytingar (Arnþór Garðarsson 1979). Ekki er hægt að gera ráð fyrir því að allir flórgoðar sjáist í talningum í Mývatnssveit þar sem svæðið er stórt og erfitt að kanna til fullnustu. Raunverulega stofnstærð flórgoða í Mývatnssveit er því erfitt að meta nema með hreiðurtalningum sem eru tímafrekar. Árin 1990 og 1998 voru flórgoðahreiddur talin í Mývatnssveit (Ólafur K. Nielsen 1998, Árni Einarsson 2000) og sýndu þessar hreiðurtalningar að fjöldi flórgoða er vanmetinn í hefðbundnum vortalningum. Einnig virðast hlutfallslega fleiri fuglar sjást í vortalningum þegar stofninn er stór (Árni Einarsson 2000). Gæti þetta stafað af takmörkuðu

1. tafla. Fjöldi flórgoða á Íslandi árin 2004-2005 eftir landsvæðum. – *Counts of Horned Grebes in different parts of Iceland in 2004-2005.*

Svæði <i>Region</i>	Fjöldi fugla <i>No. of birds</i>	Hlutfall <i>(%)</i>
Pingeyjarsýslur (NE)	1079	78
Austurland (E)	97	7
Suðurland (S)	23	2
Vesturland og Vestfirðir (W)	35	3
Norðurland utan Pingeyjarsýslna (N)	144	10
Samtals – <i>Total:</i>	1378	100

framboði heppilegra varpstaða þegar stofninn er stór en þekkt er að sum pör helga sér ekki óðul fyrr en önnur hætta að verja sín eftir að ungar klekjast úr eggjum (Þorkell Lindberg Þórarinnsson 2001). Fjöldi flórgoða í hefðbundnum fuglatalningum á Mývatni árin 2004-2005 var svipaður og árið 1998. Hlutfall fugla sem sást í talningum miðað við fjölda hreiðra (79,7%) árið 1998 (Árni Einarsson 2000) var notað til að meta fjölda varppara árin 2004-2005.

Utan Mývatnssveitar var fjöldi flórgoða einungis áætlaður út frá beinum talningum, enda var þar gert ráð fyrir að allir fuglar sæjust. Á sumum varpstöðum var talið bæði árin 2004 og 2005. Við stofnmat þar var notast við meðaltal áranna tveggja og námunðað að heilli tölu.

Niðurstöður

Alls voru flórgoðar á 91 varpstað á Íslandi árin 2004-2005 (Viðauki). Heildarfjöldi þeirra var 1378 (1. tafla). Það jafngildir 689 pörum, séu allir fuglar taldir paraðir varpfuglar. Flórgoðar verða kynþroska árgamlir (Kaufmann 1996) og má því gera ráð fyrir að flestir, ef ekki allir, taki þátt í varpi.

Stærsti hluti íslenska flórgoðastofnsins var í Pingeyjarsýslum, eða 78%. Þar hefur flórgoða einnig fjölgað mest frá því um 1990, eða 165% á um 15 árum (2. tafla). Önnur helstu vígi flórgoða eru Skagafjörður og Hérað.

Pingeyjarsýslur

Alls voru flórgoðar á 23 stöðum í Pingeyjarsýslum. Talningar benda til að 1079 flórgoðar hafi verið á svæðinu. Þrír staðir standa upp úr hvað fjölda flórgoða varðar, Mývatn (593), Sandvatn í Mývatnssveit (150) og Víkingavatn (229) í Kelduhverfi. Lunginn úr íslenska flórgoðastofninum var á þessum þremur vötnum, eða 972 fuglar (71% af landsstofninum). Fjölgunin á þessum stöðum er mikil frá fyrri stofnúttekt og nemur 165% í Mývatnssveit og 144% á Víkingavatni. Aðrir mikilvægir flórgoðastaðir í Pingeyjarsýslum eru þrjár tjarnir við Stórutjarnir í Ljósavatnsskarði, Vestmannsvatn og nærliggjandi vötn og tjarnir í Reykjadal, Miklavatn og Sílalækjarvatn í Aðaldal, Skjálftavatn og Ástjörn í Kelduhverfi og Kofatjörn við Kópasker. Á Melrakkaslétu, utan Kópaskers, fundust flórgoðar aðeins á einu vatni, Eggversvatni.

2. tafla. Samanburður á fjölda flórgoðapara á helstu flórgoðasvæðum, annars vegar árin 1990-1992 og hins vegar 2004-2005.
– A comparison of Horned Grebe numbers (pairs) on the main breeding areas between years 1990-1992 and 2004-2005.

Svæði Region	Fjöldi para 1990-1992 No. of pairs in 1990-1992	Fjöldi para 2004-2005 No. of pairs in 2004-2005	Breyting (%) Change
Mývatnssveit	140	372	165
Víkingavatn	47	115	144
Hérað	23	44	89
Skagafjörður	35	46	31
Samtals – Total:	245	576	135

Austurland

Í Múlasýslum voru samtals 96 flórgoðar á 31 stað. Þar af voru flórgoðar á 28 stöðum á Héraði, alls 87 fuglar, sem jafngildir um 6% landsstofnsins. Hvergi var um þétt varp að ræða eins og ráða má af fjölda fugla og varpstaða. Helstu flórgoðastaðir voru Ásgrímsstaðavatn og Torftjörn við Hrollaugsstaði í Hjaltastaðabíngi og Snjóholtsvötn í Eiðabíngi. Utan Héraðs fundust 10 flórgoðar á fjórum stöðum, flestir í Breiðdal og við Djúpavog. Aukning flórgoða á Héraði frá fyrri stofnúttekkt nam 89%.

Suðurland

Á suðurhelmingi landsins, frá Höfn í Hornafirði að Reykjanesi, voru alls 24 flórgoðar á níu stöðum. Aðeins þrír flórgoðar voru á þremur stöðum í A-Skaftafellssýslu (Óslandstjörn við Höfn, Krútjörn í Nesjum og Fífutjörn við Kálfafellsstað) og tveir á einum stað í Rangárvallasýslu (Stúfholtsstjörn). Aðrir flórgoðar á þessu svæði voru á sex stöðum í Árnessýslu, flestir þrjú pör á Nyrðri (Eystri) Múlatjörn í Biskupstungum.

Vesturland og Vestfirðir

Á vestanverðu landinu, frá Reykjanesi í Hrútafjörð, voru 35 flórgoðar á átta stöðum. Sunnan Hvalfjarðar voru 16 flórgoðar á þremur stöðum, á Ástjörn við Hafnarfjörð (6), Leirtjörn á Mosfellsheiði (4) og Hurðarbakssefi í Kjós (6). Á Snæfellsnesi voru 14 flórgoðar á þremur stöðum, flestir á Hofgarðatjörn í Staðarsveit eða 10 talsins. Á Reykjanesi í A-Barðastrandarsýslu voru sex flórgoðar á tveimur stöðum (Langavatni og Mávavatni).

Norðurland utan Þingeyjarsýslu

Alls voru 144 flórgoðar á Norðurlandi annars staðar en í Þingeyjarsýslum. Í Húnavatnssýslum voru 22 flórgoðar á fjórum stöðum, flestir á Gauksmýrartjörn í Línakradal, níu fuglar. Í Skagafirði voru 92 flórgoðar á 11 stöðum. Þetta jafngildir 31% fjölgun frá fyrri stofnúttekkt árin 1990-1992. Helstu flórgoðastaðir í Skagafirði voru Garðsvatn og Svanavatn í Heganesi þar sem samtals voru 49 flórgoðar. Við Eyjafjörð voru 28 flórgoðar á fjórum stöðum. Helmingur þeirra var á Hrísatjörn í Svarfaðardal, eða 14 talsins. Í Ólafsfirði voru fjórir flórgoðar á Þóróddsstaðatjörn.

Umraða

Flórgoðastofninn rúmlega tvöfaldaðist frá því um 1990 (sjá Ólaf K. Nielsen 1998) fram til um 2005. Þingeyjarsýslur voru sem áður höfuðvígi flórgoðans einkum Mývatnssveit. Hýsti Mývatnssvæðið um helming landsstofnsins, sem er svipað hlutfall og um 1990. Utan Mývatnssveitar var langstærst flórgoðabyggð við Víkingavatn í Kelduhverfi þar sem fjöldi flórgoða vel rúmlega tvöfaldaðist frá um 1990, líkt og á Mývatni. Utan Þingeyjarsýslu voru Skagafjörður og Hérað helstu vígi flórgoða hér á landi nú sem áður. Í Skagafirði hafði flórgoða aðeins fjölgað lítillega frá því um 1990 en á Héraði var aukning mun meiri að því er virðist, eða hátt í tvöföldun. Hugsanlega er ástæðan að einhverju leyti tengd vantalningu í fyrri stofnúttekkt vegna þekkingarskorts á útbreiðslu flórgoða. Fjölmargir áður óþekktir varpstaðir fundust nú á pollum og tjörnum í nágrenni vatna sem getið er í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar.

Samfara fjölgun í flórgoðastofninum jókst útbreiðsla að nýju frá því sem hún var um 1990. Nokkuð var um að flórgoðar tækju aftur upp búsetu á fyrri varpstöðum sem höfðu verið yfirgefnir, jafnvel í áratugi. Einnig voru dæmi um að flórgoðar höfðu numið nýja varpstaði, þar á meðal manngerðar tjarnir. Þó er langt í land með að flórgoðastofninn nái sömu útbreiðslu í landinu og fyrir um 1950. Þá voru flórgoðar mun útbreiddari en nú, t.d. víða í Borgarfirði og á Melrakkaslétu, og stofninn eflaust mun stærri (sjá Ólaf K. Nielsen 1998). Haldi stofninn áfram að stækka er líklegt að útbreiðsla flórgoða aukist enn á landsvísi. Þannig er kunnugt að flórgoðar hafa endurheimt marga staði eftir 2005 þar sem þeir höfðu ekki sést lengi, s.s. við Blundsvatn í Borgarfirði (ÆP óbirt). Sums staðar hefur búsvæðum flórgoða verið spillt, t.d. með framræslu. Á slíkum stöðum er eðlilega einskis að vænta nema gripið verði til að endurheimta votlendi, eins og tekist hefur svo vel með Gauksmýrartjörn í Línakradal.

Fjölgunin í flórgoðastofninum frá því um 1990 hefur verið ótrúlega ör, þó stofninn hafi ekki náð sömu stærð og útbreiðslu og fyrir 1950. Sem mögulegar skýringar á hrúna stofnsins á sínum tíma voru nokkur atriði nefnd, s.s. eyðilegging búsvæða, tilkoma minks í íslenska náttúru, truflun af mannavöldum, dauðsföll í netum og óþekktar breytingar á vetrarstöðvum (Ólafur K. Nielsen 1998).

Niðurstöður könnunarinnar varpa nýrri sýn á þessa umræðu, þar sem flestir þeirra staðbundnu þátta sem nefndir voru til skýringa á fækkun flórgoða á sínum tíma hafa lítið breyst frá því 1990. Þeir eru því flestir ólíklegir til að hafa úrslitabýðingu um þróun stofnsins. Athyglin hlýtur nú að beinast í meira mæli að vetrarstöðvum íslenskra flórgoða en áhrif minks skulu þó ekki útilokuð. Undanfarin ár hefur mjög vel tekist til við að halda honum niðri á sterkustu vígjum flórgoðans hér á landi, í Mývatnssveit og Kelduhverfi.

Könnunin undirstrikar fyrst og fremst vægi votlendissvæða í Mývatnssveit og Kelduhverfi fyrir íslenska flórgoðastofninn. Þar eru bestu flórgoðasvæðin hér á landi og vernd þeirra því mikilvæg fyrir áframhaldandi tilvist tegundarinnar hér á landi. Votlendissvæði í Mývatnssveit njóta verndar skv. lögum nr. 97/2004 um vernd Mývatns og Laxár en í Kelduhverfi njóta votlendissvæði engrar lagalegrar verndar. Í Náttúruverndaráætlun 2004-2008 var stefnt að friðlýsingu þeirra en af því hefur þó ekki enn orðið, svo betur má ef duga skal.

ÞAKKIR

Björn Arnarson, Hrafn Svavarsson, Jóhann Óli Hilmarsson, Sverrir Thorstensen, Tómas Grétar Gunnarsson og Þorlákur Sigurbjörnsson veittu upplýsingar um flórgoðavarp á sínum heimasvæðum og fá kærar þakkir fyrir. Fjölmargir aðrir lögðu einnig fram upplýsingar og ábendingar um flórgoðavarp og er þökkúð liðveislan.

HEIMILDIR

- Arnþór Garðarsson 1979. Waterfowl populations of Lake Mývatn and recent changes in numbers and food habits. – *Oikos* 32: 250-270.
- Arnþór Garðarsson 1991. Fuglalíf við Mývatn og Laxá. – Bls. 278-319 í: Arnþór Garðarsson & Árni Einarsson (ritstj.). Náttúra Mývatns. Hið íslenska náttúrufræðifélag, Reykjavík.
- Árni Einarsson 2000. Flórgoðavarp í Mývatnssveit. – *Bliki* 20: 1-10.
- Fjeldsá, J. 1973. Distribution and geographical variation of the Horned Grebe *Podiceps auritus* (Linnaeus, 1758). – *Ornis Scand.* 4: 55-86.
- Fjeldsá, J. 2004. Grebes. – OUP Bird Family Series. Oxford University Press, Oxford.
- Kaufman, K. 1996. Lives of North American Birds. – Houghton Mifflin Company, Boston.
- Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Þingsályktunartillaga. Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003-2004.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. Válisti 2. Fuglar. – Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Ólafur K. Nielsen 1998. Hrun flórgoðastofnsins á Íslandi. – Bls. 197-205 í: Jón S. Ólafsson (ritstj.). Íslensk votlendi. Verndun og nýting. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Porkell Lindberg Þórarinnsson 2001. Svæðanotkun flórgoða *Podiceps auritus*. – Meistaraprófsritgerð við Háskóla Íslands.
- Ævar Petersen 1998. Íslenskir fuglar. – Vaka-Helgafell hf. Reykjavík.

SUMMARY

Population size and distribution of the Horned Grebe in Iceland 2004-2005

The Horned Grebe *Podiceps auritus* population in Iceland has shown drastic changes during the last decades. A nationwide census in 1990 and 1992 gave an estimated population size of approximately 300 pairs. By that time, the population had declined from an estimated 1000-2000 pairs prior to about 1950 (Ólafur K. Nielsen 1998).

Evidence from the core breeding area in Iceland showed improvement in the population from the early 1990s (Árni Einarsson 2000). To confirm this trend and estimate the current population size in Iceland, a nationwide census was organized in 2004-2005. Most known breeding sites were visited and counts made of numbers of birds. Estimated population size was 1378 birds with the majority (78%) concentrated in Northeast Iceland (Table 1), corresponding to 689 pairs, or well over double increase from about 15 years earlier.

Horned Grebes were found breeding at 91 sites in 2004-2005 (see Appendix). The main breeding areas were, as before, in the Mývatnssveit district (Lakes Mývatn and Sandvatn) and Lake Víkingavatn in Kelduhverfi (Northeast Iceland). There, Horned Grebe numbers had increased by 165% and 144% respectively, or proportionally more than at other sites (Table 2). Other important breeding areas were found in North and East Iceland. Outside these areas, Horned Grebes were found only as scattered breeders.

As a result of the decline from before ca 1950 to 1990, notable changes were recorded in the breeding distribution in Iceland (Ólafur K. Nielsen 1998). Many breeding sites, even large areas, had been deserted. Some of these sites had been recolonised by 2004-2005 and some new breeding sites discovered. Since 2004 more previously deserted breeding sites have been recolonised. The breeding distribution of Horned Grebes in Iceland therefore has continued to expand.

To account for the population decline recorded from prior to ca. 1950 to about 1990, several explanations have been suggested (Ólafur K. Nielsen 1998). The current increase, confirmed by the census in 2004-2005, puts that discussion in a new perspective. Many of the local factors named as possible explanations for the decline have not changed so much since 1990. These may therefore not be the driving forces for the population development of Horned Grebes in Iceland during the 20th century. Predation by feral mink *Mustela vison* and the winter ecology of Icelandic Horned Grebes needs further study.

- Porkell Lindberg Þórarinnsson, Náttúrustofa Norðausturlands, Hafnarstétt 3, 640 Húsavík (lindi@nna.is).
- Ævar Petersen, Náttúrufræðistofnun Íslands, Urriðaholtsstræti 6-8, 210 Garðabær (aevan@ni.is).
- Árni Einarsson, Náttúruverndaráætlun við Mývatn, Skútustaðir, 660 Mývatn.
- Halldór W. Stefánsson, Náttúrustofa Austurlands, Tjarnarbraut 39a, 700 Egilsstaðir.
- Yann Kolbeinnsson, Náttúrustofa Suðurlands, Strandvegur 50, 900 Vestmannaeyjar.
- Róbert A. Stefánsson, Náttúrustofa Vesturlands, Hafnargata 3, 340 Stykkishólmur.
- Böðvar Þórisson, Náttúrustofa Vestfjarða, Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík.
- Þórdís V. Bragadóttir, Náttúrustofa Norðurlands vestra, Aðalgata 2, 550 Sauðárkrúkur.

Tilvitnun:

Porkell Lindberg Þórarinnsson, Ævar Petersen, Árni Einarsson, Halldór W. Stefánsson, Yann Kolbeinnsson, Róbert A. Stefánsson, Böðvar Þórisson & Þórdís V. Bragadóttir 2011. Dreifing og fjöldi flórgoða á Íslandi 2004-2005. – *Bliki* 31: 31-35.

Viðauki. Varpstaðir og fjöldi flórgoða á Íslandi árin 2004 og 2005. Lesendur sem kunna að búa yfir vitneskju um varpstaði sem ekki koma fram eru vinsamlegast beðnir að snúa sér til höfunda. – **Appendix.** A list of Horned Grebe breeding sites in Iceland and numbers of birds in the 2004-2005 census.

Staður	Vatn	Stofnmat 2004-2005	Staður	Vatn	Stofnmat 2004-2005
S-Píngeyjarsýsla			S-Múlasýsla		
Stórutjarnir í Ljósavatnsskarði	Leirtjörn	6	Gunnlaugsstaðir á Völlum	tjörn innan bæjar	1
–	Bæjartjörn	4	Djúpivogur	Bóndavörðuvatn	3
–	Kerlingartjörn	2	–	Fýlvogur	2
Ljósavatn í Ljósavatnsskarði	Ljósavatn	2	Innri-Kleif í Breiðdal	Kleifarvatn	4
Mývatnssveit	Mývatn	593	Höfn í Hornafirði	Öslandstjörn	1
–	Sandvatn	150	A-Skaftafellssýsla		
Hamrar í Reykjadal	Hamratjörn	1	Stapi/Miðsker í Nesjum	Kríutjörn	1
Reykjadalur	Vestmannsvatn	16	Kálfafellsstaður í Suðursveit	Fífutjörn	1
Hólkot í Reykjadal	Hólkotstjörn	7	Rangárvallasýsla		
Sýrnes í Reykjadal	Sýrnesvatn	1	Skúfholt í Holtum	Skúfholtstjörn	2
Mýlaugsstaðir í Reykjadal	Mýlaugsstaðavatn	3	Árnessýsla		
Múli í Reykjadal	Múlavatn	5	Vestra-Geldingaholt í Gnúpverjah.	naflaus tjörn N þjóðvegur V bæjar	2
Reykjadalur	Eyvindarlækur	1	Múli í Biskupstungum	Nyrðri/Eystri-Múlatjörn	6
Sandur/Sílalækur í Aðaldal	Miklavatn (Sandsvatn)	10	Bræðratunga í Biskupstungum	Vatnsstaði í Pollengi	3
Sandur í Aðaldal	Kíllinn	1	–	Galtarlækjartjörn í Pollengi	2
Sílalækur í Aðaldal	Sílalækjarvatn	5	Gröf/Lækjarhvamur í Laugardal	Selgilstjarnir (tvær)	2
N-Píngeyjarsýsla			Austurey í Grímsnesi	Apavatn	4
Víkingavatn í Kelduhverfi	Víkingavatn	229	Gullbringusýsla		
Keldunes í Kelduhverfi	Skjálftavatn	25	Hafnarfjarðarbær	Ástjörn	6
Hóll í Kelduhverfi	Hólskrökur	2	Kjósarsýsla		
Ás í Kelduhverfi	Ástjörn	9	Mosfellsbær	Leirtjörn [ofan Miðdals]	4
Brekka í Núpasveit	Brekkutjörn	2	Hurðarbak í Kjós	Hurðarbaksef	6
Kópasker	Kofatjörn	7	Snæfellsnessýsla		
Ásmundarstaðir á Melrakkaslétu	Eggersvatn	2	Kirkjuhóll í Staðarsveit	Kirkjuhólstjörn	2
N-Múlasýsla			Hofgarðar í Staðarsveit	Hofgarðtjörn	10
Kleppjárnstaðir í Hróarstungu	smátjörn	2	Ytriðgarðar í Staðarsveit	Kúka (Höldavatn)	2
Kirkjubær í Hróarstungu	Selvatn austan Lagarfoss	1	A-Barðastrandasýsla		
–	tjörn við Selvatn austan Lagarfoss	2	Reykholar á Reykjanesi	Langavatn	4
Straumur í Hróarstungu	Brunavatnstjarnir	2	–	Mávavatn	1
Vínland í Fellabæ	malartjörn um ½ km V Vínlands	1	V-Húnavatnssýsla		
Kross í Fellum	Bolavatn	2	Gauksmýri í Línakradal	Gauksmýrartjörn	9
–	Fremravatn	2	–	Miðfjarðarvatn	4
–	Krossstjörn	3	A-Húnavatnssýsla		
Hjaltastaður í Hjaltastaðapinghá	Matseljútjörn	2	Kagaðarhöll á Ásum	Hafratjörn	5
Ásgrímsstaðir í Hjaltastaðapinghá	Ásgrímsstaðavatn	11	Móberg/Strjúgsstaðir í Langadal	tjörn neðan bæja	4
Hrollaugsstaðir í Hjaltastaðapinghá	Torftjörn	9	Skagafjarðarsýsla		
–	Hrollaugsstaðavatn	2	Sjávarborg í Borgarsveit	Áshildarholtsvatn	4
Laufás í Hjaltastaðapinghá	Arnarvatn	5	Holtskot á Langholti	Holtstjörn	3
–	Leirtjörn	2	Stapi í Tungusveit	Stapavatn	8
Bóndastaðir í Hjaltastaðapinghá	tjarnir (þrjár) V Bóndastaðahálss	6	Hofsstaðir í Blönduhlíð	tjörn við Hérðasv. neðan Hofsstaða	2
Tjarnaland í Hjaltastaðapinghá	Ígultjörn	2	Garður í Hegranesi	Garðsvatn	34
Hleinargarðar í Eiðapinghá	Tjörn [V við N-enda Breiðavatns]	6	–	tjarnir S Garðsvatns	7
S-Múlasýsla			Ás í Hegranesi	Ásvatn	6
Eiðar í Eiðapinghá	lítil tjörn við bæinn	2	Svanavatn/Vatnaskot í Hegranesi	Svanavatn (Vatnaskotsvatn)	15
–	Húsatjörn	4	Keldudalur í Hegranesi	Hendilkotsvatn	5
Snjóholt í Eiðapinghá	Snjóholtsvatn ytri	2	Höfði á Höfðaströnd	Lómatjörn	2
–	Snjóholtsvatn innri	6	Tjarnir í Sléttuhlíð	tjarnir (tvær) við bæ	6
–	vegtjörn	1	Eyjafjarðarsýsla		
–	tvær seftjarnir um 500m utan bæjar	2	Þóróddsstaðir í Ólafsfirði	Þóróddsstaðatjörn	4
Finnsstaðir í Eiðapinghá	tjörn N afleggjara að bæ	2	Tjörn í Svarfáðardal	Tjarnartjörn	2
Eyvindará í Eiðapinghá	Nykurtjörn	2	Hrísar í Svarfáðardal	Hrísatjörn	19
Egilsstaðabær	Löngutjarnir [í Egilsstaðaskógi]	3	Kristnes í Eyjafirði	Kristnestjörn	6
–	Seltjörn [í jaðri Egilsstaðaskógar]	2			

Staða íslenska þórshanastofnsins

Þórshani er einn sjaldgæfasti varpfugl á landinu og hefur fækkað eða jafnvel horfið af mörgum varpstöðvum, einkum Suðvestanlands. Fjöldi og útbreiðsla þórshana var könnuð víðs vegar um landið sumrin 2004-05 og 2010 og eru niðurstöður þessara úttekta raktar hér og þær bornar saman við fyrri talningar. Í nýliðinni talningu fundust rúmlega 180 þórshana, mun fleiri en í talningunum 1987 og 1994 en færri samanborið við 2005. Langflestir voru þeir á Suðausturlandi.

Inngangur


Sundhanar eru litlir og fjörlegir vaðfuglar sem löngum hafa vakið forvitni og hrifningu meðal fuglaáhugamanna. Hér á landi verpa tvær tegundir sundhana, óðinshani *Phalaropus lobatus* og þórshani *Ph. fulicarius* og eru þær báðar útbreiddar á heimsskautssvæðum Norðrhvells. Þriðja tegundin, freyshani *Ph. tricolor*, verpur aðeins á sléttum N-Ameríku, en hefur flækst hingað fimm sinnum (Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson 2000, Yann Kolbeinsson, eigin ath.). Óðinshaninn er flestum kunnur enda útbreiddur og sums staðar algengur varpfugl í votlendi frá sjávarmáli og upp til heiða. Þórshaninn er aftur á móti sjaldgæfur varpfugl og hefur svo verið allar götur frá því að hann fannst hér fyrst með vissu sem varpfugl um 1820 (Faber 1822). Það er ekki síst vegna þessa sjaldgæfis sem þórshani hefur verið einstaklega eftirsótt tegund jafnt meðal íslenskra sem erlendra fuglaskoðara. Ísland liggur á suðurmörkum varpútbreiðslu þórshanans og er aðgengi að þeim óvíða eins þægilegt og hér. Þórshaninn er á valista, enda stofninn lítill og varpstaðirnir fáir (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000).

Þórshaninn er hánorrænn fugl sem verpur að mestu á freðmýrum Síberíu, Alaska og Kanada. Afskekktari og minni stofna er að finna m.a. á Grænlandi og Svalbarða

auk Íslands. Vetrarstöðvarnar eru ekki eins vel þekktar, því að tegundin heldur til á rúmsjó á mótum stórra hafstrauma þar sem næringarefni streyma upp til yfirborðs. Helstu vetrarstöðvar þórshana sem þekktar eru í dag eru í Humboldt straumnum undan ströndum S-Ameríku og í Kanarí og S-Gíneu straumakerfunum undan ströndum V-Afríku. Einnig finnast þeir í einhverjum mæli í Benguela hafstraumnum undan ströndum SV-Afríku (Tracy o.fl. 2002). Líklegt þykir að íslenski stofninn hafi vetursetu undan ströndum V-Afríku þó engar beinar vísbendingar séu til um það. Í raun má því segja að þórshaninn sé sjófugl þar sem hann eyðir hátt í 10-11 mánuðum ársins á sjó. Hingað til lands koma fyrstu fuglarnir í þriðju viku maí, síðastir íslenskra farfugla, en stærstur hluti stofnsins virðist þó koma í fyrstu viku júní. Varpatferli sundhana er sérkennilegt, kvenfuglarnir eru litskrúðugra kynið (1. mynd) og sjá karlfuglarnir einir um útungun og ungauppeldi. Kvenfuglarnir geta því hæglega makast við fleiri en einn karlfugl og er slíkt kallað fjölveri. Slík hegðun er aðeins þekkt hjá innan við 1% allra fuglategunda í heiminum (Ward 2000). Sökum þessa félagsatferlis eiga kvenfuglarnir þess kost að yfirgefa landið á undan karlfuglunum, jafnvel í seinni hluta júní, eftir aðeins 3-4



1. mynd. Þórshanakerling (t.h.) í fylgd tveggja karlfugla. Paraði karlfuglinn yfir bakfjaðrinnar til að bæga utanaðkomandi karlfuglinum frá. – Three Red Phalaropes, a female (right hand bird) and two males. – Yann Kolbeinsson.



2. mynd. Fjöldi (súlur) og kynjahlutföll (punktar með 95% öryggismörkum) þórshana eftir landshlutum í talningunum árin 1987, 1997, 2004, 2005 og 2010. Láréttur ás sýnir talningarárin, vinstri lóðrétti ás fjölda fugla og hægri lóðrétti ás hlutfall karlfugla í stofninum (skv. hlutföllum kyngreindra fugla). Takið eftir breyttum mælikvarða fyrir fjölda á Suðausturlandi. – Number (columns) and sex ratio of the Red Phalarope populations (dots with 95% confidence limits) for different parts of Iceland during 1987, 1997, 2004, 2005 and 2010. Horizontal axis shows the census years, left vertical axis the number of birds and right vertical axis the proportion of males in the counts (based on sexed individuals). Note the modified scale for the number of birds in Southeast Iceland.

vikna dvöl á landinu. Ungarnir eru flestir komnir á legg fyrir lok júlímánaðar og um mánaðamótin júlí-ágúst eru þórshana vanalega horfnir af varpstöðvum sínum hér á landi (Gillandt 1974, Kristinn H. Skarphéðinsson o.fl. 1994, Yann Kolbeinsson óbirt gögn).

Pótt auðvelt sé að komast til Íslands er ekki þar með sagt að auðvelt sé að finna þórshana. Tegundin er bæði sjaldgæf og sækir gjarnan á afskekkt svæði. Enn fremur voru reglur um aðgengi að varpstöðum tegundarinnar hertar með lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Fela þau í sér að óheimilt er að fara á varpstaði þórshans án undanþágu frá þessum lögum sem sótt er um hjá Umhverfisstofnun. Því hefur ríkt leynd um hvar tegundina er að finna hér og er það m.a. ástæðan fyrir því að ekki verður minnst á nákvæmar staðsetningar í þessari grein heldur er landinu skipt upp í fjóra hluta til hagræðingar.

Íslenski þórshanastofninn var talinn innan við 100 pör er hann var fyrst metinn fyrir aldarþriðjungi (Arnþór Garðarsson 1975). Árið 1987 gerðu Náttúrufræðistofnun Íslands og Fuglaverndarfélagið ítarlega úttekt á fjölda og útbreiðslu þórshans, þá fyrstu hér á landi (Kristinn H. Skarphéðinsson 1987). Allir þekktir þórshanastaðir á landinu voru kannaðir með hjálp fuglaáhugamanna og byggði sú vinna á umfangsmikilli samantekt á öllum tiltækum upplýsingum um þórshana hérlendis (Kristinn H. Skarphéðinsson og Ævar Petersen 1987, óbirt gögn). Tíu árum síðar stóðu sömu aðilar að annarri úttekt á þórshanastofninum, en þá voru eingöngu heimsóttir þeir staðir þar sem þórshana hafði orðið vart í fyrra sinnið (Jóhann Óli Hilmarsson og Kristinn H. Skarphéðinsson 1998).

Þegar undirritaður hóf rannsóknir á vistfræði þórshana og óðinshana á Suðausturlandi árið 2004 var ákveðið að nota tækifærið og meta að nýju stöðu íslenska þórshanastofnsins. Verkið var líkt og áður unnið í

samvinnu við Fuglaverndarfélagið, Náttúrufræðistofnun Íslands og fjölda áhugamanna um land allt. Nýlegar athuganir bentu til að þórshana hefði fjölgað, a.m.k. á Suðausturlandi, en fátt annað var vitað um ástand stofnsins á landsvísi síðan 1997. Tilskilin leyfi fengust frá Umhverfisstofnun og var ákveðið að kanna þau svæði þar sem þórshana sást í fyrri talningum en einnig önnur ókönnuð, eða lítt könnuð, svæði eftir því sem færi gafst. Í þessari grein verður sagt frá niðurstöðum úttektar 2004-2005, sem var endurtekin árið 2010, og jafnframt birtar og ræddar endurskoðaðar niðurstöður fyrri talninga.

Aðferðir

Með hjálp valinkunnra fuglamanna úr öllum landshornum tókst að kanna alla helstu staði í júní 2004, 2005 og 2010. Áhersla var lögð á að kanna þá staði þar sem fuglar sást árin 1987 og 1997, sem og aðra líklega og lítt skoðaða staði eftir því sem tími og mannsafli leyfði. Staður er hér skilgreindur þannig að meira en fimm kílómetrar eru í næstu þórshana. Í fáeinum tilvikum, þegar fugla er að finna á eyjum, er miðað við landfræðilega legu.

Niðurstöður talninga

Árið 1987 fundust a.m.k. 73 fuglar á 11 stöðum, en aðeins 44 fuglar á sex stöðum árið 1997 sem þótti mikið áhyggjuefni (Kristinn H. Skarphéðinsson 1987, Jóhann Óli Hilmarsson & Kristinn H. Skarphéðinsson 1998, Jóhann Óli Hilmarsson & Kristinn H. Skarphéðinsson skrifl. uppl.). Dreifing þórshana eftir landshlutum sem og hlutfall karlfugla í talningunum 1987, 1997, 2004-2005 og 2010 er sýnd á 2. mynd.

Á tímabilinu 7. júní til 2. júlí 2004 voru könnuð 18 svæði víðsvegar um landið, utan Vestfjarða þar sem þórshana virðast ekki vera. Þórshana fundust á 11 stöðum og fjöldi þeirra reyndist vera mun meiri en áður, eða 186 fuglar. Líkt og 1997 voru langflestir fuglanna á

1. tafla. Fjöldi kannaðra staða í þórshanakönnunum og fjöldi þeirra í notkun ásamt heildarfjölda fugla sem sáust á hverju landsvæði fyrir sig 1987-2010. - *Number of prospected sites (Kannaðir staðir) during the Red Phalarope census, the number of sites in use (Notaðir staðir) and the number of birds (Fjöldi fugla) for each part of Iceland during 1987-2010. Samtals = total.*

	Suðausturland	Suðvesturland	Norðvesturland	Norðausturland	Samtals
1987 ^{1,2}					
Kannaðir staðir	3	5	5	11	24
Notaðir staðir	2	2	2	5	11
Fjöldi fugla	25	11	18	19	73
1997 ^{2,3,4}					
Kannaðir staðir	2	3	2	6	13
Notaðir staðir	2	0	2	2	6
Fjöldi fugla	31	0	8	5	44
2004					
Kannaðir staðir	5	5	2	6	18
Notaðir staðir	4	2	2	3	11
Fjöldi fugla	139	2	26	19	186
2005					
Kannaðir staðir	6	3	2	4	15
Notaðir staðir	4	0	2	2	8
Fjöldi fugla	209	0	31	16	256
2010 ⁵					
Kannaðir staðir	3	3	2	5	13
Notaðir staðir	3	1	2	5	11
Fjöldi fugla	145	1	18	20	184

¹ Kristinn H. Skarphéðinsson 1987

² Jóhann Óli Hilmarsson & Kristinn H. Skarphéðinsson, skrifl. uppl.

³ Jóhann Óli Hilmarsson & Kristinn H. Skarphéðinsson 1998

⁴ Hálfván Björnsson, skrifl. uppl.

⁵ Notaðar voru tölur frá 2009 á tveimur svæðum Suðaustanlands og einu Norðaustanlands

Suðausturlandi, eða um 140 á fjórum svæðum. Fannst nú töluverður fjöldi (47 fuglar) á tveimur áður lítt þekktum stöðum og voru a.m.k. 91 fugl á því svæði þar sem flestir fuglar fundust í 1987 og 1997 talningunum. Aðeins tveir fuglar sáust á Suðvesturlandi, 26 á Norðvesturlandi (við Breiðafjörð) og 19 á Norðausturlandi. Líkt og í fyrri talningum sást mun meira af karlfuglum (66% kyngreindra fugla, n=186) en kvenfuglum.

Dagana 9.-26. júní 2005 voru könnuð 15 svæði, þrettán þeirra þau sömu og sumarið 2004 auk tveggja áður ókannaðra svæða. Þórshana fundust á átta stöðum og hafði þeim fjölgað umtalsvert frá árinu 2004 eða í tæplega 260 fugla sem er mesti fjöldi sem vitað er til að hafi verið hérlandis. Lang flestir fuglanna voru enn og aftur á Suðausturlandi, um 210 talsins. Nú voru 98 fuglar á „nýju“ stöðunum sem voru skoðaðir 2004 og skýrist þessi mikla aukning m.a. af því að svæðin voru könnuð 10-20 dögum fyrr á varptímanum meðan fleiri fugla er að finna þar (11.-12. júní 2005 en 22. júní og 2. júlí 2004). Enginn þórshani sást að þessu sinni á Suðvesturlandi, 31 á Norðvesturlandi (við Breiðafjörð) og 16 á Norðausturlandi. Hlutfall karlfugla var ekki ósvipað talningunni 2004, eða 71% kyngreindra fugla (n=244).

Í júní 2010 var lögð áhersla á að kanna þá staði sem fuglar fundust á sumrin 2004-05, með fáeinum viðbótarstöðum þar sem fuglar höfðu fundist á í milli-

tíðinni. 10 svæði voru könnuð og er auk þess notast við tölur frá júní 2009 fyrir þrjú svæði til viðbótar sem náðist ekki að kanna sumarið 2010. Þórshana fundust á ellefu stöðum og hafði fuglum fækkað frá síðustu talningu í rúmlega 180, sem er þó enn töluverður fjöldi sé litið á fyrstu talningarnar 1987 og 1997. Eins og áður voru langflestir fuglanna á Suðausturlandi, um 145 talsins. Einn þórshani fannst á Suðvesturlandi að þessu sinni, 18 á Norðvesturlandi (við Breiðafjörð) og 20 á Norðausturlandi þar sem fuglum hefur fækkað um næstum helming á helsta varpstaðnum en á móti má finna fugla á tveimur „nýjum“ stöðum (1. Tafla, Viðauki I). Hlutfall karlfugl var ekki ósvipað sumrinu 2004, eða 65% kyngreindra fugla (n=181).

Á 2. mynd er hlutfall karlfugla sýnt með 95% öryggismörkum en þó vantar þau í fáeinum tilfellum þar sem kynjahlutföll voru eins á fleirum en einum stað eða kynin aðeins greind á einum stað. Í 1. viðauka eru heildarniðurstöður talninganna 1987-2010 birtar eftir einstökum stöðum en í stað staðarheita eru notuð dulnefni.

Niðurlag

Óhætt er að segja að útkoma talninganna 2004-2005 hafi komið verulega á óvart þar sem heildarfjöldi fugla var a.m.k. 271 fuglar. Sökum bjagaðs kynjahlutfalls er erfitt

að tilgreina fjölda para en sé miðað við að kvenfuglar geti makast við fleiri en einn karlfugl mætti því miða við fjölda karlfugla og álykta að „pörin“ hafi verið um 180. Undirritaður kys þó heldur að talað sé um fjölda fugla í þessu tilviki. Fjöldinn er næstum fjórfalt meiri en sumarið 1987 og sexfalt meiri en sumarið 1997. Þrátt fyrir fækkun á tímabilinu 2005-2010 er stofninn enn býsna stór, a.m.k. 184 fuglar eða rúmlega tvöfalt stærri en sumarið 1987 og fjórfalt stærri en sumarið 1997. Það mætti álykta að „pörin“ hafi verið um 120 í nýliðinni talningu. Þó verður að taka fjölguninni undanfarinn áratug með ákveðnum fyrirvara. Ljóst er að þórshana hefur fjölgað, einkum á Suðausturlandi þar sem fylgst hefur verið með einu varpsvæðinu reglulega síðan fyrsta parið sást þar 1986 (Hálfðán Björnsson skrifl. uppl., Kristinn H. Skarphéðinsson & Ævar Petersen óbirt gögn). Líklegt má telja að þórshana hafi einnig verið á hinum svæðunum suðaustanlands áður, en sökum erfiðs aðgengis að þessum stöðum hafa þeir verið lítt kannaðir. Fjöldinn í öðrum landshlutum er ekki ósvipaður árinu 1987, að Suðvesturlandi undanskildu þar sem segja má að tegundin sé horfin. En það var einmitt á Suðvesturlandi sem stærsta þórshana varpið var á árum áður, við Hraunsárós vestan Stokkseyrar. Talið er að það varp hafi náð hámarki um 1968, þegar þar voru tugir para, en þeim fækkaði jafnt og þétt í kjölfarið og sást aðeins eitt par í könnuninni 1987 (Kristinn H. Skarphéðinsson o.fl. 1994). Hafa þórshana síðan þá sést mjög óreglulega á þessum slóðum en þó sást þar einn karlfugl árið 2004. Þörf er á að fylgjast nánar með þróun stofnsins á komandi árum.

Í ljósi nýafstaðinna talninga er óhætt að segja að á Íslandi sé að finna góðan hluta Norður-Atlantshafsstofns þórshana sem þó ber að fylgjast náið með og vernda. Lítið hefur verið framkvæmt af nákvæmum stofnstærðartalningum á Svalbarða og Grænland en grófar áætlanir frá þeim löndum benda til að við Grænland séu 150-500 pör en 200-1000 pör á Svalbarða (BirdLife International 2004).

ÞAKKIR

Ég vil fyrir hönd Fuglaverndar og Náttúrufræðistofnunar Íslands þakka þeim sem að talningunni komu kærlega fyrir samvinnuna og þann tíma sem þeir lögðu í verkefnið. Um er að ræða Aðalstein Örn Snæþórsson, Edward Barry Rickson, Gauk Hjartarson, Guðmund Örn Benediktsson, Gunnar Þór Hallgrímsson, Hallgrím Gunnarsson, Hálfðán Björnsson, Hlyn Óskarsson, Hrafn Svavarsson, Jakob Sigurðsson, Jóhann Óla Hilmarsson, Jón Gunnar Jóhannsson, Kristinn Hauk Skarphéðinsson, Ólaf Á. Torfason, Sverri Thorstensen, Þorkel Lindberg Þórarinnsson, Þorvald Björnsson og Ævar Petersen. Án þeirra hefði þetta ekki verið mögulegt. Kvískerjasjóður og Rannsóknánámssjóður styrktu rannsóknir undirritaðs á vistfræði þórshana og óðinshana á Suðausturlandi. Arnþór Garðarsson, Guðmundur A. Guðmundsson og Kristinn H. Skarphéðinsson lásu handritið yfir og færðu margt til betri vegar. Kann ég þeim bestu þakki fyrir það.

HEIMILDIR

Arnþór Garðarsson 1975. Íslenskir votlendisfuglar. – Í Votlendi. Rit Landverndar 4: 100-134.
BirdLife International 2004. Birds in Europe: population estimates, trends and conservation status. – Cambridge, UK: BirdLife

International. (BirdLife Conservation Series No. 12).
Faber, F. 1822. Prodromus der isländischen Ornithologie. – Kopenhagen. 112 bls.
Gilland, L. 1974. Beobachtungen an einer Thorshühnchen-Population (*Phalaropus fulicarius*) in Südwest-Island (Aves: Charadriiformes: Phalaropodidae). – Abh. Verh. Naturwiss. Ver. Hamburg (NF) 17: 55-83.
Gunnlaugur Práinsson & Gunnlaugur Pétursson 2000. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1997. – Bliki 21: 31-58.
Jóhann Óli Hilmarsson & Kristinn H. Skarphéðinsson 1998. Þórshana fækkar! Bráðabirgðayfirlit um könnun 1997. – Fréttabréf Fugla-verndarfélags Íslands nr. 24: 1-3.
Kristinn H. Skarphéðinsson 1987. Þórshanninn. – Fréttabréf Fugla-verndarfélags Íslands nr. 1: 6.
Kristinn H. Skarphéðinsson, Gunnlaugur Pétursson & Jóhann Óli Hilmarsson 1994. Útbreiðsla varpfugla á Suðvesturlandi. Könnun 1987-1992. – Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 25: 126 bls.
Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. Válisti 2 Fuglar. – Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík.
Tracy, D.M., D. Schamel & J. Dale 2002. Red Phalarope (*Phalaropus fulicarius*). – Í The Birds of North America, No. 698 (A. Poole & F. Gill, ritstjórar). The Birds of North America, Inc., Philadelphia, PA.
Ward, D. 2000. Do polyandrous shorebirds trade off egg size with egg number? – J. Avian Biol. 31: 473-478.

SUMMARY

A new estimate of the Icelandic Red Phalarope population

A nationwide census of breeding Red Phalaropes *Phalaropus fulicarius* was carried out in Iceland in the summers of 2004-2005 and 2010. These censuses were carried out by the author in cooperation with BirdLife Iceland, the Icelandic Institute of Natural History and many volunteers. As this species is strictly protected in Iceland, permits for visiting known breeding sites were obtained from the Ministry for the Environment.

Previously known breeding sites as well as several potential sites were searched for the presence of Red Phalaropes on 7 June to 2 July 2004, 9-26 June 2005 and 7-25 June 2010. Three counts made in June 2009 were used with the 2010 data. Birds were counted and sexed when possible. Results are compared with similar counts made in 1987 and 1997. The last count made in 1997 resulted in a population estimate of less than 30 pairs (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000). Figure 2 shows the number of birds counted in the 2004-2005 and 2010 censuses compared with results of the 1987 and 1997 counts (columns), while dots show the percentage of males in the population (based on sexed birds) with 95% confidence limits. Results are divided into quarters of the country; Suðausturland (Southeast Iceland), Suðvesturland (Southwest Iceland), Norðvesturland (Northwest Iceland) and Norðausturland (Northeast Iceland). During 2004-2005, Red Phalaropes were observed at twelve sites all around Iceland totalling at least 271 individuals which is a considerable increase from previous censuses. The sex ratio of the population was 66% males in 2004 (n=186) and 71% in 2005 (n=244). In 2010, Red Phalaropes were found at eleven sites numbering at least 184 individuals. Despite a decrease since the previous count in 2004-05 the population is still much stronger than in the 20th century. The sex ratio was however still biased with 65% of the population being males (n=181). More detailed information on the counts in 1987, 1997, 2004-2005 and 2010 can be found in Appendix I.

Yann Kolbeinnsson, Náttúrustofu Norðausturlands, Hafnarstétt 3, 640 Húsavík (núgildandi heimilisfang) og Náttúrustofu Suðurlands.

Tilvitnun:

Yann Kolbeinnsson 2011. Staða íslenska þórshana stofnsins. – Bliki 31: 36-40.

Viðauki 1. Heildarniðurstöður þórshánatalninganna árin 1987 til 2010 eftir stöðum. Hafi staður verið kannaður en engir fuglar sést er það táknad með tölunni 0 en ef staður var ekki kannaður er það táknad með bandstriki (-). – **Appendix I.** Overall results of the four Red Phalarope censuses during 1987-2010 with respect to each site visited. The number 0 is used if no birds were found but “-” if a site was not visited. Fjöldi = number, kk = males, kvk = females. Samtals = total.

		1987 ^{1,2}			1997 ^{2,3,4}			2004			2005			2010		
		Fjöldi	kk	kvk	Fjöldi	kk	kvk	Fjöldi	kk	kvk	Fjöldi	kk	kvk	Fjöldi	kk	kvk
Suðausturland																
	SA1	6	4	2	2	1	1	0			0			-		
	SA2	-			-			1	1	0	0			-		
	SA3	19	11	8	29	17	12	91	60	31	110	78	23	88 ⁵	53	32
	SA4	-			-			36	32	4	80	56	21	46 ⁵	30	16
	SA5	-			-			11	6	5	18	13	5	11	8	3
	SA6	0			-			-			1	1	0	-		
Suðvesturland																
	SV1	-			-			-			0			-		
	SV2	0			0			0			-			-		
	SV3	0			-			0			-			-		
	SV4	2	1	1	0			1	1	0	-			0		
	SV5	-			-			1	1	0	0			0		
	SV6	9	6	3	0			0			0			-		
	SV7	0			-			-			-			-		
	SV8	-			-			-			-			1	1	0
Norðvesturland																
	NV1	12	6	6	4	2	2	20	9	11	17	9	8	12	7	5
	NV2	0			-			-			-			-		
	NV3	6	3	3				6	3	3	14	7	7	6	3	3
	NV4	0			-			-			-			-		
	NV5				4			-			-			-		
	NV6	0			-			-			-			-		
Norðausturland																
	NA1	0			-			-			-			6	4	2
	NA2	1			0			-			-			-		
	NA3	-			-			1	0	1	0			-		
	NA4	0			0			0			0			-		
	NA5	2	1	1	0			-			-			1 ⁵	1	0
	NA6	0			-			-			-			-		
	NA7	0			0			-			-			-		
	NA8	0			2	1	1	0			-			-		
	NA9	2	1	1	-			3	1	2	2	1	1	1	1	0
	NA10	3	2	1	-			0			-			4	3	1
	NA11	11	8	3	3			15	8	7	14	9	5	8	6	2
	NA12	0			-			-			-			-		
Samtals	31	73	43	29	44	21	16	186	122	64	256	174	70	184	117	64

¹ Kristinn H. Skarphéðinsson 1987

² Jóhann Óli Hilmarsson & Kristinn H. Skarphéðinsson, skrifl. uppl.

³ Jóhann Óli Hilmarsson & Kristinn H. Skarphéðinsson 1998

⁴ Hálfván Björnsson, skrifl. uppl.

⁵ Svæði könnuð í júní 2009 – Sites visited in June 2009

Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2007

Í þessari skýrslu eru birtar allar tiltækar upplýsingar um 113 tegundir flækingsfugla, sjaldséðra vetrargesta og varpfugla sem sást hér á landi og innan íslenskrar efnahagslögsögu árið 2007. Ein ný tegund sást að þessu sinni, bakkatíta.

Inngangur

Þetta er 29. skýrslan um sjaldséða fugla hér á landi, en þær hafa verið gefnar út síðan 1979. Flækingsfuglanefnd hefur yfirfarið allar athuganir sem hér birtast. Nefndin er sjálfstæður fulltrúi fuglaskoðara líkt og í öðrum löndum Evrópu og á tvo fulltrúa í ritnefnd *Blika*.

Í þessari skýrslu er getið 110 tegunda sjaldséðra fugla sem sást á Íslandi og innan efnahagslögsögu landsins árið 2007. Auk þess eru upplýsingar um tvær undirtegundir margæsar (austræna og vestræna margæs), austræna blesgæs og hvítfálka. Samtals sást því 113 tegundir sjaldgæfra fugla hér á landi árið 2007. Einnig er getið svartsvans (E-flokkur) auk sefþvara frá 2004 og amerískra kolþerna frá 1950, 1957 og 1979.

Nú hefur kanadagæs verið skipt í tvær tegundir, þ.e. kanadagæs *Branta canadensis* og alaskagæs *Branta hutchinsii* (sjá AERC TAC 2010). Að því tilefni eru hér birtar allar upplýsingar um alaskagæsir frá árunum 1985-2006. Einnig hefur korpönd verið skipt í tvær tegundir, þ.e. korpönd *Melanitta fusca* og kolönd *Melanitta deglandi*. Í nokkur ár hafa kolandaathuganir verið birtar sérstaklega í þessum skýrslum, þannig að ekki er ástæða til að endurtaka þær.

Lýsingar og gögn

Almennt gildir sú regla að ekki þarf að lýsa eftirfarandi tegundum, nema þær komi fyrir utan hefðbundins tíma eða á óvenjulegum stöðum: brandönd, ljóshöfðaönd, rákönd, taumönd, skeiðönd, æðarkóngur, kynblendingur æðarkóns og æðarfugls, hvinönd, gráskrofa, gráhegri, sefhæna, blesfhæna, grálóa, vepja, rúkragi (aðeins karlfuglar í sumarbúningi), skógarsnípa, lappajaðrakan, fjöruspói, ískjói, fjallkjói, hringdúfa, snæugla, múrsvölungur, landsvala, bæjasvala, silkitoppa, glóbrystingur, söngþröstur, hettusöngvari, garðsöngvari, netlusöngvari, gransöngvari, laufsöngvari, glókollur, gráspör á Hofi í Öræfum, bókfinka, fjallafinka, barrfinka og krossnefur. Undantekningar eru kvenfuglar ljóshöfðaanda, rákanda, taumanda og kynblendinga æðarkóna og æðarfugla. Einnig ískjóar og fjallkjóar sem ekki eru fullorðnir. Öðrum flækingsfuglum þarf að lýsa eitthvað og þeim mun meira því sjaldgæfari sem tegundin er eða torgreindari frá skyldum tegundum.

Árið 2007 voru ekki dæmdar athuganir á þeim tegundum sem getið er hér að framan. Dómnefndin

fór yfir 265 athuganir (tegundagreiningar) og voru 222 þeirra samþykktar (84%). Einnig fór nefndin yfir 36 undirtegundagreiningar (86% samþ.), 46 kyngreiningar (91% samþ.) og 115 aldursgreiningar (83% samþ.).

Nefndin

Að þessu sinni sátu eftirfarandi sjö menn í dómnefndinni: Brynjólfur Brynjólfsson, Edward B. Rickson, Gunnlaugur Pétursson, Hallgrímur Gunnarsson, Hlynur Óskarsson, Sigmundur Ásgeirsson og Yann Kolbeinsson. Gunnlaugur Práinsson og Yann Kolbeinsson voru ritarar. Á hverju ári er einn nýr maður kosinn í nefndina í stað þess sem lengst hefur starfað í henni samfelld og tveir varamenn að auki.

Yfirlit 2007

Sjaldgæfir varpfuglar. Að minnsta kosti 34 brandandarpör komu upp a.m.k. 288 ungum, þar af a.m.k. 20 pör í Borgarfirði, eitt í Eyjafirði, tvö við Djúpavog, eitt í Álftafirði, sjö við Höfn og þrjú á Melrakkaslétu. Þör sást víðar, en engar upplýsingar um varpárangur á þeim svæðum bárust nefndinni. Skeiðendur sást á allmörgum stöðum, en varp var einungis staðfest í Kelduhverfi, þar sem þær sást með fjóra unga. Hringdúfupar kom upp einum unga á Neskaupstað. Eftir glókollahrúnið veturinn 2004-2005 hefur stofnin náð sér vel á strik. Sumarið 2007 sást fuglar á allmörgum stöðum, m.a. margir í Skorradal, Hallormsstaðarskógi, Heiðmörk, Öxarfirði og Vaglaskógi. Nýfleygir ungar sást í Kjarnaskógi við Akureyri. Gráspörvastofninn er enn við lýði við Hof í Öræfum. Nokkrir fuglar sást þar um vorið og sumarið 2007, en óvíst er hve margir urpu. Sportittlingar urpu nú í fyrsta sinn, en tvö þör sást við Látrabjarg síðla sumars, annað með þrjú unga (Douglas B. McNair ofl 2008). Um vorið og sumarið sást syngjandi seljusöngvari og garðsöngvari á Höfn, hettusöngvari, netlusöngvari og gransöngvari á Tumastöðum, laufsöngvari í Helgafellssveit, bókfinka í Reykjavík og krossnefur á Selfossi. Óvíst er þó að um varpfugla hafi verið að ræða í þessum tilvikum.

Vetrargestir, fargestir og algengir flækingsfuglar. Óvenju margar kanadagæsir sást, eða tólf. Fjöldi æðarkóna var í meðallagi, en sviðaður fjöldi hvinendur or undanfarin ár. Fjöldi ljóshöfða var undir meðallagi, en fjöldi rákanda yfir meðallagi. Fjöldi gráhegra var óvenju mikill. Ekkert

keldusvín sást, sem er óvenjulegt, og einungis ein blesshæna. Einungis níu vepjur sást. Fjöldi dvergspá var í herra lagi, en skógarsnípur óvenju fáar. Lappajaðraknarn voru tólf, sem er nærri meðallagi. Fjörusþóafjöldinn var undir meðallagi. Um 40 ískjóar sást, sem var mun minna en árið áður. Fjallkjóar voru hins vegar aðeins sex. Ellefu þernumáfar er nýtt met. Hringmáfar voru fimm, sem er nærri meðallagi. Dvergmáfar voru átta, heldur minna en undanfarin ár. Hringdúfur voru tuttugu og fjórar, það næstmesta frá upphafi. Færri snæuglur sást en að jafnaði. Landsvölur voru tæplega sextíu og bæjasvölur rúmlega tuttugu, hvort tveggja aðeins undir meðallagi. Silkitoppur voru óvenju fáar. Fjöldi glóbrystinga var vel undir meðallagi, en söngþrestir óvenju fáir. Fjöldi hettusöngvara var langt undir meðallagi og fjöldi garðsöngvara óvenju lítill. Engir hauksöngvarar né hnoðrasöngvarar sást, sem er óvenjulegt. Færri gransöngvarar og laufsöngvarar sást en oft áður. Óvenju fáar bókfinkur sást og fjallafinkur hafa aldrei verið færri. Hins vegar slógu barrfinkur öll fyrri met, en nærri 900 fuglar sást. Áður höfðu sést tæplega 250 fuglar. Einungis einn nýr krossnefur sást. Átján sportittlingar sást, sem er óvenju mikið.

Undirtegundir. Nokkrar austrænar og vestrænar margæsir sást í margæsaþópum á Álftanesi og víðar. Ein austræn blesgæs sást og fimm hvítfálkar. Vestrænar korpöndur hafa nú verið gerðar að sérstakri tegund, kolönd, en ein slík sást á árinu, reyndar fugl sem hafði sést áður.

Nýjar tegundir. Einungis ein ný tegund fannst hér árið 2007, en það var **bakkatíta** *Calidris temminckii* sem sást 7. júní í Grímsey (Richard White 2011). Lengi hefur verið búist við að þessi tegund sæist hér, enda verpur hún í Skandinavíu.

Aðrir sjaldgæfir flækingsfuglar. Þó nokkrar sárásjaldgæfar tegundir sást hér árið 2007. Átta tegundir sást hér í annað sinn, fagurgæs, hafsvála, hólmatíta, kúhegri (sá fyrri 1956), rauðhegri, safaspæta (sú fyrri 1961), straumsöngvari (sá fyrri 1974) og holudúfa (í annað og þriðja sinn). Fjalllóa fannst í þriðja sinn (dauð að þessu sinni), kolhæna sást í fjórða sinn, trjástelkur í fimmta sinn og fitjatíta í fimmta og sjötta sinn (2 fuglar), efjutíta og

hörputittlingur í sjötta sinn, dílastelkur í sjötta til áttunda sinn (3 fuglar), kanaduðra í sjöunda sinn, kambönd í áttunda sinn, bláheiðir í níunda sinn, vestræn margæs í tíunda og ellefta sinn (2 fuglar) og heiðatittlingur í tíunda til tólfta sinn (3 fuglar). Af öðrum sjaldgæfum flækingsum má nefna tvo síkjasöngvara, tígulþernu, tvær blændur, seljusöngvara, fjórar austrænar blesgæsir, fjórar grastítur, tvo bjarthebra, þrjár mandarínendur, hláturmáf, hvítönd, tvo fjallváka og lyngstelk.

Skýringar við tegundaskrá

Þrjár tölur í sviga fyrir aftan tegundarnafn merkja: (1) Fjöldi fugla sem sást fyrir 1979. Ef fjöldinn er ekki þekktur er sett bandstrik (-). (2) Fjöldi fugla á árunum 1979 til 2006. (3) Fjöldi fugla sem sást 2007. – Þessar tölur eru *lágmarksfjöldi* einstaklinga að mati skýrsluhöfunda. Í sumum tilvikum getur reynst erfitt að ákvarða fjölda fugla, en lagt er nokkurt mat á það með skýringum, s.s. „e.t.v. sami fugl“ (þá talið sem tveir fuglar), „sennilega sami fugl“ eða „sami fugl“ (þá talið sem einn fugl). Við hverja tegund er getið útbreiðslusvæðis hennar og nokkur orð eru um tíðni hennar hér á landi og viðburði ársins. Röð tegunda og latnesk heiti í þessari skýrslu fylgja AERC TAC (2010).

Sýslur eru í stafrófsröð, en athuganir innan þeirra eru yfirleitt í tímaröð. Til einföldunar er kaupstöðum skipað undir sýslur, Kjósarsýslu undir Gullbringusýslu og Hnappadalssýslu undir Snæfellsnessýslu. Mánuðir eru í tölustöfum.

Fyrir hverja athugun er getið um stað (sýsla er feitletruð, staður er skáletraður), fjölda fugla (ef fleiri en einn), kyn (♂ = karlfugl, ♀ = kvenfugl), aldur (ef hann er þekktur) og dagsetningu eða tímabil er fuglinn sást. Að lokum eru finnendur innan sviga eða þeir sem tilkynnt hafa fyrst um viðkomandi fugl eða fugla. Notaðir eru upphafsstafrir þeirra sem koma fyrir oftast en fimm sinnum. Táknid □ merkir að fuglinn hafi verið ljósmyndaður (eða kvikmyndaður) og a.m.k. einn nefndarmaður hafi séð myndina. Táknid ☆ merkir að fugli hafi verið safnað, „fd“ merkir að fugl hafi fundist dauður, „fnd“ að hann hafi fundist nýdauður og „fld“ fundist löngu dauður.

Tegundaskrá 2007

Dvergsvanur *Cygnus columbianus bewickii* (1,21,1)

Síbería (*C.c. bewickii*) og N-Ameríka (*C.c. columbianus*). – *C.c. bewickii* er fremur sjaldgæfur flækingsfugl hér á landi. Þetta er fimmti dvergsvanurinn sem finnst meðal álfta í Lóni en tegundin hefur oftast fundist á suðaustanverðu landinu.

A-Skaft: *Hvalnes í Lóni*, 30.4.-2.5. □ (BB ofl), 1. mynd.

Blesgæs *Anser albifrons albifrons* (0,12,4) Þessi undirtegund verpur í norðanverðu Rússlandi. – Aldrei áður hafa svo margar austrænar blesgæsir fundist hér.

Eyf: *Hrísar í Svarfáðardal*, 21.4. □ (Arnór Þ.

Sigfússon).

Gull: *Fitjar á Miðnesi*, 4.5. □ (YK).

N-Múl: *Blöndugerði í Hróarstungu*, 15.4. (HWS).

A-Skaft: *Vagnsstaðir í Suðursveit*, 2.5. (GPH, GP, HS).

Snjógæs *Anser caerulescens* (20,146,4) N-Kanada, NV-Grænland og NA-Síbería. – Snjógæs sést nú í annað sinn í Grímsey, aðrir fuglar fundust á hefðbundnum gæsa-slóðum og árstíma.

Eyf: *Grímsey*, 23.-25.9. (Bjarni Gylfason).

Gull: *Káranes í Kjós*, 12.4. □ (BH ofl). – *Valda-staðir í Kjós og nágr*, „blágæs“ 18.-22.9. □ (BH ofl).

A-Hún: *Snæringsstaðir í Vatnsdal*, „blágæs“ 29.4. □ (HS, RR).

Kanadagæs *Branta canadensis* (25,148,12)

Norðurhluti N-Ameríku og Grænland. Verpur víða villt og hálfvilt í Evrópu. – Nú er búið að skipta kanadagæs í tvær tegundir, kanadagæs (*B. canadensis*) og alaskagæs (*B. hutchinsii*). Þær undirtegundir sem að nú tilheyra kanadagæs eru *moffitti*, *maxima*, *occidentalis*, *fulva*, *canadensis*, *interior* og *parvipes*. Almennt er talið að það hafi verið undirtegundin *canadensis* sem var flutt til Evrópu og er þar nú víða algengur varpfugl. Fuglar úr evrópska stofninum berast oft hingað, og gætu í raun einnig borist hingað að vestan, en einnig er talið að fuglar úr *interior* stofninum berist hingað frá náttúrulegum heimkynnum. Því ættu athugendur að gera

eins góðar lýsingar og hægt er og reyna að greina kanadagæsir til undirtegundar. Í því sambandi skiptir stærð mestu máli og einnig ætti að koma fram með hvaða gæsum þær eru.

V-Barð: *Fossfjörður í Suðurfjörðum*, 11.8. ☐ (Luc Désilets).

Gull: *Járngerðarstaðir í Grindavík*, 2.5. ☐ (DB, YK). – *Neðriháls í Kjós og nágr*, 7.-8.10. (GAG, KHS ofl).

A-Hún: *Blöndudalur*, 8.6. (GAG, HWS).

N-Múl: *Laufás í Hjaltastaðapinghá*, 6.5. (HWS).

Rang: *Ey í V-Landeyjum*, 11.10. (HaL, SÁ, YK).

A-Skaft: *Vagnsstaðir í Suðursveit*, 1.-2.5. (GPH, GP, HS ofl). – *Vík í Lóni*, 19.6.-22.8. ☐ (BB ofl), undirtegundin *canadensis*, talin vera sama og árið á undan.

Skag: *Langhús í Fljótum*, 7.-13.10. (Þorlákur Sigurbjörnsson).

Snæf: *Rif*, 16.5. (AG, YK ofl). – *Arnarstapi*, 21.-26.5. (HS ofl), talin vera sama og á Rifi. – *Kaldárþakki í Kolbeinsstaðahreppi*, tvær 15.10. (KHS, Tómas Guðjónsson).

N-Ping: *Víkingavatn í Kelduhverfi*, 1.10. (AÖS).

Alaskagæs *Branta hutchinsii* (0,14,0)

Norðurhluti N-Ameríku og Grænland. – Nú er búið að skipta kanadagæs í tvær tegundir, kanadagæs (*B. canadensis*) og alaskagæs (*B. hutchinsii*). Þær undirtegundir sem að nú tilheyra alaskagæs eru *leucopareia*, *hutchinsii*, *minima*, *asiatica* (útdauð) og *taverneri*. Ekki hafa byggst upp stofnar þessara undirtegunda í Evrópu og er því í flestum tilfellum um villta fugla, frá náttúrulegum heimkynnum, að ræða sem sjást hérlendis. Athugendur ættu að gera eins góðar lýsingar og hægt er og reyna að greina fugla til undirtegundar. Í því sambandi skiptir stærð mestu máli og einnig ætti að koma fram með hvaða gæsum þær eru.

1985: Rang: *Skeggjastaðir í V-Landeyjum*, amk ein 12.10.1985 ☆ (Jóhann Brandsson), bar einkenni undirtegundarinnar *hutchinsii*.

1986: A-Skaft: *Borg á Mýrum*, lok apríl 1986 ☆ (Sigurður Guðjónsson), mjög lítil með hvítan hálshring.

1989: Borg: *Hvanneyri*, 8.10.1989 (AÖS, JÓH), undirtegundin *hutchinsii*.

1990: V-Skaft: *Pverá á Síðu*, 6.10.1990 ☆ [RM10398] (Jóhann Bjarnason), var af undirtegundinni *hutchinsii*.

1994: A-Hún: *Hnausar í Pingi*, 13.-15.5.1994 (Steve Percival, Tracey Percival).

1997: A-Skaft: *Kálfafell í Suðursveit*, um 20.3.1997 (EÖÞ).

2003: Skag: *Langamýri í Vallhólmi*, 17.4.2003 (GP). – *Langhús í Fljótum*, 27.-30.4.2003 ☐ (Þorlákur Sigurbjörnsson).

2004: A-Hún: *Miðhús og nágr í Vatnsdal*, 26.-27.4.2004 ☐ (EBR, GH, GP, Kjartan Magnússon, SÁ, SR ofl).

2004: Skag: *Reynistaður í Langholti*, 9.5. (AG),.

2005: Borg: *Ásgarður í Reykholtssdal*, 4.10.2005 (KHS).

2005: A-Hún: *Mosfell á Ásum*, 27.4.2005 (AG).

2006: A-Skaft: *Sauðanes í Nesjum*, 22.4.2006 ☐ (BB). – *Fagurhólmýri í Örfæum*, 23.4.2006 ☐ (GPH, YK), undirtegundin *hutchinsii*.



1. mynd. Dvergsvanur *Cygnus columbianus* af evrasísku undirtegundinni *bewickii*, árgsamall, Hvalnes í Lóni, 1. maí 2007. – Björn G. Arnarson.

Kanada- eða alaskagæs

Branta canadensis/hutchinsii (-,-,3)

Hér er um að ræða gæsir sem ekki tókst að greina með vissu til tegundar.

Árn: *Stokkseyri*, 10.6. ☐ (Einar Jónelsson).

V-Barð: *Bjargtangar í Látrabjargi*, 8.-11.6. (AG).

A-Hún: *Snælingsstaðir í Vatnsdal*, 29.4. ☐ (HS, RR), var með tveimur kynblendingum.

Kynblendingur kanada- eða alaskagæsar og helsingja *Branta canadensis/hutchinsii* × *Branta leucopsis* (0,0,2)

Ekki er vitað til að slíkir blendingar hafi sést hér áður.

A-Hún: *Snælingsstaðir í Vatnsdal*, tveir 29.4.

☐ (HS, RR), voru með kanadagæs.

Margæs *Branta bernicla bernicla* (0,39,2)

Túndrur Síberíu. Þessi undirtegund margæsar hefur vetursetu í Danmörku, Hollandi, SÁ-Englandi og Frakklandi. – Flestar austrænar margæsir sjást í margæsaþópum á Vesturlandi. Margæsir eru mjög sjaldgæfar annars staðar á landinu, en þær fáu sem sjást reynast oft austrænar. Fuglaskoðarar ættu því að skoða allar stakar margæsir m.t.t. undirtegundar.

Borg: *Blautós á Akranesi*, tvær 18.5. (GAG).

Gull: *Álfanes*, tvær 8.4.-20.5., 22.-29.5. ☐ (GAG, SÁ ofl). – *Suðurnes í Seltjarnarnesi*, 21.4., 1.5. (GP).



2. mynd. Fagurgæs *Branta ruficollis* með heiðagæsum *Anser brachyrhynchus*, fullorðinn, Sturluflöt í Fljótsdal, 7. maí 2007. – Skarphéðinn G. Þórisson.




3. mynd. Bláendur *Anas discors*, ung kolla (t.v.) og ungur steggur, Njarðvík, 20. september 2007. – Jacopo Cecere.

The following details are given for each record: (1) county (abbreviated and in bold), (2) locality (in italics), (3) number of birds, if more than one, (4) sex and age, if known, (5) observation date (months are in words, if exact date is unknown), (6) observers (in parentheses; names of those appearing more than five times are abbreviated). [RMxxxxx] = specimen number at the Icelandic Institute of Natural History.

The following symbols, abbreviations and words are used: ♂ = male, ♀ = female, *fugl(ar)* = bird(s), *par(pör)* = pair(s), *fullo* = adult, *ungf* or *ungur* = immature, *fd* = found dead (*find* = found newly dead, *fld* = found long dead),  = photographed (or filmed) and identification confirmed by at least one committee member, ☆ = collected (species identification confirmed with a specimen), *amk* = at least, *ofl* = et al., *um* = about, *tíl* = until, *og nágr* = and nearby, *á fyrsta vetri* = first winter, *ársgamall* = first summer, *á öðrum vetri* = second winter, *á öðru sumri* = second summer. The number of birds is given in words, if less or equal to 20 individuals (1 = *einn*, *ein* or *eitt*; 2 = *tveir*, *tvær* or *tvö*; 3 = *þrír*, *þrjár* or *þrjú*; 4 = *fjórir*, *fjórar* or *fjógur*; 5 = *fimm*; 6 = *sex*; 7 = *sjö*; 8 = *átta*; 9 = *níu*; 10 = *tíu*; 11 = *ellefu*; 12 = *tólf*, 13 = *þrettán*; 14 = *fjórtán*; 15 = *fimmtán*; 16 = *sextán*; 17 = *sautján*; 18 = *átján*; 19 = *nítján*; 20 = *tuttugu*).

Gunnlaugur Práinsson, Melbæ 40, 110 Reykjavík (gunnlaugur@isam.is).

Yann Kolbeinsson, Náttúrustofa Norð austurlands, Hafnarstétt 3, 640 Húsavík (yann@nna.is).

Gunnlaugur Pétursson, Blesugróf 24, 108 Reykjavík (gpe@verkis.is).

Tilvitnun:

Gunnlaugur Práinsson, Yann Kolbeinsson & Gunnlaugur Pétursson 2011. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2007. – Bliki 31: 41-64.

Bakkatíta í Grímsey

Pann 7. júní 2007 sást bakkatíta í Grímsey, en hún er evrópskur vaðfugl, sem hefur vetursetu í Afríku og suðaustanverðri Asíu. Þetta var í fyrsta sinn sem bakkatíta hefur sést á Íslandi.

Á ferðalagi með skipinu MS *National Geographic Endeavour* heimsótti ég Grímsey síðdegis þann 7. júní 2007. Á meðan á dvöl minni stóð þar, gekk ég meðfram ferskvatnstjörn og fældist þá lítill vaðfugl upp frá tjarnarbakkanum. Hann var með áberandi ljósa stéljaðra og grunaði mig strax að þetta væri bakkatíta *Calidris temminckii*. Fuglinn settist hinum megin við tjörnina og nokkur áberandi útlitseinkenni staðfestu grun minn. Ég skoðaði fuglinn í stuttan tíma á um 10 metra færi í 10x42 sjónauka og skrifaði niður eftirfarandi lýsingu. Þá þegar grunaði mig að þetta væri sjaldséður flækingur á Íslandi. Fuglinn var ekki ljósmyndaður, en það var að hluta til vegna lélegrar kvöldbirtu, en einnig vegna þess að ég vissi þá ekki um mikilvægi þessa fundar.

Fuglinn var greinilega lítill títa (*Calidris* vaðfugl). Engar aðrar títur voru nærri til samanburðar, en þessi fugl var greinilega mjög lítill, heldur minni en óðinshanarnir

Phalaropus lobatus, sem voru þarna nærri. Bakið var brúnleitt að lit með nokkrar dökkmiðjaðar sumarfjaðrir. Höfuðið var með sama lit og bakið, fremur einlitt með óljósri brúnarák og ljósari kverk. Brúni liturinn náði aðeins niður á bringuna og myndaði þar fremur áberandi bringuband. Síður voru hvítar svo og kviður. Nefið var stutt og beint og virtist dökkt á litinn, en fætur voru ljósgrængulir. Fuglinn var nokkuð samanhnipraður og virkaði hann því fremur bústinn ásýndum. Eftir að fuglinn fældist fyrst upp hreyfði hann sig lítið á meðan ég skoðaði hann.

Samkvæmt fyrri reynslu minni af þessari tegund á Bretlandseyjum, vissi ég að þetta samspil af hvítum stéljöðrum, lappalit og baklit passaði einungis við bakkatítu. Einu títurnar sem líklegt er að rugla saman við bakkatítu eru þær sem hafa gular lappir: roðatíta *Calidris subminuta* og mærutíta *Calidris minutilla*. Á þessum tíma



1. mynd. Bakkatíta *Calidris temminckii*, Coto Doñana, Spáni, 24. apríl 2003. – Jóhann Óli Hilmarsson.

hafði ég einungis reynslu af síðari tegundinni, en útiloka má báðar á hvítum stéljöðrum á þessum fugli. Auk þess hafa bæði roðatíta og mærutíta skærлитari baklit í öllum búningum en bakkatíta.

Í framhaldi af þessu sendi ég tölvupóst til Edwards Rickson, sem staðfesti að þetta væri fyrsti fundur bakkatítu á Íslandi. Athugunin var síðan send til íslensku flækingsfuglanefndarinnar, sem samþykkti hana, þrátt fyrir að fuglinn hafi ekki verið ljósmyndaður.

Bakkatíta er farfugl, sem fer um langan veg til vetrarheimkynna, jafnvel suður fyrir miðbaug. Hún verpur frá Skandinavíu, austur um norðanvert Rússland til Chukotskiy-skaga. Vetrarstöðvarnar eru í Afríku, Miðausturlöndum, Indlandsskaga og Suðaustur-Asíu (van Gils & Wiersma 1996). Vegna þessa er ekki óalgengt að bakkatítur á farflugi flækist lengra en til varpstöðvanna. Til dæmis er þessi tegund sjaldséður umferðarfugl á Bretlandseyjum, með um 100 athuganir á ári og þar verpa innan við tíu pör árlega (Robinson 2005). Bakkatítur hafa einnig sést á öðrum eyjum í Atlantshafi, til dæmis á Azoreyjum og Kanaríeyjum (Hayman, Marchant & Prater 1986).

ÞAKKIR

Ég vil þakka Edward B. Rickson og Gunnlaugi Þráinssyni fyrir yfirlestur og góðar ábendingar og Gunnlaugi Þéurssyni fyrir að þýða greinina yfir á íslensku. Einnig vil ég þakka Jóhanni Óla Hilmarssyni fyrir að útvega ljósmynd af bakkatítu til birtingar með greininni.

HEIMILDIR

Hayman, P., Marchant, J., & Prater, T. 1986. Shorebirds an identification guide. – Houghton Mifflin Company, Boston.

Robinson, R.A. 2005. BirdFacts: profiles of birds occurring in Britain & Ireland (v1.24, June 2009). – BTO Research Report 407, BTO, Thetford (<http://www.bto.org/birdfacts>).

van Gils, J. & Wiersma, P. 1996. In del Hoyo, J., Elliott, A. & Sargatal, J. (eds.). Handbook of Birds of the World. Vol. 3. – Lynx Edicions, Barcelona.

SUMMARY

The first record of Temminck's Stint for Iceland

During a cruise aboard the MS *National Geographic Endeavour*, I visited Grimsey on the evening of 7 June 2007. While walking beside a freshwater pool, a small wader was flushed from the shore and flew off showing obvious white outer-tail feathers. This feature immediately made me suspect that the bird was a Temminck's stint. The bird landed

on the opposite side of the pool and clearly showed a number of characters that confirmed this suspicion. I watched the bird for a short time at ranges of down to 10 metres with 10 x 42 binoculars and took the following description. At this time I suspected the species was a scarce vagrant to Iceland. No photographs were taken. In part this was due to the poor late evening light but also due to the fact that I did not realize the full significance of the record at the time.

The bird was clearly a small Calidrid wader. There were no other Calidrids nearby for comparison but the wader was clearly very small - similar in size but slightly smaller than nearby red-necked phalaropes. The upperparts were generally plain dull brown in colour with some dark-centred summer plumage feathers on the mantle. The head was the same colour as the rest of the upperparts and relatively plain with only a faint supercilium and paler throat. The brown plumage extended down the breast and formed a reasonably distinct breast band. The rest of the underparts were plain white. The bill was short and straight and appeared dark, the legs were a dull greenish-yellow. The posture of the bird was typically crouched and gave the bird a fat appearance. After the initial flight it was not active during the observation.

From previous experience of the species in the United Kingdom, I knew that the combination of white outer tail feathers with leg colour and the plumage tone of the upperparts can only match Temminck's stint. The only likely confusion species are two other Calidrids with yellow legs: long-toed stint and least sandpiper. At the time, I only had experience with the latter species but both species can be ruled out by the white outer tail feathers of this bird. In addition, both least sandpiper and long-toed stint have more brightly marked upperparts in all plumages than Temminck's stint.

Subsequently I contacted Edward Rickson by email who confirmed that this was the first record of this species in Iceland. The record was submitted to and, despite the lack of photographic evidence, subsequently accepted by the Icelandic Rarities Committee.

Temminck's stint is a long distance trans-equatorial migrant. It breeds from Scandinavia through northern Russia as far east as the Chukotskiy Peninsula and winters in northern tropical Africa, the Middle East, Indian Subcontinent and South-east Asia (van Gils & Wiersma 1996). As a result it is not unusual for the species to overshoot or drift off course on migration. For example, the species is a scarce passage migrant in the United Kingdom with about one hundred birds recorded annually and less than ten pairs breeding annually (Robinson 2005). It has also occurred on other Atlantic Islands, for example the Azores and Canary Islands (Hayman, Marchant and Prater 1986).

Richard White, 8 Rimington Road, Waterlooville, Hants PO8 8UA, UK (richwhite@hotmail.com).

Tilvitnun:

Richard White 2011. Bakkatíta í Grímsey. – Bliki 31: 65-66.

Um fuglalíf í Kaldalóni

Kaldalón er grunnur fjörður ásamt stuttum dal og er svæðið vel afmarkað á alla vegu. Skriðjökull og á sem undan honum fellur einkenna svæðið, þar sem jökulgarðar, aurar og set eru áberandi. Við komum fyrst í Kaldalón árið 1992 og höfum heimsótt svæðið ellefu sinnum. Þar hafa sést 47 tegundir fugla og hafa 23 þeirra orpið.

Inngangur


Undanafarin 25 ár höfum við í frítíma okkar skoðað fugla víða á Vestfjörðum, einkum þó í Strandasýslu og Djúpi. Útbreiðsla varpfugla hefur verið skráð ítarlega í Steingrímsfirði og nágrenni (Jón Hallur Jóhannsson & Björk Guðjónsdóttir 1995). Eins höfum við fylgst með teistuvorpi og kortlagt útbreiðslu tjalds á sömu slóðum (Jón Hallur Jóhannsson & Björk Guðjónsdóttir 2006, 2007, 2009). Meðal þeirra svæða sem við höfum heimsótt hvað eftir annað í þessum ferðum okkar er Kaldalón við Djúp. Hér verður greint frá athugunum okkar á fuglalíf þar á tæplega 20 ára tímabili.

Athugunarsvæði


Kaldalón er tæplega 5 km langur og grunnur fjörður eða vík sem gengur til norðausturs úr austanverðu Ísafjarðardjúpi (1. mynd). Nafnið tekur einnig til til dalsins inn af og er þetta svæði tiltölulega skýrt afmarkað af háum

og bröttum fjöllum beggja vegna; Drangajökli til austurs og Ísafjarðardjúpi til vesturs (sjá t.d. Jóhann Hjaltason 1949, Guðrún Ása Grímsdóttir 1994). Athugunarsvæðið er víkin (þ.e. lónið sjálft), hlíðarnar umhverfis og dalurinn (neðan 100 m hæðarlínu) inn að skriðjökultungunni sem fellur bratt niður úr Drangajökli í dalbotninn. Ytri mörk eru við Lónseyri norðan megin og Kaldá að sunnan er liggja rúmlega einn kílómetra fyrir innan eiginlegt mynni Kaldalóns. Í einstaka tilvikum er getið fuglahópa sem sást utan þessara marka.

Jökuláin Mórilla fellur undan skriðjöklinum og flæmdist áður um undirlendið. Henni er nú stýrt af flóðgördum með utanverðri norðurhlíðinni. Forn jökulgarður þverar næstum því dalinn um einn kílómetra inn af lónbotninum. Tvær eyrar ganga út í lónið nærri mynni þess, Lónseyri að norðan (fyrrum bújörð) og Seleyri að sunnan. Lónið þar fyrir innan er grunn vík og fellur sjór úr henni að stórum



1. mynd. Kort af Kaldalóni og nágrenni.



2. mynd. Innsti hluti Kaldalóns séð frá jökulgarðinum. Skriðjökullinn úr Drangajökli er efst til vinstri.
– Jón Hallur Jóhannsson.

hluta á fjöru og koma þá upp allvíðáttumiklar jökulleirur sem Mórilla kvíslast um. Dalurinn upp af lóninu er um 5 km að lengd, inn að skriðjöklinum og um 1,5 km að breidd sé miðað við 100 m hæðarlínu í hlíðunum en þrengist innst. Alls er athugunarsvæðið um 13 km². Þar af eru 4,5 km² grunnsævi og jökulleirur sem upp koma á fjöru, en 8,5 km² þurrlendi með ám, lækjum, mýrablettum og tjörnum.

Innan við lónið eru allvíða harðbala- og hrossa-nálarflesjur sem ná að veginum (2. mynd) en ofan vegar malareyrar með strjálum gróðri, pollum og mýrablettum. Mýra- og starargróður fylgir síkjum undir báðum hlíðum inn undir jökulgarðinn og ná fram á mótis við lónið. Innan garðsins flæmist Mórilla um grýttar og gróðurlitlar eyrar.

Hlíðar eru alls staðar brattar og vaxnar slitróttu birkikjarri *Betula pubescens* og víðirunnum (*Salix* spp.) neðanvert upp í 50-100m hæð (hæstu hríslur um mannhæð). Kjarrbeltið nær inn undir berghausinn Keggsi að norðan og skammt inn fyrir jökulgarðinn að sunnan. Ofar tekur við ýms konar fjallendisgróður. Ótal linda- og snjóbráðarlækir falla niður hlíðarnar.

Norðanmegin, skammt innan við jökulgarðinn, er talið hafa verið fornt býli (Lónhóll) og nokkru innar skagar áður nefndur Keggsir út úr hlíðinni. Hluti af jökulgarðinum sem er norðan Mórillu ber sama nafn og býlið, Lónhóll. Um hálfan kílómetra innan jökulgarðsins, sunnan megin, er talið hafa verið fornt býli, Trymbilsstaðir (Jóhann Hjaltason 1949). Árið 1710 sáust engar rústir af Trymbilsstöðum og er talið að jökullinn hafi eyðilagt bæði býlin (Árni Magnússon og Páll Vídalín 1913). Inn af Trymbilsstöðum eru Silungapollar og þar inn af eru Votubjörg (Jóhann Hjaltason 1949).

Snæfjallastrandarvegur liggur um neðanverðar hlíðar Kaldalóns og þvert yfir aurana fyrir botni lónsins og yfir brú á Mórillu við norðurhlíðina (1. mynd). Nokkur sauðfjárbætur er í Kaldalóni og lambfé flutt þangað snemmsumars frá nálægum bæjum.

Talsvert er um ferðamenn á þessum slóðum og gjarnan farnar hópferðir í Kaldalón. Fjöldi ferðamanna hefur aukist mjög eftir að við hófum þar athuganir árið 1992. Hópferðabílar aka nú eftir flóðgarðinum við Mórillu inn að jökulgarðinum og þaðan fara ferðamenn síðan vítt og breitt um svæðið. Margir koma einnig á einkabílum og tjalda. Einnig er vinsælt að ganga á Drangajökul úr Kaldalóni. Mikill fjöldi ferðamanna á svo takmörkuðu svæði kann að hafa áhrif á varp styggra fugla svo sem álfta, gæsa og ránfugla eins og haferni og fálka.

Aðferðir

Við komum fyrst í Kaldalón árið 1992 og höfum farið þangað ellefu sinnum til og með 2010: maí (3), júní (3), júlí (2), ágúst (1) og september (2). Dvalið var á svæðinu 1-3 daga í senn og gagna aflað. Árið 2010, þann 31. maí, gerðum við sniðtalningar sem miðuðu að því að kanna þéttleika þúfuttlinga, músarrindla og skógarþrasta í neðanverðum hlíðunum. Talið var á mótum birkibeltisins og graslendis/mýrlendis. Norðan megin var snið lagt á vegi frá Lónseyri að brú á Mórillu – 4,13 km og talið á 25 punktum. Sunnanmegin var snið lagt frá syðri enda jökulgarðsins að brú á Þjóðvegi utan Stóreyrar (síkisbrú) – 1,40 km og talið á 14 punktum.

Niðurstöður

Alls varð vart 40 tegunda fugla og tókst að staðfesta varp hjá 22 þeirra (1. tafla). Auk þess er vitað um a.m.k. sjö tegundir sem sést hafa í Kaldalóni og tvær tegundir sem hafa orpið. Alls hafa því sést í Kaldalóni 47 tegundir og hafa 23 þeirra orpið.

Eftirfarandi yfirlit um fuglalíf í Kaldalóni er unnið upp úr dagbókum okkar (JHJ & BG). Algengustu fuglar voru þó ekki skráðir við hverja heimsókn. Samantekt athugana er að finna í 1. töflu ásamt skýringum á skammstöfunum. Einnig eru hér nokkrar óbirtar athuganir Indriða Aðal-

1. tafla. Samandregnar niðurstöður um fugla sem sáust í Kaldalóni – *Summary of observations of birds in Kaldalón.*

Tegundir <i>Species</i>	Varp <i>Breeding</i>	Áætlaður fjöldi (varppör) <i>Est. no. of breeding pairs</i>	Umsögn <i>Comments</i>
Álf <i>Cygnus cygnus</i>	V	2	2 varpst.r þekktir og báðir notaðir samtímis, a.m.k. tvisvar (SH,U)
Heiðagæs <i>Anser brachyrhynchus</i>	–	0	Litlir hópar sáust tvisvar
Grágæs <i>Anser anser</i>	V	> 10	Algengur varpfugl (U)
Rauðhöfðaönd <i>Anas penelope</i>	–	0	Sást einu sinni
Urtönd <i>Anas crecca</i>	V	3-5	Allalgengur en felugjarn varpfugl (U)
Stökkönd <i>Anas platyrhynchos</i>	V	5-10	Allalgengur varpfugl (U)
Duggönd	–	0-1	Hefur sést einu sinni (1987)
Æðarfugl <i>Somateria mollissima</i>	?	?	Sjalséður. Hugsanlega stöku hreiður á Lónseyri, einkum áður fyrir
Straumönd <i>Histrionicus histrionicus</i>	?	?	Straumendur sáust á Mórillu í öllum athugunum
Hávella <i>Clangula hyemalis</i>	–	0	Felli fjaðrir á Kaldalóni áður fyrir
Toppönd <i>Mergus serrator</i>	–	0	Sást einu sinni við Seleyri
Gulönd <i>Mergus merganser</i>	–	0	Hefur sést einu sinni (1987)
Rjúpa <i>Lagopus muta</i>	?	?	Aðeins ummerki fundust. Mjög líklega varpfugl í rjúpnárum
Lómur <i>Gavia stellata</i>	–	0	Sjaldséður gestur
Himbrimi <i>Gavia immer</i>	–	0	Sjaldséður gestur
Dílaskarfur <i>Phalacrocorax carbo</i>	–	0	Sást einu sinni við Lónseyri
Haförn <i>Haliaeetus albicilla</i>	–	0	Sást einu sinni; fyrrum varpfugl
Smyrill <i>Falco columbarius</i>	–	0	Sást einu sinni
Fálki <i>Falco rusticolus</i>	–	0	Sást einu sinni (2 saman) í Keggsi ; hefur orpið á svæðinu
Tjaldur <i>Haematopus ostralegus</i>	V	6	All-algengur varpfugl. Hópar sáust á Lónseyri (E,U)
Sandlóa <i>Charadrius hiaticula</i>	V	> 10	Mjög algengur varpfugl (A,U)
Heiðlóa <i>Pluvialis apricaria</i>	V	5-10	All-algengur varpfugl. Hópar vor og haust (E)
Sendlingur <i>Calidris maritima</i>	–	0	Ekki tókst að staðfesta varp. Verpur ofan athugunarsvæðisins
Lóupræll <i>Calidris alpina</i>	V	> 10	Mjög algengur varpfugl (SF, A, U)
Hrossagaukur <i>Gallinago gallinago</i>	V	> 10	Strjáll varpfugl, (SF) í maí og júní
Jaðrankan <i>Limosa limosa</i>	V	2-3	Par sást fyrst 2007 (ÆF). Hefur fjölgað síðan.
Spói <i>Numenius phaeopus</i>	V	3	Öftast 2-3 varppör (E)
Stelkur <i>Tringa totanus</i>	V	5-10	Algengur varpfugl (ÆF,SF,U)
Tildra <i>Arenarius interpres</i>	–	0	Sást einu sinni, 2 saman
Óðinshani <i>Phalaropus lobatus</i>	V	2-4	Sást jafnan á síkjasvæðunum N- og S-megin. Hreiður fannst (E)
Kjóli <i>Stercorarius parasiticus</i>	V	1	1 varppar af og til (ÆF,A)
Hettumáfur <i>Larus ridibundus</i>	–	0	Fremur fáséður.
Sílamáfur <i>Larus fuscus</i>	–	0	Sjaldséður. Sást fyrst 2007
Bjartmáfur <i>Larus glaucoides</i>	–	0	Sjaldséður
Hvítmáfur <i>Larus hyperboreus</i>	–	0	Sást af og til á leirunum
Svarbakur <i>Larus marinus</i>	V	1	Eitt varppar (SH) 2008. Fáeinir sáust í hvíld á leirunum af og til
Teista <i>Cephus grylle</i>	–	0	Hefur sést einu sinni (1987)
Kría <i>Sterna paradisaea</i>	TVV	?	Sást oft á veiðum við Mórillu. Hefur reynt varp á Lónseyri (ÆF)
Lundi <i>Fratercula arctica</i>	–	0	Hefur sést einu sinni (1987)
Þúfuttlingur <i>Anthus pratensis</i>	V	Fjöldi	Mjög algengur varpfugl (SF). [123 pör/km².]
Mariuerla <i>Motacilla alba</i>	V	1	Par verpur af og til undir brúnni yfir Mórillu (E,U)
Músarrindill <i>Troglodytes troglodytes</i>	V	>20	Mjög algengur varpfugl í birkikjarri í hlíðunum (SF). [56 pör/km².]
Steindepill <i>Oenanthe oenanthe</i>	V	2-3	Strjáll varpfugl (NFU)
Skógarpröstur <i>Turdus iliacus</i>	V	Fjöldi	Mjög algengur varpfugl í kjarri í hlíðunum (SF,NFU). [111 pör/km².]
Hrafn <i>Corvus corax</i>	V	3	Þrír varpstaðir þekktir (U,NFU)
Auðnutittlingur <i>Carduelis flammea</i>	–	0	Heyrðist einu sinni. Alg. í nágrenninu
Snjótittlingur <i>Plectrophenax nivalis</i>	V	6-7	Allt að 7 varppör (SF)

Táknin í töflunni þýða – *Symbols used:*

2. dálkur – column 2: V = varpfugl – *Breeding specise.*

? = Hugsanlega varpfugl – *Possibly breeding.*

– = Verpur ekki – *Non breeder.*

3. dálkur – column 3: Fjöldi – *Large number.*

4. dálkur – column 4: (A) = Skv. atferli – *According to behaviour.*

(SF) = Syngjandi fuglar (og hneggjandi eða vellandi) – *Singing birds.*

(U) = Ungar – *Chicks.*

(NFU) = Nýfleygir ungar – *Newly fledged chicks.*

(ÆF) = Æstir fuglar – *Excited birds.*

(E) = Egg – *Egg.*

(SH) = Sitjandi á hreiðri – *Sitting on a nest.*

steinssonar (IA), Kristins Hauks Skarphéðinssonar (KHS) og Böðvars Þórissonar (BP).

Álft *Cygnus cygnus*. Tveir varpstaðir (óðul) eru kunnir, báðir á eyrum Mórillu innan jökulgarðsins. Annað óðalið er niður undan Keggsi undir norðurhlíðinni en hitt sunnan megin og allnokkru innar. Orpið var á báðum árið 1992 (3 ungar á hvoru 16. júlí). Auk þessa var þriðja parið með unga á víkinni innan Lónseyrar á sama tíma 1992 en ekki er kunnugt um varpstað þess. Árið 1997 voru fjórir ungar, nær fullvaxnir á tjörn við brúna 16. ágúst en enginn fullorðinn fugl. Árið 2001 var orpið á báðum óðulunum, fimm nýklaktir ungar 16. júní á því nyrðra, en fugl á dyngju (SH) á innra og syðra óðalinu. Árið 2007 voru tvö pör á svæðinu 19. maí. Árið 2009 hélt sig stök álft innan Hóla 10. júní. Árið 2010 var par á svæðinu 30. maí. Um 50 geldálftir hafa um árabil fellt flugfjaðrir á Kaldalóni; þær voru 51 þann 20. júlí 1985 (KHS), 53 þann 30. júlí 1987 (flestar í og utan við mynni lónsins; KHS) og 47 þann 13. ágúst 2005 (BP).

Heiðagæs *Anser brachyrhynchus*. Litlir hópar sáust tvisvar. Þann 15. maí 2007 var hópur 12 fugla á beit í gróðurhólma á leirunum og 13. júní 2008 var hópur átta fugla á beit á svipuðum slóðum. **Grágæs** *Anser anser*. Við fyrstu athugun 17. júlí 1992 voru átta pör með unga á lóninu innan við Lónseyri. Síðar sáust pör með unga oft og allt inn undir jökli.

Rauðhöfðaönd *Anas penelope*. Einn fugl sást við veginn í botni fjarðarins 16. júní 2003 og par sást á svipuðum slóðum, 19. maí 2007. **Urtönd** *Anas crecca*. Pör sáust oft í athugunum snemmsumars. Kollur með unga sáust tvisvar en urtönd er mjög felugjarn fugl. Þann 16. ágúst 1997 sást kolla með 18-20 dúnunga. **Stökkönd** *Anas platyrhynchos* er algengur varpfugl. Pör eða stakir fuglar sáust við allar athuganir og kollur með unga sáust síðsumars og á haustin. Árið 1997 sást kolla með þrjá unga 16. ágúst. Árið 2000 voru 15 fuglar á einu síki 23. september í ljósaskiptunum og sumt af þeim ungar. Árið 2010 sáust fimm pör og fimm stakir fuglar víðsvegar um svæðið 30. maí. **Duggönd** *Aythya marila* er sjaldséður gestur en steggur sást á Kaldalóni 30. júlí 1987 (KHS).

Æðarfugl *Somateria mollissima* fer lítið inn á Kaldalón. Stundum sjást þar þó stórir hópar sem virðast fella flugfjaðrir við mynnið; t.d. um 1000 fuglar 30. júlí 1987 (KHS). Hugsanlega verpa stöku fuglar stundum á Lónseyri og hafa trúlega gert áður fyrr meðan búið var á jörðinni. **Straumönd** *Histrionicus histrionicus* sást iðulega á Mórillu. Þann 17. júlí 1992: tvær; 18. júní 1996: fimm (4 ♂ og 1 ♀); 16. júní 2001: fjórar við Keggsi og sex við brúna (ókyngri.); 31. maí 2010: þrjár rétt ofan brúar. Hugsanlegt er að straumendur verpi við hina fjölmörgu læki sem falla ofan hlíðarnar en ungar sáust þó aldrei. **Hávella** *Clangula hyemalis*. Við skráðum ekki hávellur í ferðum okkar en þær hafa stundum fellt flugfjaðrir á Kaldalóni, t.d. sáust þar 164 fuglar sumarið 1979 (Arnbór Garðarsson o.fl. 1980) og 94 fuglar 30. júlí 1987 (KHS). **Toppönd** *Mergus serrator*. Par sást einu sinni við Seleyri 30. maí 2010. Toppendur fella stundum flugfjaðrir á Kaldalóni; sumarið 1979 sáust þar 98 fuglar (Arnbór

Garðarsson o.fl. 1980), 235 þann 20. júlí 1985 (í lóninu og utan Ármúla; KHS) og 50 hinn 30. júlí 1987 (KHS). **Gulönd** *Mergus merganser* hefur sést einu sinni; kolla við Lónseyri 30. júlí 1987 (KHS).

Rjúpa *Lagopus muta* sást ekki en vetrarbæli fundust 31. maí 2010. Talinn varpfugl (IA 1996). Mjög líklega varpfugl í rjúpnaárum

Lómur *Gavia stellata* er sjaldséður gestur á Kaldalóni en fjórir fuglar sáust við Lónseyri 30. júlí 1987 (KHS).

Himbrimi *Gavia immer* er einnig sjaldséður; einn fugl sást sama dag og lómarnir (KHS). Hið sama gildir um **Díflaskarf** *Phalacrocorax carbo*. Stakur fugl sást á Kaldalóni 30. júlí 1987 (KHS) og ungur fugl á steini við Lónseyri 31. maí 2010.

Haförn *Haliaeetus albicilla* sást einu sinni. Þann 23. september árið 2000 sáum við, frá Melgraseyarmelum, einn fullorðinn fugl fljúga inn í Kaldalón, en hann fannst ekki aftur. Ernir urpu í Kaldalóni á fyrri hluta 20. aldar (Lewis 1938). **Smyrill** *Falco columbarius* sást einu sinni þann 10. júní 2009. **Fálki** *Falco rusticolus* sást einu sinni. Þann 16. júní 2001 hélt sig par (hvítur ♂ og dökkur ♀) í Keggsi um stund en hvarf svo burt. Vitað er um fálkavarp á svæðinu á seinni hluta 20. aldar (gagnagrunnur Náttúrufræðistofnunar).

Tjaldur *Haematopus ostralegus*. Við könnun strandarinnar 15.-17. júlí 1992 fundust þrjú óðul, öll á eða í nágrenni Seleyrar. Við sams konar könnun 30.-31. maí 2010 fundust sex óðul, fimm á svæðinu Kaldá - Seleyri og eitt á Lónseyri. Vatnspróf á einu eggji sýndi 1. stig. Varpstofninn hefur því tvöfaldast á 19 árum.

Sandlóa *Charadrius hiaticula*. Við könnun 30. maí 2010 fundust fimm óðul (A) á svæðinu Kaldá - Seleyri, eitt innan Seleyrar, tvö á aurunum neðan jökulgarðsins, eitt innan garðsins og eitt á Lónseyri (alls 10 óðul). Sandlóur hafa sést með varpatferli (A) allt inn undir jökul. Þann 12. júlí 2008 sástu þrjú varpleg pör frá jökulgarðinum og inn að jökulsporði, sunnan megin (BP).

Heiðlóa *Pluvialis apricaria* virðist fremur algengur varpfugl. Þann 16. júlí 1992 var eitt par með varpatferli (A) á aurunum ofan vegar. Þann 19. maí 2007 voru heiðlóur dreifðar um allt undirlendið. Þann 10. júní 2009 fannst hreiður (4e) inn undir jökli. Þann 30. maí 2010 var óðalspar (A) við Kaldá og annað (A) upp af Seleyri. Þá voru 2 óðalspör (A) á aurunum sunnan megin auk um 20 fugla sem virtust geldfuglar.

Sendlingur *Calidris maritima*. Einn fugl sást á aurunum neðan jökulgarðsins 16. júlí 1992 en ekki tókst að staðfesta varp. Tveir sátu saman á steini í lóninu 23. sept. 2000. Þrír sáust á Seleyri 30. maí 2010. Verpur ofan athugunarsvæðisins t.d. á Skjaldfannarfjalli (IA 1996).

Lóupræll *Calidris alpina*. Algengur varpfugl. Þann 16. júlí 1992: margir fuglar með varpatferli (SF, A). Þann 17. júlí 1992 fannst lítill ungi við Mórillu neðan brúar. Þann 18. júní 1996 voru 2-3 syngjandi fuglar innan jökulgarðsins allt inn undir jökul. Hinn 18. september 1998 sáust lóuprælar á við og dreif. Þann 13. júní 2008: Fuglar (SF) um allt. Þann 9. júní 2009: (SF) við jökulgarðinn (Punktmæling mófugla). Þann 30. maí 2010: 40 fuglar í ætisleit á Seleyri.

Hrossagaukur *Callinago gallinago* virtist ekki mjög algengur varpfugl. Þann 16. júlí 1992: einn fugl með varpatferli (TVV). Þann 30. maí 2010 voru tveir hneggjandi fuglar við Seleyri. Þann 31. maí 2010: einn hneggjandi yfir hlíðinni norðanmegin og tveir yfir Lónseyri. Þessar athuganir benda ekki til þess að hrossagaukur sé alg varpfugl í Kaldalóni

Jaðrakan *Limosa limosa*. Við könnun á árunum 1992-2006 varð ekki vart við jaðrakan í Kaldalóni. Þann 19. maí 2007 var par í votlendinu sunnanmegin og virtist vera á óðali (ÆF), en engir aðrir fuglar sást. Þann 13. júní 2008 var par (ÆF) á sömu slóðum og einn stakur fugl innar á síkjasvæðinu og annar stakur á óshólmasvæðinu. Þann 12. júlí 2008 sást tvö pör á svipuðum slóðum (Bþ). Þann 9. og 10. júní 2009 sást hins vegar enginn jaðrakan. Þann 30. maí 2010 var einn við Seleyri og annar í hlíðinni innar (par? báðir vælandi), par í fjöru innar og par á flæðunum. Alls sex fuglar.

Spói *Numenius phaeopus*. Oftast voru tvö varppör á eyrunum neðan jökulgarðsins og sennilega þriðja parið innan garðsins, a.m.k. stundum. Þann 17. júní 1996 var spói með hreiður (3e) í gróðurlendinu upp af lónbotninum. Sama dag var par (ÆF) innan jökulgarðsins. Hinn 16. júní 2001 var spóapar með hreiður inn undir jökulgarðinum (SH) og annað í gróðurlendinu upp af lónbotninum (ÆF).

Stelkur *Tringa totanus*. Algengur varpfugl. Þann 17. júlí 1992 voru 10 í ætisleit í vikinni innan Lónseyrar og nokkrir (>3 ÆF) annars staðar. Þann 17. júní 1996 var par (ÆF) á Lónseyri. Þann 18. sept. 1998, var talsvert um stelk á víð og dreif. Hinn 23. september 2000 sást tveir. Þann 16. júní 2001 var stelkur mjög algengur, t.d. 2 pör (ÆF) upp með Mórillu neðan jökulgarðsins. Þann 19. maí 2007 var stelkur mjög algengur. Þann 13. júní 2008, algengur á óshólmasvæðinu og um allt neðanvert svæðið í votlendi og graslendi. Hinn 9. júní 2009 sást par með 3 litla unga. Þann 30. maí 2010 sást 5 pör (ÆF) frá vegi er ekið var umhverfis lónið frá Seleyri að Lónseyri.

Tildra *Arenarius interpres* sást einu sinni, tvær saman á Seleyri 30. maí 2010.

Óðinshani *Phalaropus lobatus*. Þann 17. júlí 1992: 1 ♀ á tjörn við veginn. Þann 17. júní 1996: 5 við síkisbrúna sunnanmegin utan við Stóreyri, (4♂+1♀) og hreiður fannst (4e). Þá voru fjórir á annarri tjörn (1♂+3♀). Þann 16. júní 2001: 1 ♀ við síkisbrúna sunnanmegin. Þann 13. júní 2008: 3 ♀ slást um 1♂ á polli við veginn. Þann 10. júní 2009 voru 25 fuglar á lítilli tjörn norðanmegin og 30. maí 2010 voru 2 ♀ á síki sunnanmegin og voru þar enn 31. maí.

Kjóí *Stercorarius parasiticus*. Par virtist vera með unga á gróðurflesjunum fyrir botni lónsins 16. júlí 1992 (báðir dökkir) og tók annar þeirra sandlóuunga. Þann 17. júní 1996: par (SH) (dökkir) á svipuðum slóðum. Þann 16. júní 2001: par (SH), (dökkir) og 30. maí 2010, (SH) (dökkur og skjóttur).

Hettumáfur *Larus ridibundus* var fremur sjaldséður. Fáeinir fuglar sást stundum úti á leirunum á fjöru innan um aðra máfa. Þann 30. maí 2010 voru 45 í hvíld á

Seleyri. **Sílamáfur** *Larus fuscus* hefur bara sést einu sinni á athugunarsvæðinu. Þann 19. maí 2007 voru 5 saman í hvíld á leirunum. **Bjartmáfur** *Larus glaucoides* sást á vorin úti á leirunum innan um aðra máfa. Þann 19. maí 2007 voru um 20 fuglar úti á leirunum á fjöru. **Hvítmáfur** *Larus hyperboreus*. Fáeinir fuglar hafa sést í hvíld á leirunum á fjöru, flestir 58 í hvíld yst á Seleyri á háfjöru 30. maí 2010. **Svarbakur** *Larus marinus*. Fáeinir fuglar sást í hvíld á leirunum innan um aðra máfa. Þann 13. júní 2008 var par með hreiður (SH) á litlum gróðurhólma úti á leirunni. Engin ummerki um varp í hólmanum 2009 né 2010.

Kría *Sterna paradisaea*. Kríur sást af og til í ætisleit yfir Mórillu og síkjunum. Þann 17. júní 1996 virtist par vera með hreiður (ÆF) á Lónseyri en hreiður fannst ekki enda var tófa þar á ferð.

Teista *Cephus grylle*. Sjaldséður gestur; fimm fuglar voru á Kaldalóni 30. júlí 1987 (KHS). **Lundi** *Fratercula arctica* er einnig sjaldséður og sást stakur fugl sama dag og teisturnar (KHS).

Þúfuttlingur *Anthus pratensis*. Mjög algengur varpfugl metið út frá syngjandi fuglum (SF). Þann 31. maí 2010 töldum við á sniðum bæði norðan- og sunnanmegin (SF). Meðaltal norður- og suðurhlíða var 123 pör á km².

Mariuerla *Motacilla alba*. Par varp af og til undir brúnni á Mórillu. Þann 16. júní 2001 var þar hreiður með eggjum og nýskriðnum ungum (3 ungar og 3 egg).

Músarrindill *Troglodytes troglodytes*. Algengur varpfugl í birkikjarrinu í hlíðunum, einkum við læki. Sniðatalning 31. maí 2010 (SF) samsvaraði 56 pörum á km² (meðaltal suður og norðurhlíða).

Steindepill *Oenanthe oenanthe*. Strjáll varpfugl. Þann 16. júlí 1992 var par með nýfleyga unga (NFU) innan jökulgarðsins. Þann 22. maí 1998 hélt sig ♂ við Flautá.

Skógarpröstur *Turdus iliacus*. Algengur varpfugl í birkikjarrinu. Sniðatalning 31. maí 2010 (SF) gaf 111 pör á km² (meðaltal norður- og suðurhlíða).

Hrafn *Corvus corax*. Þekktir eru 3 varpstaðir. Þann 16. júlí 1992 var laupur (NFU) í Keggsi. Þann 10. júní 2009 fundum við hrafnshreiður (a.m.k. 3 ungar) í Votubjörgum inn undir jökli. Þann 30. maí 2010 var hrafnshreiður með ungum í hamri upp af og rétt innan við Lónseyri.

Auðnutittlingur *Carduelis flammea* sást ekki en heyrðist einu sinni. Þann 16. júní 2001 heyrðum við í auðnutittlingum (virtust fleiri en einn á flökti í kjarrinu). Er talinn varpfugl í Kaldalóni (IA 1996) og er varpfugl í næsta nágrenni svo sem í Ármúla og Skjaldfannardal í svipuðu gróðurlendi.

Snjóttittlingur *Plectrophenax nivalis*. Allalgengur varpfugl, einkum á innrihluta svæðisins (innan við birkibeltið). Þann 16. júlí 1992 var óðal (SF) innan jökulgarðsins í Suðurhlíðinni. Þann 17. júní 1996 sást ♂ safna æti við Kaldá. Þann 16. júní 2001 voru tvö óðul (SF) í nágrenni Keggsis. Þann 10. júní 2009 fundust fjögur óðul (SF) frá Silungapollum inn að jökulsporði.

Annað dýralíf

Humlur (*Bombus* spp.) voru algengar og geitungar (*Dolichovespula norvegica*) á síðari árum. Hornsíli

(*Gasterosteus aculeatus*) fundust í pollum og smásilungar (*Salmonidae* spp.) í ferskvatnssíkjum. Refir (*Alopex lagopus*) sáust tvisvar: Árið 1996 sáum við ref með grágæsarunga í kjaftinum á leið inn eftir lóninu. Árið 2001 sáum við ref sem virtist reyna að veiða nýfleyga skógarþrastarunga inn undir Keggsi. Greni hafa því hugsanlega verið á athugunarsvæðinu, a.m.k. þessi tvö ár. Mink (*Mustela vison*) sáum við aldrei né slóðir. Hagamúsa (*Apodemus sylvaticus*) varð ekki vart þótt vafalítið sé þær að finna á athugunarsvæðinu.

Niðurlag

Tæplega 50 fuglategundir hafa verið skráðar í Kaldalóni og hefur nær helmingur þeirra orpið. Hinar eru sumar hverjar árvissir og algengir gestir en allmargar tegundir eru fáséðar, einkum ýmsir sjófuglar sem slæðast stundum inn í lónið. Á þeim tíma sem við höfum fylgst með fuglalífi í Kaldalóni (1992-2010) hafa orðið ýmsar breytingar. Jaðrakan nam land en hann er enn að breiðast út á Vestfjörðum (Jón Hallur Jóhannsson & Björk Guðjónsdóttir 1995, Tómas G. Gunnarsson og Böðvar Þórisson 2004). Þá fjölgaði tjaldi verulega og er það í samræmi við það sem gerðist á Ströndum, en þar fjölgaði tjaldi um 36% á árabílinu 1992-2007. (Jón Hallur Jóhannsson & Björk Guðjónsdóttir 2009). Talið er að músarrindli hafi víða fjölgað, en aðeins ein mæling er til úr Kaldalóni (2010) og því ekki unnt að draga af henni ályktanir.

ÞAKKIR.

Indriða Aðalsteinssyni bónda, Skjaldfönn, þökkum við veittar upplýsingar um fuglalíf á þessum slóðum. Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Böðvar Þórisson lásu þessa grein yfir í handriti og færðu margt til betri vegar.

HEIMILDIR

- Arnbór Garðarsson, Agnar Ingólfsson & Ólafur K. Nielsen 1980. Rannsóknir í Öndarfirði og víðar á Vestfjörðum: fuglar og fjörur. – Líffræðistofnun háskólans. Fjölrit nr. 12.
- Guðrún Ása Grímsdóttir 1994. Ystu strandir norðan Djúps. – Árbók Ferðafélags Íslands.
- Lewis, Ernest 1938. In search of the gyrfalcon: an account of a trip to northwest Iceland. – London.

- Jóhann Hjaltason. 1949. Ísafjarðarsýsla. – Árbók Ferðafélags Íslands.
- Jón Hallur Jóhannsson & Björk Guðjónsdóttir 1995. Útbreiðsla varpfugla í Steingrímsfirði og nágrenni. Könnun 1987-1994. – Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 28. 76 bls.
- Jón Hallur Jóhannsson & Björk Guðjónsdóttir 2006. Breytingar á varpútbreiðslu og stofnstærð teistu á Ströndum. – Náttúrufr. 74: 69-80.
- Jón Hallur Jóhannsson & Björk Guðjónsdóttir 2007. Áhrif minks á teistuvarp á Ströndum. – Náttúrufr. 76: 29-36.
- Jón Hallur Jóhannsson & Björk Guðjónsdóttir 2009. Tjaldur á Ströndum. – Bliki 30: 65-69.
- Tómas Grétar Gunnarsson & Böðvar Þórisson 2004. Fjölgun jaðrakans í Öndarfirði og Dýrafirði milli 1979 og 2003. – Bliki 25: 61-65.

SUMMARY

The birdlife of Kaldalón (NW Iceland) in the timespan 1992-2010

Kaldalón ("The Cold Lagoon") is a cove in the Westfjords of Iceland. The terrain is dominated by glacial-activity, moraine- and silt deposits. The foot-hills are vegetated with a belt of birch-shrub *Betula pubescens* and willows *Salix* spp. The lowlands consist mainly of gravel-flats with sparse vegetation.

We visited Kaldalón eleven times from 1992 to 2010 and observed birds for 1-3 days on each occasion. A total of 47 species of birds have been observed in the study-area, of which 23 are confirmed breeding birds (Table 1). The most common terrestrial species was the Meadow Pipit *Anthus pratensis* (123 pairs/km²) followed by the Redwing *Turdus iliacus* (111 pairs/km²) and the Wren *Troglodytes troglodytes* (56 pairs/km²). Of waterfowl the Greylag *Anser anser*, was the most common species followed by the Mallard *Anas platyrhynchos*. Of waders, Ringed Plover *Charadrius hiaticula*, Dunlin *Calidris alpina* and Snipe *Gallinago gallinago*, were all with 10 breeding-pairs or more.

Of other animal life, Bumble Bee *Bombus* spp. were common and Wasps *Dolichovespula norvegica* in the latest years. Sticklebacks *Gasterosteus aculeatus* were found in pools and Trout *Salmonidae* spp. in streams. We spotted Arctic Fox *Alopex lagopus* twice, but neither Mink *Mustela vison* nor Field Mouse *Apodemus sylvaticus* were seen, yet both species are regarded to inhabit the area.

Jón Hallur Jóhannsson, Lágholtsvegi 4, 107 Reykjavík.
Björk Guðjónsdóttir, Lágholtsvegi 4, 107 Reykjavík.

Tilvitnun:

Jón Hallur Jóhannsson & Björk Guðjónsdóttir 2011. Um fuglalíf í Kaldalóni. – Bliki 31: 67-72.



Taktu þátt í Fuglavernd

Af hverju var Fuglavernd stofnað?

Fuglavernd var stofnað árið 1963 af áhugamönnum um vernd hafnarins. Með markvissu starfi tókst að bjarga erninum frá útrýmingu en við stofnun félagsins var hafnarstofninn um 20 pör. Fuglavernd beitti sér m.a. fyrir banni við útburði eiturs fyrir refi sem hafði höggvið stór skörð í arnarstofninn. Endurkoma arnarins hefur verið hægfara ferli en í dag eru yfir 60 varppör á landinu. Enn eiga ernir sums staðar erfitt uppdráttar í sambýli við manninn og nokkrum gömlum varpstöðum þeirra hefur verið raskað vegna framkvæmda.

Hvað gerir Fuglavernd?

Fuglar byggja tilveru sína á því að geta aflað sér fæðu, ásamt því að hafa hentuga staði til hvíldar og varps. Mörg þeirra svæða sem fuglar byggja afkomu sína á eru í hættu vegna athafna mannsins. Fuglavernd vinnur að því að fuglar og búsvæði þeirra skaðist sem minnst vegna framkvæmda. Fuglavernd er aðili að BirdLife International, sem eru samtök fuglaverndarfélaganna um allan heim.

Með þínum stuðningi:

Starfar Fuglavernd að vernd fuglategunda sem eru í útrýmingarhættu á Íslandi

Kemur á fót friðlöndum fyrir fugla

Vinnur að fræðslu um fugla og búsvæði þeirra á meðal fólks

Vinnur að skráningu, upplýsingasöfnun og verndun mikilvægra fuglasvæða á Íslandi (IBA skrá)

Hvetur stjórnvöld, sveitarstjórnir og framkvæmdaaðila til þess að hafa náttúruvernd að leiðarljósi við skipulagningu og framkvæmdir

Þinn hagur að aðild

Ásamt því að búa í haginn fyrir fugla með því að tryggja þeim betri framtíð færð þú:

Áskrift að tímaritinu FUGLAR sem er einungis dreift til félaga í Fuglavernd

Kost á að sækja fyrirlestra og myndasýningar á vegum félagsins án endurgjalds

Möguleika á að starfa með sjálfbodaliðum að skemmtilegum og lifandi málefnum í starfshópum á vegum Fuglaverndar Þá styður þú fugla- og náttúruvernd

Gerist félagar á vefnum
www.fuglavernd.is

Fuglavernd

Skúlatúni 6 - 105 Reykjavík - s. 562 0477



EFNI

Arnbór Garðarsson, Guðmundur A. Guðmundsson & Kristján Lilliendahl: Fýlabyggðir fyrr og nú	1
Aðalsteinn Örn Snæþórsson: Saga og útbreiðsla fýls í Jökulsárgljúfrum	11
Erpur Snær Hansen, Marinó Sigursteinsson & Arnbór Garðarsson: Lundatal Vestmannaeyja	15
Jón Einar Jónsson: Brandendur í Borgarfirði 2007 og 2008	25
Porkell Lindberg Þórarinnsson, Ævar Petersen, Árni Einarsson, Halldór W. Stefánsson, Yann Kolbeinsson, Róbert A. Stefánsson, Böðvar Þórisson & Þórdís V. Bragadóttir: Dreifing og fjöldi flógoða á Íslandi 2004-2005	31
Yann Kolbeinsson: Staða íslenska þórshanastofnsins	36
Gunnlaugur Þráinsson, Gunnlaugur Pétursson & Yann Kolbeinsson: Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2007	41
Richard White: Bakkatíta í Grímsey	65
Jón Hallur Jóhannsson & Björk Guðjónsdóttir: Um fuglalíf í Kaldalóni	67

CONTENTS

Arnbór Garðarsson, Guðmundur A. Guðmundsson & Kristján Lilliendahl: Numbers of Northern Fulmar <i>Fulmarus glacialis</i> in Iceland: notes on early records, and changes between 1983-86 and 2005-09	1
Aðalsteinn Örn Snæþórsson: Population trends of Fulmars in Jökulsárgljúfur	11
Erpur Snær Hansen, Marinó Sigursteinsson & Arnbór Garðarsson: The breeding population size of Atlantic Puffin in Vestmannaeyjar, S-Iceland	15
Jón Einar Jónsson: Common Shelduck in Andakílsárós, W-Iceland, 2007-2008	25
Porkell Lindberg Þórarinnsson, Ævar Petersen, Árni Einarsson, Halldór W. Stefánsson, Yann Kolbeinsson, Róbert A. Stefánsson, Böðvar Þórisson & Þórdís V. Bragadóttir: Population size and distribution of the Horned Grebe in Iceland 2004-2005	31
Yann Kolbeinsson: A new estimate of the Icelandic Red Phalarope population	36
Gunnlaugur Þráinsson, Gunnlaugur Pétursson & Yann Kolbeinsson: Rare birds in Iceland in 2007	41
Richard White: The first record of Temminck's Stint in Iceland	65
Jón Hallur Jóhannsson & Björk Guðjónsdóttir: The birdlife of Kaldalón (NW-Iceland) in the timespan 1992-2010	67